FRÉTTABLAÐIÐ

302. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 22. DESEMBER 2018

Berjast fyrir sínu

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir alþingismaður, Bára Halldórsdóttir aktívisti og Magga Stína tónlistarkona settust á rökstóla og gerðu upp árið. Þótt þær séu ólíkar þá eiga þær það sameiginlegt að berjast af krafti fyrir því sem þær trúa á. → 30

Ég hef lent á vegg, en ég hef líka ástríðu fyrir því sem ég er að gera.
Áslaug Arna

Ég hef þá tilfinningu að þingmennirnir haldi áfram.
Bára Halldórsdóttir

Nú er ég orðin fimmtíu ára og hef alið upp þrjú börn mestmegnis á leigumarkaði.
Magga Stína

Náði bata og þjálfar í Katar

Bjarki Már Ólafsson þurfti að gefa leikmannsferilinn upp á bátinn í kjölfar veikinda en hefur náð bata og er nú í þjálfarateymi Heimis. → 30

Hjartavandamálin og aðgerðin sem á eftir fylgdi reyndu verulega á.

Veður



Hæg breytileg átt og skýjað með köflum eða bjartviðri. Skýjað vestan til á landinu undir kvöld og stöku él. Hiti víða kringum frostmark en frost allt að 8 stig inn til landsins, einkum norðan til. Hlýjast suðaustan til.
SJÁ SÍÐU 46

Minntust þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi

Hin árlega vetrarsólstöðuganga Píeta, forvarnarsamtaka gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða, fór fram í gærkvöld. Gangan er farin til að minnast þeirra sem hafa stytt sér aldur, er kærleiksstund fyrir þá sem misst hafa ástvini og fyrir alla sem glíma við sjálfsvígs- og sjálfsskaðahugsanir. Frú Eliza Reid, verndari samtakanna, gekk í broddi fylkingar á undan fjölmennum hópi einstaklinga frá Klettagörðum að Skarfakletti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vaðlaheiðargöng eru jólagjöfin í ár

SAMGÖNGUR Opnað var fyrir umferð um Vaðlaheiðargöng í gær. Síðustu sólarhringa hefur verið unnið að lokafrágangi svo hægt yrði að opna göngin fyrir jól og í gær lauk öryggisprófunum.

Formleg gjaldtaka hefst í göngin þann 2. janúar, en þangað til verða þau öllum opin án endurgjalds. Greint var frá því í gær á vef Fréttablaðsins að nú þegar hefðu ferðir fyrir fimm til sex milljónir verið seldar og að um fimm hundruð manns hafa skráð sig og bíla sína inn á vef Vaðlaheiðarganga.

Í tilkynningu segir að lokum að það sé „Vaðlaheiðargöngum hf. afskaplega gleðilegt að geta gefið Norðlendingum og landsmönnum öllum þá jólagjöf að geta nú loksins ekið í gegnum göngin.“ – la

Sólveig Anna Jónsdóttir er formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sáttasemjari boðar á fund

KJARAMÁL „Það er nóg að annar aðili vísi málinu til ríkissáttasemjara og um leið og það er búið ber mér að boða aðila til fundar hið fyrsta. Ég ákvað að freista þess að sjá hvort deiluaðilar gætu komið á fyrsta fund milli jóla og nýárs sem gekk eftir. Fyrsti fundurinn verður haldinn 28. desember,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari.

Efling, VR og Verkalýðsfélag Akraness vísuðu kjaradeilu sinni við Samtök atvinnulífsins formlega til ríkissáttasemjara í gær. Í sameiginlegri tilkynningu formanna verkalýðsfélaganna þriggja segir að viðræður síðustu vikna hafi verið árangurslausar.

Bryndís segir að á fyrsta fundi deiluaðila verði staðan á deilunni tekin og hún muni kalla eftir öllum gögnum og fara yfir hvernig viðræður hafi gengið hingað til. „Svo þarf að setja niður fundaplan, hvenær við treystum okkur til að hittast og fara yfir sáttatilraunir.“ – sar

Útflutningur íslenskra netverslana að aukast

Á sama tíma og jólakortum sem send eru með pósti fækkar eykst fjöldi pakkasendinga til og frá landinu fyrir jólin. Sölu- og markaðsstjóri DHL segir mikla aukningu hafa orðið í útflutningi íslenskra netverslana á erlenda markaði.

VERSLUN „Við erum að upplifa metaukningu í hraðsendingum til og frá landinu núna í nóvember og desember sem eru stærstu mánuðir ársins,“ segir Björn Viðar Ásbjörnsson, sölu- og markaðsstjóri DHL á Íslandi.

Pósturinn finnur líka fyrir aukningu og samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu hafa pakkasendingar utan- og innanlands aukist um tíu prósent milli ára núna fyrir jólin. Hins vegar fækkar jólakortum enn milli ára en samkvæmt könnun MMR sem birtist í vikunni sendir aðeins tæpur þriðjungur landsmanna jólakort með bréfpósti.

Á sama tíma hefur netverslun aukist. Björn Viðar segir að þar hafi innflutningur frá Kína aukist gríðarlega síðustu ár. „Þar erum við að sjá aukningu um tugi prósenta á hverju ári. Það sem gleymist þó oft í umræðunni og er mun athyglisverðara og meira spennandi er að útflutningur hjá íslenskum netverslunum hefur einnig aukist um tugi prósenta á hverju ári síðustu ár.“

Hann segir aukninguna vísbendingu um það hversu eftirsóttar íslenskar vörur séu erlendis.

„Stærstu netverslunum landsins hefur á síðustu árum með góðu samstarfi við okkur tekist að standa af sér harðnandi samkeppni við erlendar netverslanir.“

Björn Viðar segir að mesta aukningin á sendingum sé til Bandaríkjanna, Bretlands og Þýskalands.

„Þar er áhugi á íslenskum vörum gríðarlegur og við erum að sjá tuga prósenta aukningu í hraðsendingum íslenskra netverslana til yfir tíu landa á þessu ári. Aukning til Kína er líka áberandi þannig að við erum ekki bara að upplifa aukningu í sendingum frá Kína.“ Gríðarleg tækifæri séu til sóknar á þeim stóra markaði.

Björn Viðar segir íslenskar vörur eftirsóttar víða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við erum að upplifa metaukningu í hraðsendingum til og frá landinu.**
> Björn Viðar Ásbjörnsson, sölu- og markaðsstjóri DHL á Íslandi

Þar sem Ísland sé eyja langt frá alþjóðamörkuðum skipti hraði sendinga og gæði þjónustunnar miklu máli. Með rafrænum lausnum sé hægt að flýta ferlinu og hægt sé að afhenda vöru næsta virka dag á helstu markaðssvæðum Evrópu en tveimur til þremur dögum seinna utan Evrópu.

„Með því að bjóða þennan hraða í afhendingartíma og samkeppnishæf verð er DHL að takmarka mögulegar hindranir íslenskra netverslana inn á alþjóðamarkaði og þegar boðið er upp á eftirsótta vöru eins og flestar íslenskar vörur eru í dag þá eru endalaus tækifæri fyrir íslenskar netverslanir að stækka viðskiptavinahóp sinn.“

Björn Viðar segir að þær íslensku netverslanir sem stækkað hafi mest á undanförnum árum hafi lagt mikla áherslu á að gera upplifun viðskiptavina á heimasíðunni einfalda og þægilega. Þá hafi þær fjárfest í markaðssetningu á netinu og leitarvélabestun.

„Ef fyrirtæki leggja áherslu á þessi atriði ásamt því að bjóða upp á eftirsótta vöru eru þau mun líklegri til að ná árangri á netinu.“

sighvatur@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
22:00
í Skútuvogi
Sjá nánar husa.is

Jóla ÚTSALA

Í FULLUM GANGI

50%

afsláttur

Allt jólaskraut*
50% afsláttur

Allar seríur og jólaljós
20-50% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana. *Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum af blómaverkstæði

Pottar, pönnur og eldhúsáhöld
20% afsláttur

Jóla gjafa markaður

Smáraftæki
20-30% afsláttur

Rafmagnsverkfæri
20-30% afsláttur

Öll jólatré
20% afsláttur

Normannsþinur • Stafafura
Rauðgreni • Gervijólatré

TÖLUR VIKUNNAR 16.12.2018 TIL 22.12.2018

3 til 5
þúsund manns búa í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu öllu. Slökkviliðsstjórinn segir að fjöldinn sem býr í ólöglegu húsnæði í Hafnarfirði geti verið um ellefu hundruð manns.

19%
af þeim sem afstöðu tóku í könnun Zenter rannsókna fyrir Fréttablaðið segjast finna fyrir kvíða í tengslum við jólahátíðina. Áttatíu og eitt prósent segist ekki finna fyrir jólakvíða.

622
einstaklingar bíða þess nú að leggjast inn á Vog í áfengis- og vímuefnameðferð.

23,3
klukkustundir að jafnaði þurfa sjúklingar sem bíða innlagnar að vistast á bráðamóttöku Landspítala. Fyrir ári var biðin á bráðamóttökunni 16,6 klukkustundir. Dæmi eru um að biðin hafi orðið 66 klukkustundir.

16
milljörðum meira eyddu Íslendingar í fyrra í jólavertíðinni, frá síðari hluta nóvember til jóla, samanborið við aðra mánuði ársins. Það nemur tæpum 50 þúsundum króna á hvert mannsbarn.

Þrjú í fréttum
Braggi, þakkir og guðspjall

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

sagði að skýrsla Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar væri áfellisdómur um hvernig staðið var að framkvæmdum við Nauthólsveg 100, þar sem bragginn umtalaði var meðal annars gerður upp.

Lilja Alfreðsdóttir
menntamálaráðherra

þakkaði þjóðinni fyrir sterk viðbrögð við lýsingu hennar á áhrifunum sem umræðan á Klaustri bar hafði á hana. Þjóðin hafi látið það skýrt í ljós að hún líði ekki svona tal um náungann.

Benedikt Erlingsson
leikstjóri

sagði jólaerindi Guðna A. Jóhannessonar orkumálastjóra jólaguðspjall sem væri messu virði. Hluti erindisins ber titilinn „Fólk sem hatar rafmagn“ en þar gerir Guðni kvikmynd Benedikts, Kona fer í stríð, að umtalsefni.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Segir sveitarfélagið ætla að taka ævistarf afa síns eignarnámi

Landsréttur klofnaði í afstöðu sinni til eignarnámsins. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson dómari vildi gera sveitarfélagið afturreka með eignarnámið þar sem krafan væri of víðfeðm. Núverandi eigendur að fasteignum á jörðinni telja málið sérstakt.

Hópmynd af fjölskyldunni á Kleifum.



Yfirlitsmynd af Blönduósi, sjúkrahúsinu þar og húsunum á Kleifum.

DÓMSTÓLAR Áslaug Thorlacius myndlistarmaður og fjölskylda hennar töpuðu máli gegn Blönduósbæ sem vill rifta lóðaleigusamningum við fjölskylduna og taka jörð þeirra eignarnámi. Fjölskyldan íhugar að óska eftir því við Hæstarétt að málið fái efnislega afgreiðslu fyrir Hæstarétti og telur bæinn ekki vera í rétti til að taka af þeim jörðina.

Fjölskyldan og sveitarfélagið deila um jörðina Kleifar sem liggur að Blöndu sunnan við sjúkrahúsið á Blönduósi. Erfðafestuleigusamningur var gerður árið 1932 og byggingarbréf var samþykkt árið 1951. Byggingarbréfið er um 12 hektara jarðarinnar en jörðin í heild sinni er um 18 hektarar.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, dómari við Landsrétt, skilaði sératkvæði og taldi fjölskylduna vera í rétti í málinu. Vilhjálmur gagnrýnir í sératkvæði sínu að aðeins skuli vera talað um 12 hektara en jörðin sé sannarlega 18,1 hektari. Telur hann sveitarfélagið „ekki [hafa] sýnt fram á að hann eigi nein þau réttindi yfir þeim hluta lands jarðarinnar, sem erfðaleigusamningarnir ná yfir“.

„Forsagan er sú að það er ágreiningur um eignarhald og ábúendur vildu ekki taka tilboði bæjarins um afmarkaða lóð fyrir eignir en bærinn á óumdeilt jörðina. Þetta er leigujörð,“ segir Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri á Blönduósi. „Þá var þetta eina leiðin að taka jörðina eignarnámi með eðlilegum bótum fyrir eignir. En þar á undan var búið að bjóða upp á að ábúendur fengju að halda húsum og fengju afmarkaða lóð út á það. og bærinn myndi síðan ráðstafa restinni af jörðinni undir framtíðar byggingarland.“

Hafi rökin verið sú að ekki hafi verið búið á jörðinni og enginn búskapur rekinn, telur Vilhjálmur það ekki vera nægilega sterk rök. „Þegar [sveitarfélagið] rifti byggingarbréfinu 22. desember 2009 voru liðin 15 ár frá því búskap lauk að Kleifum vegna riðuveiki sem upp kom á jörðinni. Fyrr en árið 2009 hafði stefndi aldrei gert neinar athugasemdir um vöntun á búskap eða stopula búsetu á jörðinni,“ segir í séráliti Vilhjálms.

Áslaug Thorlacius og maður hennar, Finnur Arnar Arnarson, fengu menningarverðlaun DV í fyrra vegna menningarlífs á Kleifum og var stefnan sú að halda áfram á þeirri braut.

„Okkur þykir þetta afar leiðinlegt því hér er um ævistarf afa míns að ræða sem verður tekið af okkur. Við munum nú senda bréf til Hæstaréttar um að fá málið tekið fyrir þar. Vonandi næst það,“ segir Áslaug.

sveinn@frettabladid.is

Skiptastjóri vill rifta viðskiptum Karls

DÓMSMÁL Skiptastjóri þrotabús Karls Wernerssonar hefur höfðað nokkur mál til riftunar á viðskiptagjörningum þrotamannsins. Meðal eigna sem eru undir er Lyf og heilsa.

Á árunum fyrir hrun var Karl, ásamt Steingrími bróður sínum, einn umsvifamesti fjárfestir landsins í gegnum félagið Milestone. Félagið átti meðal annars apótekakeðjuna Lyf og heilsu. Áður en efnahagskerfið hrundi var eignarhald Lyfja og heilsu fært til Karls.

28. apríl 2016 var Karl dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti en degi síðar var félaginu Toska ehf. afsalað til Jóns Hilmars Karlssonar, sonar sakfellda, en Toska er eigandi apótekanna í gegnum félögin Faxa ehf. og Faxar ehf. Skiptastjórinn hefur meðal annars höfðað riftunarmál vegna þessara viðskipta. Þá var Karl, eða þrotabú hans, dæmt til að greiða þrotabúi Milestone 5,6 milljarða króna.

Álitamál hafa risið upp vega skipta á þrotabúinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá hefur einnig verið höfðað mál gegn áðurnefndu Faxa ehf. en það keypti félögin Feta ehf. og Vátt ehf. sem bæði voru í eigu Karls. Samanlagt kaupverð var tvær krónur eða ein króna á hvort félag um sig. Þá var 1.100 fermetra íbúðarhús Karls á Ítalíu einnig fært inn í Faxa ehf. og hewfur riftunarmál einnig verið höfðað vegna þess. – jóe

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

Öll **jólavara** og **jólaljós**
20-70%
afsláttur

JÓLAGJAFIRNAR
FÁST Í RÚMFATALAGERNUM

OPIÐ TIL KL. 22:00
Í ÖLLUM BÚÐUM FRAM TIL JÓLA

Allir **koddar** og **heilsukoddar**
20-40%
afsláttur

Öll **rúm,** **dýnur og yfirdýnur**
20-40%
afsláttur

Allar **sængur**
20-40%
afsláttur

Allir **stólar**
20-30%
afsláttur

Öll **handklæði**
25%
afsláttur

Öll **lök** og **sængurverasett**
20-40%
afsláttur

Falsanir kosta Strætó hátt í 200 milljónir

Eftirlitsmenn hafa verið sýnilegir í strætisvögnum undanfarið. Ástæðan eru tíðar falsanir á strætókortum. Tap er talið nema allt að 200 milljónum króna. Framkvæmdastjórinn biðlar til fólks að kaupa kortin á miðasölustöðum og kallar eftir sérstökum viðurlögum.

SAMGÖNGUR „Það er grátlegt að vita af því að það sé fólk sem svindlar á sameiginlegri þjónustu sem greidd er af skattfé," segir Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó. Fölsuð strætókort hafa verið áberandi í strætisvögnum að undanförnu og hefur félagið brugðið á það ráð að senda eftirlitsmenn í vagnana til þess að sannreyna kortin.

Aðgerðir Strætó hófust í síðustu viku eftir að karlmaður, sem var að koma með flugi frá Varsjá í Póllandi til Íslands, var stöðvaður í tollinum með fimmtíu fölsuð strætókort í fórum sínum. Tveir hafa verið gripnir síðan þá.

„Við erum búin að góma tvo en við komumst ekki að þessu fyrr en í síðustu viku þegar lögreglan stoppaði þennan aðila í flugstöðinni. Við vissum því ekkert hvernig þetta leit út fyrr en þá, og erum nýbyrjuð í þessum aðgerðum," segir Jóhannes.

Umrædd kort eru almennt níu mánaða kort sem kosta 63 þúsund krónur á miðasölustöðum Strætó. Hin fölsuðu kort eru að seljast á um 16 til 20 þúsund krónur. „Þetta er mjög líkt og maður áttar sig ekki á muninum á kortunum nema taka aðeins í þau. Þau eru þynnri og pappírinn annar," segir hann og bætir við að vagnstjórar séu allir meðvitaðir um muninn á þessum kortum.

> **Það er grátlegt að vita af því að það sé fólk sem svindlar á sameiginlegri þjónustu.**
>
> Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó

Jóhannes segir að grípa þurfi til aðgerða. Hann vill sama fyrirkomulag og tíðkast erlendis þar sem fólk er sektað fyrir að svindla sér í vagna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðspurður segir Jóhannes falsanir ekki óalgengar. Félagið verði af tugum, jafnvel hundruðum milljóna króna vegna þeirra. „Það er rosalega erfitt að segja hvert umfangið er en það getur verið um 200 milljónir á ári. Við byggjum það á tölum sem koma að utan."

Jóhannes kallar eftir viðurlögum vegna tíðra falsana. „Við höfum rætt það nokkrum sinnum þegar við höfum komið fyrir umhverfis- og samgöngunefnd, og reynt að koma á sama fyrirkomulagi og tíðkast erlendis, þar sem fólk er sektað fyrir að svindla sér inn í vagnana," segir hann. Núna hins vegar hafi félagið hug á að breyta greiðslufyrirkomulaginu til þess að sporna við slíkum brotum. „Við erum að undirbúa það að taka upp rafrænt greiðslukerfi og fá heimild til að bjóða það út á næsta ári," segir hann.

„Annars höfða ég bara til samvisku fólks um að skipta við rétta söluaðila og kaupa kort á réttu verði. Við byggjum á því að farþegar skili sínu því þannig getum við bætt leiðakerfi okkar." **sunnak@365.is**

Vagnstjórar fylgjast betur með strætókortum farþega. Falsað strætókort er hægra megin.

Kortin eru keimlík. Fölsuðu kortin eru úr annars konar pappír og þynnri.

Klára árið með jólagjöf og rjúfa 50 milljóna múr

SAMFÉLAG Hollvinir sjúkrahússins á Akureyri munu á morgun afhenda barnadeild sjúkrahússins 12 fullkomin rúm á deildina og með því endurnýja öll rúm deildarinnar. Þar með hafa Hollvinir veitt sjúkrahúsinu gjafir fyrir 50 fimmtíu milljónir króna á árinu.

„Þetta er afar ánægjulegur áfangi að ná að gefa lækningatæki og búnað á sjúkrahúsið og rjúfa fimmtíu milljóna króna múrinn," segir Jóhannes Gunnar Bjarnason, formaður Hollvina sjúkrahússins. „Þessar gjafir koma líka að góðum notum fyrir sjúkrahúsið."

Hollvinir sjúkrahússins hafa um nokkurra ára skeið verið mjög duglegir við að endurnýja tæki á sjúkrahúsinu sem og að kaupa inn og gefa ný tæki sem koma sér vel. „Við teljum líka að sum af þessum fullkomnu tækjum sem við höfum verið að kaupa séu líka til að tryggja að sérfræðingar vilji koma og starfa við sjúkrahúsið. Við höfum verið að kaupa inn í gegnum tíðina fullkomnustu tækin sem hægt er að kaupa," bætir Jóhannes við.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Félagar í hollvinasamtökunum eru fjölmargir og greiða þeir árgjald til samtakanna. Mikið til eru það einstaklingar sem koma að því að safna fyrir tækjum en einnig hafa fyrirtæki stutt við starfsemina með fjárframlögum. „Þetta eru mestmegnis einstaklingar sem á einhvern hátt standa í þakkarskuld við sjúkrahúsið sem vilja gefa fjármagn. Til að mynda hringdi í mig öldruð kona sem vildi minnast mannsins síns sem þurfti á sinni ævi að liggja lengi á sjúkrahúsinu. Þar kom inn afar rausnarlegt framlag," segir Jóhannes.

Jóhannes Gunnar Bjarnason.

Sjálfur segist hann standa í ævarandi skuld við stofnunina og segir það afar gaman að geta hjálpað til. „Einnig hafa yfirlæknar hringt í mig og sagt að tækin okkar hafi bjargað mannslífum. Til að mynda hefur fullkomin barnagjörgæsla fyrir nýbura bjargað börnum. Það er ekki hægt að biðja um meira en að bjarga lífi barna. Það er það sem drífur okkur áfram," bætir Jóhannes við. **sveinn@frettabladid.is**

Gleðilega hátíð
Troðfull verslun
af merkjavöru
40-
60%
afsláttur af öllum vörum
Opið í dag
og á morgun
Þorláksmessu
frá kl. 11.00
til 22.00
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO
ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra fataminn
outlet
líka fyrir konur
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Opnunartímar Kirkjugarða Reykjavíkur um jólin

Á aðventunni, um jól og áramót eru Fossvogskirkjugarður, Gufuneskirkjugarður, Kópavogskirkjugarður og Hólavallagarður opnir allan sólarhringinn nema **Fossvogskirkjugarður er lokaður fyrir allri bílaumferð á aðfangadag milli kl 11:00 og 14:00 vegna mikils fjölda gangandi og slysahættu.**

Þeir sem ekki geta vitjað leiða ástvina sinna nema koma akandi er bent á að koma annað hvort fyrir eða eftir tilgreindan lokunartíma.

Ökumönnum er bent á bílastæði við Fossvogskirkju, Suðurhlíð og Vesturhlíð.

Á Þorláksmessu og aðfangadag er hringakstur í Gufuneskirkjugarði með aðkomu eingöngu frá Hallsvegi og farið er út norðan megin inn á Borgaveg eins og verið hefur.

Símavarsla verður á skrifstofu Kirkjugarðanna á aðfangadag frá kl. 08:00 - 12:00 í síma 585 2700 fyrir þá sem þurfa að leita upplýsinga og aðstoðar.

Hjálparstarf kirkjunnar verður ekki með kertasölu í gröfunum eins og verið hefur undanfarin ár.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **www.gardur.is**

Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

www.kirkjugardar.is

hagar

Hluthafafundur Haga hf. 18. janúar 2019

Hluthafafundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn föstudaginn 18. janúar 2019 og hefst hann kl.09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning stjórnar félagsins
2. Önnur mál

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar föstudaginn 11. janúar nk. Hluthöfum er bent á að óski þeir eftir að fá mál sett á dagskrá eða leggja fram ályktunartillögur á fundinum þarf að beina því skriflega og í endanlegu formi til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund (þriðjudaginn 8. janúar nk.) á netfangið *hluthafafundur@hagar.is*, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 86. gr. hlutafélagalaga, sbr. lög nr. 2/1995. Þeim sem gefa vilja kost á sér til setu í stjórn Haga hf. er bent á að tilkynna það skriflega til tilnefningarnefndar Haga eigi síðar en kl. 16:00 þann 4. janúar 2019, á netfangið *tilnefningarnefnd@hagar.is*. Tillögur tilnefningarnefndar um frambjóðendur til stjórnar verða tilkynntar þann 11.janúar nk.

Ítarlegri upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins, *http://www.hagar.is/fjarfestaupplysingar/hluthafafundir/*

Stjórn félagsins vill árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga eða annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.

Vissir þú að...

börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Skógræktarmenn óttast sóðaskap við Hvaleyrarvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Forræðishyggja á gamlárskvöld

Annar fulltrúanna í umhverfisráði Hafnarfjarðar sem var andvígur því að loka Hvaleyrarvatni til að hindra þar áramótagleðskap segir spurningu hversu langt eigi að ganga í forræðishyggju. Formaður ráðsins segir nær að bærinn þrífi eftir hópinn.

HAFNARFJÖRÐUR „Ef einhverjir hafa áhuga á að fara út fyrir bæinn og vera úti í náttúrunni að skjóta upp þá á bærinn að reyna að þjónusta þann hóp frekar en að banna," segir Helga Ingólfsdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar.

Helga er annar tveggja fulltrúa sem greiddu atkvæði á móti þegar umhverfisráðið samþykkti beiðni Skógræktarfélags Hafnarfjarðar um að loka veginum að Hvaleyrarvatni á gamlárskvöld og á þrettándanum. Skógræktarfélagsmenn segja vaxandi hópamyndun við vatnið á þessum tímamótum með slæmri umgengni og mögulegri eldhættu eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

„Sums staðar myndast hópar til þess að skjóta upp og það er rusl víða í bænum eftir ákveðna hópa. Ef íbúar vilja skjóta upp við Hvaleyrarvatn er spurning hvort við ættum ekki að þrífa upp eftir það frekar en að loka," segir Helga.

Friðþjófur Helgi Karlsson, fulltrúi Samfylkingar, var hinn fulltrúinn í umhverfisráði sem var á móti banninu. Helga tilheyrir meirihluta Sjálfstæðisflokks Málið var því ekki afgreitt eftir því hverjir tilheyra minnihluta eða meirihluta í bæjarstjórn.

Friþjófur segir spurninguna vera þá hvort ekki ætti að loka á fleiri stöðum. „Hvað með Hamarinn þar sem er skotið upp? Fólk safnast saman á þessum tímamótum og fer bara þangað sem það vill. Það er alltaf spurning hvað við eigum að ganga langt í svona – sem er kannski forræðishyggja að einhverju leyti; hvar endar það? Hvar lokum við næst?"

Í beiðni Skógræktarfélags Hafnarfjarðar var óskað eftir mun víðtækari lokun heldur en umhverfisráðið síðan samþykkti. „Við ætlum hér með að óska eftir því að Hvaleyrarvatnsvegi verði lokað milli jóla og nýárs og eitthvað fram í janúar vegna óláta og sóðaskapar sem hefur verið viðloðandi og farið vaxandi á síðastliðnum árum," sagði í erindi framkvæmdastjóra félagsins.

> **Ef íbúar vilja skjóta upp við Hvaleyrarvatn er spurning hvort við ættum ekki að þrífa upp eftir það frekar en að loka.**
>
> Helga Ingólfsdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar

Kvaðst framkvæmdastjórinn þegar hafa haft samband við lögregluna sem sýnt hafi málinu skilning en bent á bæinn. „Það virðist færast í vöxt að ungmenni fjölmenni að Hvaleyrarvatni til að skjóta upp flugeldum og tertum. Einnig hefur verið safnað drasli í bálkesti og kveikt í. Af þessu hefur skapast mikill sóðaskapur ásamt eld- og slysahættu," útskýrði framkvæmdastjórinn.

Eins og Friðjón telur Helga eldhættu ekki til staðar á þessum árstíma. Umgengnin hafi vissulega ekki verið góð en það hafi verið á grunni jafnræðisreglu sem hún greiddi atkvæði gegn beiðninni. Fólk eigi að geta farið um þar sem því sýnist. Hún virði hins vegar lýðræðislega niðurstöðu í ráðinu.

„Það sem varð ofan á er sjónarmið þeirra sem eru að sinna því ákaflega mikilvæga starfi að vernda þessa náttúruperlu sem svæðið í kring um Hvaleyrarvatn er," segir formaðurinn. **gar@frettabladid.is**

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

Meira sælkera

MINNA SALT

TILBÚIÐ TIL SOUS VIDE ELDUNAR
SOUS VIDE

Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

Bornier Sinnep

Margverðlaunað sinnep frá Frakklandi

Hagkaups gljáar

Fyrir kartöflur og hamborgarhrygg

Ferskur ananas

Sætur og safaríkur

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

Íhuga að flytja rusl utan því að Sorpa lokar á úrgang af Suðurlandi

SUÐURLAND „Nú er samstaða bæjarbúa á þessu sviði óumflýjanleg enda höfum við ekki lengur aðgang að öruggum urðunarstað," segir bæjarráð Hveragerðis.

Sorpa hefur tilkynnt að frá og með 1. janúar næstkomandi verði lokað fyrir móttöku sorps til urðunar frá sveitarfélögum á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands. Þetta kemur fram í bókun bæjarráðs Hveragerðis sem óskaði eftir því að stjórn Sorpstöðvar Suðurlands boðaði tafarlaust til fundar með sveitarstjórnum á svæðinu til að skýra stöðuna og kynna næstu skref.

„Einn af þeim möguleikum sem

> **Nú er samstaða bæjarbúa á þessu sviði óumflýjanleg enda höfum við ekki lengur aðgang að öruggum urðunarstað.**
>
> Bæjarráð Hveragerðis

Hveragerðisbær hefur skoðað er útflutningur á sorpi Hvergerðinga til brennslu erlendis," segir bæjarráðið. „Verði það reyndin er mikilvægt að allt endurnýtanlegt og

Sorpa mun hætta að urða úrgang af Suðurlandi á Álfsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

endurvinnanlegt hráefni náist úr því sorpi sem senda þarf erlendis."

Í ljósi stöðunnar var ákveðið að útbúa þyrfti kynningarefni til að ítreka mikilvægi flokkunar í Hveragerði.

„Því nú er ljóst að taka verður risavaxið skref í átt að frekari flokkun þar sem urðunarstaður fyrir Sunnlendinga er ekki fyrir hendi," segir í bókun bæjarráðsins. „Leggja ber alla áherslu á að ná lífrænum efnum úr almennu sorpi. Gleri verði skilyrðislaust skilað á gámasvæði og efni hvers konar, ónýtt sem nýtanlegt, fari skilyrðislaust í endurvinnslufarvegi." – **gar**

Samþykkti beiðni fimm sveitarfélaga

DÓMSMÁL Hæstiréttur féllst í gær á að veita áfrýjunarleyfi til fimm sveitarfélaga sem stefndu ríkinu vegna skerðinga á úthlutunum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ríkið var sýknað af kröfum þeirra bæði í héraði og Landsrétti.

Málið varðar lagabreytingu frá árinu 2012 sem felldi niður úthlutanir úr sjóðnum til sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur af útsvari og fasteignagjöldum eru „verulega umfram landsmeðaltal". Viðmiðunarmörk voru ákveðin í reglugerð. Telja sveitarfélögin fimm að í því hafi falist of víðtækt framsal lagasetningarvalds.

Um er að ræða sveitarfélögin Fljótsdalshérað, Ásahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Krafa þeirra tekur til áranna 2013-2016 og hljóðar upp á tæpar 700 milljónir auk vaxta. Í málskotsákvörðun sinni segir Hæstiréttur að málið geti haft verulegt almennt gildi og var beiðnin því tekin til greina. – **jóe**

Fleiri handtökur í Marokkó

MAROKKÓ Níu til viðbótar hafa verið handtekin í Marokkó í tengslum við rannsókn á morði á tveimur norrænum háskólanemum. Frá þessu greindu yfirvöld í Marokkó í gær. Áður höfðu fjórir verið handteknir. Myndband fannst sem sýnir fjórmenningana lýsa yfir hollustu við hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki.

Fórnarlömbin, hin danska Louisa Vesterager Jespersen og hin norska Maren Ueland, voru á ferðalagi í Marokkó. Þær fundust í Atlasfjöllum á mánudag skornar á háls.

Alríkislögreglan sagði að í áhlaupi á húsakynni þeirra níu sem nú hafa verið handtekin hafi fundist ólöglegt skotvopn, rýtingar og efni til sprengjugerðar.

Í Marokkó, Noregi og Danmörku er nú unnið hörðum höndum að því að staðfesta hvort annað myndband, sem á að sýna morðið og hefur verið í dreifingu, sé ófalsað. Norðmenn sögðu í gær að enn sem komið er hefði ekkert komið fram sem gæfi tilefni til efasemda. – **þea**

Lokun alríkisstjórnarinnar vofði yfir í Bandaríkjunum

Engan sáttatón mátti greina hjá Demókrötum og Donald Trump forseta í gær. Tekist er á um fjármögnun fyrirhugaðs landamæraveggjar. Öldungadeildin átti eftir að greiða atkvæði þegar Fréttablaðið fór í prentun. Útlit var fyrir að hún myndi ekki samþykkja fjármögnunina. Varnarmálaráðherra tilkynnir um afsögn sína.

BANDARÍKIN Útlit var fyrir svokallaða „lokun alríkisstjórnarinnar" í Bandaríkjunum þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Slík lokun fer fram þegar ekkert samkomulag næst um fjárlög eða fjármögnun alríkisstjórnarverkefna. Lokun felur í sér að öll þau verkefni og allar þær stofnanir sem alríkisstjórnin stendur fyrir, og eru ekki talin bráðnauðsynleg, hætta allri starfsemi á meðan lokunin stendur yfir. Ef af verður er lokunin sú þriðja á árinu 2018.

Ástæðan nú er sú að Donald Trump forseti hefur krafist þess að bandaríska þingið samþykki 5,7 milljarða dala fjárveitingu til byggingar veggjar á landamærunum við Mexíkó. Forsetinn hefur ítrekað lofað veggnum, lagði mikla áherslu á hann í kosningabaráttunni en sagði þó að Mexíkó myndi greiða fyrir bygginguna.

Bandaríska fulltrúadeildin samþykkti fjárlögin í gær. Öldungadeildin átti eftir að greiða atkvæði en BBC, CNN og fleiri miðlar héldu því fram að þar yrðu fjárlögin líklega felld. Þangað til í janúar eru Repúblikanar með 51 sæti af hundrað. Þótt það sé vissulega meirihluti þá þarf 60 atkvæði til þess að samþykkja fjárlög.

Meirihluta öldungadeildarinnar er þó heimilt að virkja svokallaðan „kjarnorkuvalkost" og þannig breyta reglunum á þann veg að það þurfi bara einfaldan meirihluta. Mitch McConnell, þingflokksformaður Repúblikana, hefur ítrekað hafnað því að beita þessum valkosti og sagt hann geta haft slæm áhrif á störf þingsins. Hann hafnaði því einnig í gær.

Það var ekki einu sinni ljóst í gærkvöldi hvort málið yrði yfirleitt tekið til umræðu í öldungadeildinni. Þegar fréttin var skrifuð hafði ekki náðst meirihluti fyrir því en nokkrir öldungadeildarþingmenn áttu eftir að greiða atkvæði.

Trump fundaði síðasta þriðjudag

Það stefndi allt í gær í að alríkisstjórnin myndi skella í lás. NORDICPHOTOS/AFP

> **Ef Demókratar segja nei þá verður lokun sem mun vara í mjög langan tíma. Fólk vill ekki opin landamæri og glæpi.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Hættir vegna ágreinings

Varnarmálaráðherrann og fyrrverandi hershöfðinginn James Mattis greindi frá því á fimmtudagskvöld að hann ætlaði að stíga til hliðar í febrúar. „Varnarmálaráðherrann þarf að vera samstíga forsetanum. Þess vegna tel ég að það sé ekki nema rétt að ég stígi til hliðar," sagði í bréfi Mattis til Trumps forseta.

Bandaríkjastjórn hafði þá nýlega tilkynnt, flestum að óvörum, að ákveðið hefði verið að kalla heim alla bandaríska hermenn frá Sýrlandi sem þar höfðu barist gegn hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki. Samkvæmt heimildarmönnum bandarískra miðla var Mattis andvígur þeirri ákvörðun.

Trump sagði að hann myndi finna eftirmann Mattis bráðlega. Þeim tveimur lenti reglulega saman. Í bók Eds Woodward blaðamanns um stjórn Trumps var Mattis til að mynda sagður hafa líkt forsetanum við sex ára barn. Mattis neitaði því þó að hafa látið slík ummæli falla.

Mattis er ekki sá fyrsti úr stjórn Trumps sem tilkynnir um brotthvarf sitt í desember. Ekki einu sinni fyrsti fyrrverandi hershöfðinginn. John Kelly starfsmannastjóri er einnig á útleið.

með leiðtogum Demókrata á þingi, þeim Chuck Schumer og Nancy Pelosi. Þar sagði Trump að hann myndi stoltur taka það á sig að loka alríkisstjórninni vegna veggjarins. Í gær kvað hins vegar við annan tón.

„Það eru góðar líkur á lokun í boði Demókrata," tísti forsetinn til að mynda. Hann sagðist vona að þess þyrfti ekki en tók fram að hann væri vel undirbúinn og bætti við: „Ef Demókratar segja nei þá verður lokun sem mun vara í mjög langan tíma. Fólk vill ekki opin landamæri og glæpi."

Forsetinn sagði að Demókratar reyndu að gera lítið úr hugmyndinni um vegginn og að þeir kölluðu hana gamaldags. „Staðreyndin er sú að ekkert annað virkar og það hefur verið staðreynd í þúsundir ára. Þetta er bara eins og hjólið. Það er ekki til neitt betra. Ef veggurinn í Ísrael virkar í 99,9 prósent tilfella þá verður það ekkert öðruvísi hjá okkur," bætti Trump við.

Hann greindi svo frá því í tölvupósti til starfsmanna embættis forseta að hann hefði hætt við fyrirhugaða ferð á aðsetur sitt í Mar-a-Lago í Flórída vegna hættunnar á alríkisstjórnarlokun.

thorgnyr@frettabladid.is

Dansk julegudstjeneste

holdes i domkirken mandag den 24. december
kl. 15.00 ved pastor Ragnheiður Jónsdóttir.

Alle velkomne.

Danmarks Ambassade

Frans páfi hvetur brotlega presta til þess að játa

PÁFAGARÐUR Frans páfi hvatti í gær alla þá presta sem hafa beitt börn kynferðisofbeldi til þess að stíga fram og játa glæpi sína. „Við þá sem misnota börn vil ég segja: Gefið ykkur fram, mætið mannlegu réttlæti og undirbúið ykkur undir hið guðlega réttlæti," sagði páfinn við yfirstjórn Páfagarðs í jólaávarpi.

Samkvæmt Reuters er um að ræða ein hörðustu ummæli sem nokkur páfi hefur haft um kyn-

Frans páfi. NORDICPHOTOS/GETTY

ferðisbrot innan kirkjunnar frá því fjöldi hneykslismála fór að brjótast í gegnum ísinn undir lok síðustu aldar.

Heimildarmenn miðilsins sögðu þetta til að mynda í fyrsta skipti sem páfi biðlar með beinum hætti til hinna brotlegu. Ekki er ljóst hvort páfi átti við að viðkomandi ættu að gefa sig fram til kirkjunnar, yfirvalda í viðeigandi ríki eða hvort tveggja. – **þea**

Við gefum þér orðið um jólin
Hringdu í fólkið þitt erlendis
Vodafone býður viðskiptavinum með heimasíma og farsímaáskrift að hringja til 33 landa **án endurgjalds** á aðfangadag og jóladag. Nánari upplýsingar á vodafone.is
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

Veiðir við höfnina til að spara og slaka á

Muhammed Emin Kizilkaya er 24 ára nemandi við Háskóla Íslands. Hann veiðir sér fisk til matar í sparnaðarskyni og kláraði BS-gráðu í félagsfræði án þess að kunna mikið í íslensku. Muhammed segist elska íslenska veðrið. „Ég vil helst hafa alveg snarvitlaust veður."

SAMFÉLAG „Ég er nú bara að elda mér þorsk," segir Muhammed Emin Kizilkaya, 24 ára gamall nemandi á meistarastigi í félagsfræði við Háskóla Íslands, þegar blaðamaður hefur samband. Það væri ekki í frásögur færandi fyrir utan þá staðreynd að þorskinn veiddi Muhammed sjálfur við höfn í Reykjavík.

„Ég veiddi mikið í sumar og gekk frá í frysti. Ég á góðar birgðir af fiski í vetur. Ég fer bara með veiðistöngina mína, besti staðurinn er nærri Eimskip. Ég sé marga aðra veiða þar, mér finnst þetta líka ein besta slökun sem kostur er á," segir Muhammed frá.

Hann steikir þorskinn á pönnu með sítrónu, salti, pipar og lauk. „Þetta er góður matur og fyrir manneskju í námi er þetta ágætis sparnaðarráð."

Muhammed flutti til Íslands fyrir nokkrum árum frá Slagelse í Danmörku, bæ ekki fjarri Kaupmannahöfn.

„Ég er fæddur í Danmörku. En móðir mín flutti þangað þriggja ára gömul. Við erum Kúrdar frá Tyrklandi.

Mamma hefur plumað sig vel í Danmörku og er nú skólastjóri í Slagelse. Pabbi kom seinna til Danmerkur, eða eftir tvítugt. Það var miklu erfiðara fyrir hann að aðlagast. Hann var menntaður dýralæknir en námið og reynslan ekki metin í Danmörku. Hann þurfti því að taka gráðuna aftur í Danmörku á ókunnu tungumáli. Hverju einasta orði sem hann las þurfti hann að fletta upp í orðabók. Honum tókst þetta, það kostaði blóð, svita og tár. Pabbi átti seinna eftir að gefa mér ráð þegar ég flutti til Íslands. Að gefast ekki upp. Ég kunni ekki stakt orð í íslensku þegar ég fluttist hingað en lauk BS-gráðu á íslensku í félagsfræði," segir Muhammed léttur í sinni.

Muhammed að veiða sér í matinn og notar tímann til að slaka á og læra.

> Ég átti dásamlegan nágranna sem kenndi mér mikið í íslensku. Hún er núna á Hrafnistu en ég geri ráð fyrir að heimsækja hana um jólin.

Hann lærði mest í íslensku af aldraðri nágrannakonu sinni. „Ég átti dásamlegan nágranna sem kenndi mér mikið í íslensku. Hún er núna á Hrafnistu en ég geri ráð fyrir að heimsækja hana um jólin. Ég er múslimi og held ekki upp á jólin í desember eins og þið. Mér finnst jólahaldið hér notalegt og ég tek þátt í því með því að veita fólki liðsinni eða félagsskap sem er eitt síns liðs um jól."

Hann hefur stundum orðið fyrir fordómum en kýs að líta hjá því. „Það er nú líklega vegna nafnsins. Fólk er tortryggið þegar það veit ekki mikið um menningu annarra. Ég lifi eftir þeim gildum að það sem skipti mestu máli í þessu lífi sé að gera ólíku fólki af ólíkum uppruna kleift að lifa saman í sátt og samlyndi. Þvert á trúarbrögð og menningu," segir Muhammed sem er í félagsskap sem kallast Horizon þar sem friðarhugsjónin er höfð í hávegum.

„Mér finnst mikilvægt að vinna gegn pólskiptri umræðu. Þróunin hefur verið þannig, gjá milli fólks með mismunandi skoðanir er sífellt að dýpka. Sú þróun er ekki góð," segir hann.

En hvers vegna kom hann hingað? Hvað dró hann til Íslands?

„Ég elska veðrið hér. Ég vil helst hafa alveg snarvitlaust veður, hríðarbyl. Andstæðurnar heilla mig og náttúruöflin. Jarðskjálftar og eldgos. Orkan hér er svo mikil," segir Muhammed sem starfar með námi hjá ferðaþjónustufyrirtæki sem er með ferðaleiðsögn.

kristjanabjorg@frettabladid.is

KRÓNAN

Opið 9-22 í dag*

*Opið til 20 á Hvolsvelli, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum. 8-22 í Fitjum.

Ekkert ves í des

Hver er þinn uppáhalds Hamborgarhryggur?

Krónu hamborgarhryggur
1380 kr. kg

Nóatúns hamborgarhryggur
1999 kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

TAX FREE

AFSLÁTTUR
af öllum vörum* alla Þorláksmessuhelgina

OPIÐ TIL KL. 22^{00} BÆÐI LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Ef þú heitir **ÞORLÁKUR** og kemur í Höllina í dag færðu fallega gjöf frá okkur.

Jólakveðja, prinsessurnar í Höllinni!

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) og ekki af vörum frá Skovby eða af sérpöntunum.

Reykjavík Bíldshöfði 20 | **Akureyri** Dalsbraut 1 | **Ísafjörður** Skeiði 1 | **www.husgagnahollin.is** 558 1100

Opið alla helgina kl. 10^{00}–22^{00} og aðfangadag kl. 10^{00}–13^{00}

TÖFRAR JÓLANNA Í HÖLLINNI

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) og ekki af vörum frá Skovby eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisauka-skatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hafði nóg að gera á árinu sem er að líða. Hann skipaði dómara, karpaði við bandamenn og hitti Kim. NORDICPHOTOS/AFP

Erlendur fréttaannáll 2018

Donald Trump Bandaríkjaforseti, Brexit, hamfarir, stríð, ofbeldi, ofsóknir og Norður-Kórea settu einna helst svip sinn á árið sem er að líða. Líkt og venjulega gengu fjölmargir að kjörborðinu en kosningarnar voru ekki allar sanngjarnar.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Leiðtogar Kóreuríkjanna tveggja, norðurs og suðurs, hittust á landamærunum á árinu og tókust í hendur, þvert yfir landamærin. NORDICPHOTOS/AFP

Norður-Kórea

2017 var ár mikillar togstreitu á Kóreuskaga. Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, hótaði að sprengja bandarísku eyna Gvam og gerði fjölda eldflauga- og kjarnorkutilrauna. Strax í nýársávarpinu kvað þó við nýjan tón þar sem hann boðaði sættir.

Viðræður hófust fljótlega um að senda lið til þátttöku á Vetrarólympíuleikunum í Pyeongchang í Suður-Kóreu. Það gekk eftir og viðræður héldu áfram á milli ríkjanna.

Kim opnaði sig fyrir umheiminum, reyndar að takmörkuðu leyti, og sótti allnokkra leiðtogafundi. Hann heimsótti fyrst Xi Jinping, forseta Kína í mars. Mánuði síðar heimsótti hann svo bæinn Panmunjom á landamærunum við Suður-Kóreu og átti fund með Moon Jae-in, þann fyrsta af þremur á árinu. Þar undirrituðu þeir viljayfirlýsingu um kjarnorkuafvopnun Kóreuskagans og formleg endalok Kóreustríðsins.

Yfirlýsingin sem gefin var út eftir fund Kim með Donald Trump Bandaríkjaforseta í Singapúr í júní var svo á sömu nótum.

Þótt Norður-Kórea hafi lokað tilraunastöðvum og átt í löngum og erfiðum viðræðum á árinu er aftur á móti komin nokkur pattstaða í málið núna. Norður-Kórea neitar að halda áfram kjarnorkuafvopnun nema Bandaríkin aflétti viðskiptaþvingunum en Bandaríkin neita að aflétta þvingunum nema Norður-Kórea afvopnist. Ákveðin pattstaða.

Ýmsir skýrendur hafa haldið því fram að aflétting þvingana sé langstærsta ástæðan fyrir því að Kim hafi opnað sig á árinu. Það verður að koma í ljós eftir áramót hvort það heldur.

Brasilíumaðurinn Jair Bolsonaro var einn fjölmargra sem náðu kjöri á árinu. Hann er umdeildur á alþjóðavísu, kallaður Hitabeltis-Trump. NORDICPHOTOS/AFP

Lýðræðið

Fjölmargir gengu að kjörborðinu á árinu um heim allan. Forsetar, þing, sveitarstjórnir og allt þar á milli voru á kjörseðlunum. Í Evrópu var Milos Zeman endurkjörinn forseti Tékklands og Michael Higgins á Írlandi, popúlistaflokkar náðu völdum á Ítalíu, Vladímír Pútín náði endurkjöri eins og allir vissu og öfgaíhaldsflokkur Viktors Orban í Ungverjalandi hélt völdum. Það gerði flokkur Erdogans í Tyrklandi sömuleiðis í fyrstu kosningum frá umdeildum stjórnarskrárbreytingum sem juku völd forsetans verulega.

Óvæntar kúvendingar urðu í Pakistan og Malasíu þar sem stjórnarandstaðan tók við völdum eftir harða baráttu. Kosningabaráttan varð blóðug í Pakistan og einkenndist af árásum á frambjóðendur og kjósendur.

Sé litið sérstaklega til Norðurlandanna er vert að taka fram að Sauli Niinistö fór létt með að ná endurkjöri til forseta Finnlands. Ekkert er hins vegar létt við stöðuna sem tók við eftir þingkosningar í Svíþjóð þar sem ekki hefur enn tekist að mynda stjórn. Meðal annars vegna þess að hvorki hægri né vinstri blokkin ná hreinum meirihluta þar sem þjóðernispopúlískir Svíþjóðardemókratar tóku allnokkur þingsæti.

Hinum megin við Atlantshafið var nýr forseti kjörinn í Mexíkó, vinstripopúlistinn Andrés Manuel López Obrador. Nicolas Maduro náði endurkjöri til forseta Venesúela í kosningum sem almennt eru álitnar marklausar. Greint er frá bandarísku miðkjörtímabilskosningunum í kaflanum um Trump forseta en brasilísk hliðstæða hans, Jair Bolsonaro, var kjörinn forseti Brasilíu eftir að hafa orðið fyrir hnífsstunguárás í kosningabaráttunni.

Donald Trump

Frá því Donald Trump skellti sér í forsetaframboð í Bandaríkjunum hefur líklega enginn verið viðfangsefni fleiri blaðamanna og fáir fengið jafnmikla athygli. Engin breyting varð á þessu á árinu sem er að líða og settu miðkjörtímabilskosningar, leiðtogafundir, samningar, tollastríð og hæstiréttur svip sinn á árið hjá þessum umdeilda leiðtoga.

Miðkjörtímabilskosningarnar fóru fram í nóvember og einblíndi Trump mjög á svokallaða flóttamannalest sem var á leiðinni frá Mið-Ameríku fyrir kosningarnar í von um að tryggja að dyggir stuðningsmenn hans mættu á kjörstað. Uppskeran var góð í öldungadeildinni þar sem Repúblikanar héldu meirihluta, bættu meira að segja við sig. Það skýrist þó að mestu af hagstæðu „korti“ enda ekki kosið um nema þriðjung sæta. Allt aðra sögu var að segja af fulltrúadeildinni þar sem meirihluti Repúblikana kolféll. Trump lýsti þó yfir sigri sinna manna.

Eitt af hitamálum kosninganna, og reyndar ársins eins og það leggur sig, var svo skipan Bretts Kavanaugh í hæstarétt Bandaríkjanna. Anthony Kennedy var á leiðinni á eftirlaun svo Trump valdi Kavanaugh sem eftirmann hans. Útlit var fyrir að öldungadeildin myndi samþykkja hann án mikilla vandræða. Það er að segja þangað til Christine Blasey Ford og tvær aðrar konur stigu fram og sökuðu Kavanaugh um kynferðislega áreitni og ofbeldi. Dómsmálanefndin var kölluð aftur saman til að hlýða á vitnisburð Ford og Kavanaughs að ósk Repúblikanans Jeffs Flake þar sem Kavanaugh var í greinilegu tilfinningalegu uppnámi og neitaði sök. Ford sagðist aftur á móti „hundrað prósent“ viss. Að endingu var Kavanaugh skipaður í hæstarétt og Trump lýsti yfir sigri.

Eftir að hafa dregið Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu á síðasta ári tók Trump sams konar ákvörðun nú í ár. Sagði Bandaríkin úr kjarnorkusamningnum við Íran, við litla hrifningu Evrópu, Kína og Rússlands.

Stormasamt samband við helstu bandamenn vakti líka athygli. Trump háði tollastríð við Kanada og Evrópu og hnakkreifst á G7-fundi. Þá húðskammaði hann aðildarríki Atlantshafsbandalagsins fyrir að „greiða ekki nógu mikið til bandalagsins“. Á G20-fundi nú um síðustu mánaðamót var svo undirritaður nýr fríverslunarsamningur Norður-Ameríkuríkja sem Trump er hæstánægður með. Enn stendur þó yfir tollastríð við Kína en vopnahlé ríkir um þessar mundir vegna viðræðna.

Á meðan Trump reifst við bandamenn var hann húðskammaður sjálfur fyrir að sýna Pútín Rússlandsforseta of mikla velvild. Á fundi með honum í Helsinki vildi Trump til að mynda ekki fordæma óeðlileg afskipti Rússa af forsetakosningunum 2016.

Þær kosningar eru svo síðasta málið sem hér verður talið upp enda stendur rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á þeim afskiptum og meintu samráði Trump-framboðsins við Rússa, enn yfir. Í tengslum við rannsóknina hefur Paul Manafort, áður kosningastjóri, verið dæmdur í fangelsi og Michael Flynn, fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafi, játað sekt sína. Ítrekað hefur mátt lesa sömu fyrirsögnina í erlendum miðlum þar sem því er haldið fram að hringurinn þrengist um Trump.

Gleðilega hátíð

Frá flugvöllum og starfsstöðvum um land allt óskar starfsfólk
Isavia þér gleðilegra jóla og farsældar á ferðalögum komandi árs.

isavia

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, og Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, áttu nokkra góða fundi um útgöngumálið á árinu sem er að líða. NORDICPHOTOS/AFP

Brexit og Novichok

Tvö mál settu svip sinn á árið umfram önnur á Bretlandi. Annars vegar efnavopnaárás á þau Skrípalfeðgin sem gerð var í Salisbury í mars. Vestræn ríki töldu sig, og telja enn, fullviss um að Rússar hafi staðið að árásinni enda eitrið, Novichok, rússneskt og fórnarlambið fyrrverandi gagnnjósnari og meintur landráðamaður. Rúmlega hundrað rússneskum erindrekum var sparkað frá Bretlandi og vinaríkjum á meðan Rússar svöruðu í sömu mynt.

Tveir Rússar eru sakaðir um árásina, þeir Alexander Petrov og Rúslan Bosjírov.

Það virðast þó ekki vera þeirra réttu nöfn heldur hafa rannsóknarblaðamannasamtökin Bellingcat fullyrt að um sé að ræða leyniþjónustumennina Alexander Miskín og Anatolíj Tsjepíga.

Útgangan úr Evrópusambandinu hefur verið áberandi núna á síðustu mánuðum ársins. Þingið hefur reyndar rætt hana linnulaust frá áramótum en hiti komst í málið þegar Theresa May forsætisráðherra fékk samþykkt í ríkisstjórn í júlí að útgangan yrði „mjúk“. Í því felast aukin áframhaldandi tengsl við ESB. Þetta leiddi til afsagnar utanríkis- og Brexitmálaráðherra auk nokkurra annarra.

Með þessa stefnu að leiðarljósi tókst Bretum að semja við ESB í nóvember. Samningurinn var samþykktur í ríkisstjórn þann 14. nóvember.

Nýr Brexitmálaráðherra var hins vegar ósáttur og sagði af sér auk annarra valdaminni ráðherra.

Samningurinn er einna helst gagnrýndur fyrir sérstaka varúðarráðstöfun um fyrirkomulag landamæra við Norður-Írland. Varúðarráðstöfunin tæki gildi ef ekkert samkomulag næðist um fyrirkomulagið og felur í sér eiginlegan aðskilnað Norður-Írlands frá Bretlandi þar sem það yrði fellt undir mun stærri hluta reglna sambandsins.

Þetta ákveðna atriði var kornið sem fyllti mæli margra og fóru vantraustsstillögur að berast til Íhaldsflokksins. Þær urðu svo nógu margar þegar May frestaði atkvæðagreiðslu þingsins um samninginn í desember, vegna þess að þingið hefði hafnað honum, en May stóð af sér vantraustið.

Nú er útlit fyrir samningslausa útgöngu. Þingið virðist ekki haggast mikið og stór hluti Íhaldsflokksins er andvígur May.

Minna en hundrað dagar eru til stefnu og óljóst hvort stjórn May sitji þá alla.

Hamfarir

Líkt og á hverju einasta ári settu náttúruhamfarir sinn svip á árið sem er að líða. Jarðskjálftar, skógareldar, eldgos, fellibyljir og flóðbylgjur ollu gríðarlegu tjóni og urðu þúsundum að bana. Vísindamenn óttast að loftslagsbreytingar valdi því að þessi þróun haldi áfram og staðan muni einfaldlega versna.

Jarðskjálfti, 7,5 stig, reið yfir Papúa Nýju-Gíneu í febrúar. Skjálftinn og eftirskjálftarnir urðu um 200 manns að aldurtila. Fleiri skjálftar urðu síðar á árinu. 6,9 stiga skjálfti varð á indónesísku eyjunni Lombok í ágúst. Þá fórust á sjötta hundrað. Enn öflugri skjálfti varð svo við indónesísku eyjuna Sulawesi í september. Flóðbylgja fylgdi í kjölfarið. Að minnsta kosti 2.256 fórust í hamförunum, þeim mannskæðustu á árinu. Í júní gaus svo Volcán de Fuego í Gvatemala og varð 109 að bana.

Auknum öfgum í veðurfari fylgja flóð, fellibyljir og skógareldar. Hundrað fórust á Attíkuskaga Grikklands í umfangsmiklum skógareldum þar sem fólk varð innlyksa, meðal annars vegna ólöglegra bygginga. Álíka margir fórust í Kalifornía í nóvember þar sem heilu bæirnir brunnu til grunna. Þá er ótalin hitabylgja í Pakistan í maí. Svo skæð að á sjötta tug fórust.

Vegna gífurlegrar úrkomu fórust um áttatíu í flóðum í Norður-Kóreu í september. Mánuði síðar var sömu sögu að segja í Nígeríu þar sem um 200 fórust og í júlí fórust um 225 í Japan. Verstu flóðin urðu í Kerala á Indlandi þar sem nærri 500 fórust. Það vakti svo heimsathygli þegar tókst að bjarga tólf taílenskum fótboltastrákum úr helli í Chiang Rai-fylki eftir að þeir urðu innlyksa vegna úrfellis.

Flóðbylgjan og jarðskjálftinn á Sulawesi kostaði á þriðja þúsund lífið í september. NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmargir fellibyljir settu svip sinn á árið. Á Kyrrahafi banaði Rumbia 53 í Austur-Kína í ágúst. Skæðasti bylurinn var þó Mangkhut sem gekk á land á Filippseyjum í september og var þá á fimmta stigi. Hann fór síðar yfir til Hong Kong. Alls fórust 134 vegna Mangkhuts.

Á Atlantshafinu var Michael skæðastur. Eftir að hann hafði farið yfir Karíbahafseyjar gekk hann á land við Mexico Beach í Flórída í október og var á fjórða stigi. Sextíu fórust í hamförunum.

Stríð, ofbeldi og ofsóknir

Enn er stríð í Sýrlandi og Jemen. Blaðamenn eru myrtir í stórum stíl, þjóðflokkar ofsóttir og mótmæli verða ofbeldisfull.

Borgarastríðið í Sýrlandi verður átta ára í mars. Lítið hefur verið stórt þaðan að frétta á árinu frá því meint efnavopnaárás var gerð á bæinn Douma. Sú vakti hörð viðbrögð andstæðinga Sýrlandsforseta og gerðu Bandaríkin, Bretland og Frakkland loftárásir í kjölfarið við litla hrifningu Assads forseta og Rússlands.

Augu alþjóðasamfélagsins hafa þess í stað beinst að Jemen þar sem uppreisnarsamtök Húta, sem eru sögð njóta stuðnings Íran, takast á við stjórnarliða sem njóta stuðnings Sádi-Araba. Styrjöldin er harmleikur fyrir almenna borgara sem þurfa að takast á við loftárásir, sult og sjúkdóma. Rannsakendur á vegum SÞ fordæmdu báðar fylkingar fyrr á árinu og sögðu þær mögulega sekar um stríðsglæpi.

Samkvæmt Nefndinni um verndun blaðamanna hafa að minnsta kosti 53 blaðamenn verið myrtir á árinu. Án nokkurs vafa vakti mesta athygli morðið á hinum sádiarabíska Jamal Khashoggi sem var myrtur og sundurlimaður í Istanbúl í Tyrklandi í október. Sádiarabíski krónprinsinn Mohammed bin Salman er sagður hafa fyrirskipað eða vitað af morðinu og hefur það, sem og hinir meintu stríðsglæpir í Jemen, svert orðsor hans verulega. Einnig ber að nefna þá þrettán sem hafa verið myrtir í Afganistan sem og Slóvakann Ján Kuciak sem rannsakaði spillingu í ríkinu.

Þessi jemenska stúlka fékk barnaveiki á árinu og er eitt fjölmargra fórnarlamba borgarastyrjaldarinnar sem geisar enn þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Jamal Khashoggi

Blaðamenn eru sömuleiðis ofsóttir. Til dæmis Reuters-blaðamennirnir Wa Lone og Kyaw Soe Oo í Mjanmar. Þeir hafa verið í fangelsi í rúmt ár vegna brota á löggjöf um ríkisleyndarmál sem þeir frömdu, að sögn dómstóla, er þeir fjölluðu um fjöldamorð á Róhingjum.

Ofsóknir á hendur Róhingjum eru enn í fréttum eftir meinta blóðuga herferð stjórnvalda í Rakhine-ríki Mjanmars á síðasta ári. Fyrr á árinu sögðu rannsakendur SÞ að herforingjar gætu hafa gerst sekir um þjóðarmorð.

Víða braust út ofbeldi þar sem mótmælendur höfðu safnast saman. Til að mynda þegar ísraelskir hermenn skutu á palestínska mótmælendur við landamæri Ísraels og Gasasvæðisins. Þá hafa að minnsta kosti átta farist í mótmælum, eða óeirðum, frönsku hreyfingarinnar sem kennir sig við gul vesti.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

VÍNAR TÓNLEIKAR

NÝÁRSTÓNLEIKAR 2019

Christian Kluxen hljómsveitarstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað einsöngvari
Sveinn Dúa Hjörleifsson einsöngvari

FIM **10** JAN 19:30
FÖS **11** JAN 19:30
LAU **12** JAN 16:00 & 19:30

Byrjaðu nýtt ár á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikarnir hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar.
Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Inn á milli heyrast einnig vinsælar óperettuaríur og dúettar.

TAKTU ÞÁTT Í GLEÐINNI

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Stórskaðlegt

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þegar talið var upp úr kjörkössunum í Brexit-kosningunum frægu í Bretlandi kom á daginn að ungt fólk hafði mætt illa á kjörstað. Unga fólkið, sem að miklum meirihluta var fylgjandi áframhaldandi veru í Evrópusambandinu, lét slæmt veður á kjördag aftra sér frá því að kjósa.

Eldra fólkið var hins vegar harðara af sér, óð pollana á meðan hinir yngri drógu sængina upp fyrir haus. Öllum er niðurstaðan kunn, og vafasamt að þeir yngri geti kvartað undan niðurstöðunni. Þau nýttu einfaldlega ekki atkvæðisréttinn. Hinir eldri ákváðu því framtíð þeirra sem yngri eru.

Sumarið 2017 var Ragnar Þór Ingólfsson kjörinn formaður VR með ríflega 63% greiddra atkvæða. Af ríflega 33 þúsund félagsmönnum í VR mættu 5.706 og greiddu atkvæði. Ragnar var því kjörinn með atkvæðum um 10% félagsmanna. Áhugaleysið var því umfram annað þess valdandi að Ragnar náði völdum í félaginu.

Í ljósi þess hve tæp niðurstaðan í Brexit-kosningunni var hafa menn velt fyrir sér hversu sterkt umboð Theresu May forsætisráðherra sé í raun. Þýðir 52% atkvæða með Brexit að ganga eigi úr sambandinu hvað sem það kostar og án samnings um framhaldið? Varla. Umboð May hlýtur að vera að ná samningi um útgöngu án þess að brenna allar brýr að baki sér.

Sama hlýtur að gilda um formann VR. Maður sem einungis er með atkvæði 10% félagsmanna að baki sér hefur varla umboð til að rífa tréð upp með rótum. Það hefur Ragnar þó heldur betur gert með síendurteknum yfirlýsingum og gifuryrðum. Hann hefur hótað því að beita sér gegnum fjárfestingar lífeyrissjóða VR. Nú síðast jafnaði hann tiltölulega varkárum ummælum fjármálaráðherra um að skattalækkanir ofan í kjarasamninga sem farið hefðu úr böndunum væru óskynsamlegar, við „stríðsyfirlýsingu“.

Erfitt er að halda því fram að hátterni formanns VR sé lunganum af félagsmönnum hans til hagsbóta. Meðallaunahækkanir félagsmanna VR námu 6,1% á árunum 2017 til 2018. Laun stjórnenda hækkuðu hlutfallslega minnst. Meðallaun félagsmanna eru hátt í 700 þúsund krónur á mánuði. Í launasamanburði við félagsmenn í Eflingu virðast þessi félög eiga litla samleið.

Félagar í VR hafa það því ágætt samkvæmt flestum mælikvörðum. Helsta ógnin við lífskjör þeirra í augnablikinu er sennilega sú að verðbólgudraugurinn rakni úr rotinu og krónan haldi áfram að veikjast. Orð og athafnir formannsins hafa aukið verulega líkurnar á hvoru tveggja.

Þegar öllu er á botninn hvolft geta félagsmenn VR sennilega sjálfum sér um kennt. Þeir mættu ekki á kjörstað, og áhugaleysi þeirra varð til þess að öfgamaður náði stjórn á félaginu.

Öfgamaðurinn sá túlkar nú hagsmuni félagsmanna með sínu nefi. Gallinn er bara sá að flest bendir til að lyktarskynið sé verulega brenglað.

> Sama hlýtur að gilda um formann VR. Maður sem einungis er með atkvæði 10% félagsmanna að baki sér hefur varla umboð til að rífa tréð upp með rótum.

OPEL ATVINNUBÍLAR
ÁRAMÓTA SPRENGJA!
Nýttu þér skattalegt hagræði ársins sem er að líða
Nokkrir sendi- og hópferðabílar á dúndur afslætti
Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða hafðu samband við sölumann í síma eða á opel@opel.is og fáðu nánari upplýsingar
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Sýningarsalir:
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Bílabúð Benna

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Er ekki komið gott?

Markmið auglýsinga er oftast vel falið. Það er þó alltaf hið sama: Að telja okkur trú um að eitthvað sé í ólagi sem laga megi með því að kaupa eitthvað. Sértu að selja snyrtivörur, láttu kaupandanum líða sem ljótustum; sértu að selja vátryggingar, fylltu hann af óöryggi; sértu að selja draum sannfærðu hann um að hann sé fastur í martröð.

Undanfarið hef ég hins vegar orðið vitni að svo blygðunarlausri sölumennsku að ef H.C. Andersen gengi aftur og skrifaði um hana ævintýri hlyti sagan heitið: Keisarinn sem var ekki í neinum fötum, vissi af því og sprangaði stoltur um á Adamsklæðunum.

„Fjársjóðstrukkurinn“ er nýjung á vegum vefverslunarinnar Amazon. Trukkurinn sem kallast á ensku „the treasure truck“ ekur um Lundúnaborg, kóngablár á litinn, skreyttur flúri, ljósum og fánum eins og sirkus á hjólum. Þegar Fjársjóðstrukkurinn er í nágrenni við mig klingir síminn minn og við mér blasa smáskilaboð með upplýsingum um hvað er hægt að kaupa í Fjársjóðstrukknum þann daginn: hrærivélar, leirskálar, þráðlaus heyrnartól, nautasteikur, nýjustu plötu Olly Murs.

Fjársjóðstrukkurinn fyllir mig skelfingu og lotningu í senn. Hvílík óskammfeilni! Hvílík dirfska! Bíll sem ekur um borgina og laðar fólk út á götu til að kaupa varning af handahófi! Manstu ekki eftir neinu sem þig vantar? Langar þig ekki í neitt sérstakt? Láttu það ekki stoppa þig. Hér er alls konar drasl sem þú getur samt keypt.

- Hver Breti eyðir að meðaltali tæplega 170.000 krónum á ári í föt.
- Átta milljón tonn af plasti enda árlega í hafinu.

Jörðin. Smápeningur í geimnum, okkar að eyða. Með Fjársjóðstrukknum ökum við að endastöð neyslusamfélagsins. Við erum hætt að þykjast, hætt að láta eins og við kaupum nauðsynjar, hætt að streitast á móti. Við höfum einfaldlega tekið í sátt að við erum þrælar hagfræðikenningar: Aðeins síaukin neysla tryggir blómlegt efnahagslíf, hamingju og velfarnað. Ef við hættum að neyta er okkur öllum lokið; svona eins og ef við hættum að anda deyjum við.

- Ferðamannaiðnaðurinn er ábyrgur fyrir 8% losun gróðurhúsalofttegunda.
- Milljón plastflöskur eru seldar á mínútu í heiminum.

En gárur gjörða okkar gjálfra við framtíðar strendur. Sem dæmi getur það tekið urðað plast þúsund ár að eyðast. Árið 2018 njóta aðeins núlifandi kynslóðir réttinda. En hver gætir hagsmuna komandi kynslóða? Reglulega kemur til tals að veita komandi kynslóðum mannréttindi. En sú samfélagsgerð sem við höfum kosið okkur – já, kosið okkur; neysluhagkerfið er ekki náttúrulögmál – er ekki einkamál mannanna. „Ég held að stundum þurfum við að rifja upp að við höfum engu meiri rétt á að vera hér en aðrar dýrategundir,“ sagði David Attenborough.

- 100.000 sjávarspendýr drepast árlega af völdum plasts í höfum.
- Vegna lifnaðarhátta mannsins deyja dýrategundir út þúsund sinnum hraðar en þær ættu að gera.

Gjarnan er sagt að tíminn sé peningar – „time is money“. En ef tími er peningar, eru peningar líka tími. Þegar við verslum greiðum við fyrir með peningum sem einhver fékk í skiptum fyrir tíma sinn – tíma sem ekki var varið með fjölskyldu eða vinum, tíma sem ekki fór í að sinna hugðarefnum, tíma sem aldrei kemur til baka.

- Meðal mannshjartað slær aðeins þrjúþúsund milljón sinnum áður en yfir lýkur.
- Hvað tímum við mörgum hjartsláttum í að viðhalda efnahagskerfinu?

Tveir dagar eru til jóla. Við höfum tvo daga til viðbótar til að eyða; eyða jörðinni, dýraríkinu, tíma okkar. Ættum við kannski að segja þetta gott og setjast heldur niður og fá okkur kaffibolla og smákökur?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Láttu draumana rætast

MISTRAL HOME sængurföt

Ótrúlegt úrval af sægurfötum frá Mistral Home. Ný og spennandi mynstur og litir. Bómullarsatín með vönduðum rennilás. 300 gsm bómullarþráður sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Fáanleg 140 x 200.

Fullt verð 140x200 cm frá kr. 8.990.

JÓLAVERÐ á Mistral Home 140x200 cm frá aðeins **6.900 kr.**

NORDICFORM sængurföt

Ný sending af fallegum sænguföturn frá Nordicform. Sængurfötin eru úr bómullarsatíni með vönduðum rennilás. 300 gsm bómullarþráður sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Nordicform fáanleg 140 x 200, 140 x 220 og 200 x 220 cm.

Fullt verð 140x200 frá kr. 12.900

JÓLAVERÐ á Nordicform 140x200 cm frá aðeins **10.965 kr.**

SIMBA®

TILVALIN JÓLA-GJÖF

SIMBA HYBRID® heilsukoddi

6 laga heilsukoddi frá Simba. Stærð: 50 x 70 cm.

Aðeins **11.900 kr.**

SIMBA HYBRID® heilsukoddi með Outlast®

6 laga heilsukoddi frá Simba. Stærð: 50 x 70 cm.

Aðeins **15.900 kr.**

OUTLAST
Háþróað efni sem heldur jöfnum hita. Jacquard bómull í Hybrid koddanum.

FÍNN DÚNN
Lag af sérstaklega fíngerðum og mjúkum andadúni sem gefur koddanum náttúrulega öndun.

HITASTÝRING
3D hitastýringarefni sem tryggir hámarks öndun og loftflæði gegnum koddann.

NANOTUBE TÆKNI
Í miðjum koddanum er lag af smágerðum svamprörum . Þú getur stillt hæð og stífleika koddans með því að bæta í eða taka úr þessu lagi.

MICROFIBRE
Næst er lag af Microtrefjum sem gera þessa hlið koddans bæði mjúka, endingargóða og hentuga fyrir sem eiga við ofnæmi að stíða.

JACQUARD BÓMULL
Silkimjúk hágæða bómull með frábærri öndun 300 gsm.

DÚNSÆNGUR

Mikið úrval

Einbreiðar, tvíbreiðar og barnasængur.

QOD DÚNSÆNG

Sérlega hlý og mjúk

600 gr. dúnsæng, 140 x 200 cm.
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

Fullt verð: 23.900 kr.

Nú aðeins **19.120 kr.**

TVENNUTILBOÐ

SB Dúnsæng og dúnkoddi

TVENNU-TILBOÐ

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 12.900 kr

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 6.900 kr

Sæng og koddi fullt verð samtals: 19.800 kr.

SCANDINAVIAN BEDDING

SB sængur fáanlegar í stærðunum:
135 x 200 cm
135 x 220 cm
200 x 220 cm

Aðeins **12.900 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

OPNUNARTÍMI TIL JÓLA

Fös. 21. des.	10–20	Sun. 23. des.	11–22
Lau. 22 des.	10–20	Mán. 24. des.	10–13

DORMA
Láttu drauminn rætast

Tíunda skipti Guðjóns Vals á listanum

■ Tvö efstu í kjörinu á síðasta ári, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Aron Einar Gunnarsson, eru ekki á meðal efstu tíu í ár.

■ Sara Björk Gunnarsdóttir er sú kona sem hefur oftast verið á listanum, eða sjö sinnum.

■ Þrjú eru á listanum í fyrsta sinn: Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, Haraldur Franklín Magnús og Valgarð Reinhardsson.

Samtök íþróttafréttamanna útnefna Íþróttamann ársins í 63. sinn laugardaginn 29. desember næstkomandi. Guðjón Valur Sigurðsson er á meðal efstu tíu í tíunda sinn. Þrír nýliðar eru á listanum í ár.

TILNEFNINGAR TIL ÍÞRÓTTAMANNS ÁRSINS 2018

Fótbolti

Alfreð Finnbogason — 29 ára

Tilnefningar 3

■ Markahæsti leikmaður íslenska landsliðsins á árinu. Skoraði fyrsta mark Íslands á heimsmeistaramóti. Lykilmaður hjá Augsburg og er í hópi markahæstu leikmanna þýsku úrvalsdeildarinnar á þessu tímabili. Orðinn markahæsti leikmaður Augsburg í efstu deild.

Frjálsar íþróttir

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir — 16 ára

Tilnefningar 1

■ Vann til gullverðlauna í 200 metra hlaupi á Ólympíuleikum ungmenna. Vann gull í 100 metra hlaupi og brons í 200 metra hlaupi á EM U-18 ára. Þríbætti Íslandsmetið í 200 metra hlaupi á árinu en það hafði staðið óhreyft frá árinu 1997. Varð Íslandsmeistari í 200 metra hlaupi.

Handbolti

Guðjón Valur Sigurðsson — 39 ára

Tilnefningar 10

■ Bikarmeistari með Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi. Liðið endaði í 2. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og vann þýska Ofurbikarinn í haust. Lék á sínu 21. stórmóti með íslenska landsliðinu. Varð markahæsti landsliðsmaður sögunnar. Er einn markahæsti leikmaður þýsku deildarinnar frá upphafi.

1. Samsung S9
2. Polaroid prentari
3. Karaoke hljóðnemi
4. Cutty Clock
5. iPhone XR
6. Galaxy Watch snjallúr
7. Apple Watch series 4
8. Huawei Mate Pro 20
9. Playstation Classic
10. DJI dróni

■ Valgarð er annar fimleikamaðurinn sem er á meðal tíu efstu. Rúnar Alexandersson var fimm sinnum á listanum.

■ Guðjón Valur Sigurðsson er tilnefndur í tíunda sinn. Aðeins Guðmundur Gíslason (14), Bjarni Friðriksson (12) og Ólafur Stefánsson (12) hafa verið tilnefndir oftar.

Fótbolti

Gylfi Þór Sigurðsson 29 ára

Tilnefningar 8

■ Lykilmaður í íslenska landsliðinu. Skoraði á HM. Hefur leikið vel með Everton á þessu tímabili og er kominn með sex deildarmörk í vetur. Skoraði sitt 50. mark í ensku úrvalsdeildinni í haust.

Golf

Haraldur Franklín Magnús 27 ára

Tilnefndur 1

■ Tryggði sér sæti á Opna breska meistaramótinu og var fyrsti íslenski karlkylfingurinn sem keppir á risamóti í golfi. Lék á 17 mótum á Nordic-atvinnumótaröðinni, þeirri þriðju sterkustu í Evrópu.

Fótbolti

Jóhann Berg Guðmundsson 28 ára

Tilnefningar 2

■ Stoðsendingahæsti leikmaður Burnley á síðasta tímabili. Liðið lenti þá í 7. sæti ensku úrvalsdeildarinnar sem er besti árangur þess síðan 1974. Lykilmaður í íslenska landsliðinu og lék tvo af þremur leikjum þess á HM.

Kraftlyftingar

Júlían J. K. Jóhannsson 25 ára

Tilnefningar 2

■ Setti heimsmet í réttstöðulyftu í +120 kg flokki þegar hann lyfti 405 kg. Vann gull í réttstöðulyftu á HM og lenti í 4. sæti í samanlögðu. Setti Evrópumet í klassískri réttstöðulyftu í +120 kg flokki með 372,5 kg og varð Evrópumeistari í greininni.

Körfubolti

Martin Hermannsson 24 ára

Tilnefningar 2

■ Lék vel með Chalons-Reims í frönsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og samdi svo við þýska stórliðið Alba Berlin í sumar. Var stiga-, stoðsendinga- og framlagshæsti leikmaður íslenska landsliðsins í undankeppni HM.

Fótbolti

Sara Björk Gunnarsdóttir 28 ára

Tilnefningar 7

■ Tvöfaldur meistari með Wolfsburg í Þýskalandi. Skoraði sex mörk á leið Wolfsburg í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Fyrirliði íslenska landsliðsins. Í 31. sæti á lista The Guardian yfir 100 bestu fótboltakonur heims.

Fimleikar

Valgarð Reinhardsson 22 ára

Tilnefningar 1

■ Varð fyrsti íslenski fimleikamaðurinn til að komast í úrslit í stökki þegar hann varð fimmti í undanúrslitum á EM í Glasgow. Íslandsmeistari í fjölþraut, bikarmeistari með Gerplu og vann til silfurverðlauna á tvíslá á Norðurlandamótinu.

Lið ársins

Karlalið ÍBV í handbolta

■ Vann alla þá titla sem í boði voru á árinu. Komst í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu.

Kvennalandslið Íslands í hópfimleikum

■ Lenti í 2. sæti á EM í hópfimleikum í Portúgal. Var 0,2 stigum á eftir sigurvegurum Svía.

Landslið Íslands í golfi

■ Varð Evrópumeistari í keppni blandaðra liða.

Þjálfari ársins

Arnar Pétursson
þjálfari karlaliðs ÍBV í handbolta
Gerði ÍBV að þreföldum meisturum á síðasta tímabili.

Kristján Andrésson
þjálfari karlalandsliðs Svíþjóðar í handbolta
Undir stjórn Kristjáns komust Svíar í úrslit á EM í Króatíu þar sem þeir töpuðu fyrir Spánverjum. Kom sænska liðinu á HM 2019.

Þorsteinn Halldórsson
þjálfari kvennaliðs Breiðabliks í fótbolta
Gerði Breiðablik að tvöföldum meisturum. Blikar unnu 15 af 18 leikjum sínum í Pepsi-deildinni.

STÖÐ 2 ÓSKAR
LANDSMÖNNUM ÖLLUM

gleðilegra jóla

Nýársdagur

Jóladagur

Jóladagur

Þorláksmessa

Jóladagur



Í kvöld

27. desember

Annar í jólum

Þorláksmessa

Annar í jólum

28. desember

28. desember

Aðfangadagur

Nýársdagur

Gamlársdagur

Þorláksmessa

Þorláksmessa



28. desember

29. desember

Nýársdagur

Friðrik Dór

...í síðasta skipti

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
22. DESEMBER 2018 LAUGARDAGUR

Áslaug Arna, Bára og Magga Stína settust á hátíðarrökstóla og gerðu upp árið. Þær eru ólíkar, þekkjast ekki, en eiga það sameiginlegt að vera baráttukonur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Þeir sem ala á neikvæðni verða á endanum undir

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, alþingismaður og ritari Sjálfstæðisflokksins, **Bára Halldórsdóttir** aktívisti og **Magga Stína**, tónlistarkona og nýr formaður Samtaka leigjenda, settust á rökstóla nú rétt fyrir jól. Þær eru ólíkar en eiga það sameiginlegt að berjast fyrir sínu.

Það hefur verið óvanalega annasamt undanfarið hjá þeim þremur sem setjast á rökstóla á Kexi hosteli að kvöldi til nú rétt fyrir jól.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er með ótal mörg járn í eldinum. Hún er ritari Sjálfstæðisflokksins, þingmaður og sinnir formennsku í utanríkismálanefnd Alþingis. Eflaust vantar eitthvað í þessa upptalningu en bæði samherjar og andstæðingar í pólitík segja hana afspyrnu iðjusaman þingmann.

Hún hefur lagt fram þrjú frumvörp til laga í vetur. Eitt um beitingu nálgunarbanns svo hún verði ekki eins þung í vöfum. Annað um að nemendur sem hafa lokið sveinsprófi eigi þess kost að fá inngöngu í háskóla og að lokum lagði Áslaug Arna fram frumvarp þess efnis að afnema stimpilgjald vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði.

Bára Halldórsdóttir hefur staðið í ströngu í héraðsdómi. Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davið Gunnlaugsson, Anna Kolbrún Árnadóttir og Bergþór Ólason kanna hvort þau geti höfðað dómsmál gegn henni vegna þess að hún tók upp samtal þeirra og tveggja annarra þingmanna og sendi fjölmiðlum.

Magga Stína var fyrr í vetur kjörin formaður Samtaka leigjenda á aðalfundi samtakanna. Hún hefur bent á að margir leigjendur borgi ⅔ af launum sínum í leigu og eigi erfitt uppdráttar og kallar eftir lagabreytingum á húsaleigulögum. Samtök leigjenda munu leita til verkalýðshreyfingarinnar um stuðning og samstarf og hún væntir mikilla breytinga í húsnæðismálum yfirleitt.

> ERTU AÐ TAKA OKKUR UPP? JEMINN EINASTI. VEISTU HVAÐ ÞAÐ ER HÆTTULEGT?
>
> Bára

Efni í góðan hljóðmann

Þegar blaðamaður stillir síma á upptöku stenst Bára ekki mátið og leggur orð í belg.

Bára: Ertu að taka okkur upp? Jeminn einasti. Veistu hvað það er hættulegt? Þú getur lent fyrir héraðsdómi.

Já, það er greinilegt. Hvernig tekur fólk því annars þegar þú tekur upp símann Bára?

Bára: Fólk er alltaf að spyrja mig hvort ég sé að taka upp. Ég er alltaf að finna ný svör. Núna spyr ég bara hvort það vilji að ég taki það upp. Ég er að hugsa um að sækja um sem hljóðmaður einhvers staðar, ég er augljóslega hæf.

> ÉG HEF LENT Á VEGG, EN ÉG HEF LÍKA ÁSTRÍÐU FYRIR ÞVÍ SEM ÉG ER AÐ GERA.
>
> Áslaug

Magga Stína: Mjög hæf!

Hafið þið hist áður?

Magga Stína: Ekki svona augliti til auglitis. Mér líður samt alltaf eins og ég þekki miklu fleiri en ég geri. Bara af því að hafa gengið upp og niður Laugaveginn árum saman. Kannski þekki ég líka fleiri en ég geri!

Bára: Ég gæti hafa hitt ykkur einhvern tímann. Minni mitt er sko algjörlega hundrað prósent. Í gæsalöppum dauðans.

Hætti að æpa á útvarpið

Árið sem er að líða. Hvað stendur upp úr hjá þér Magga Stína?

Magga Stína: Það urðu svo sem engir stórviðburðir í lífi mínu persónulega svo ég muni á þessu ári. Hver dagur er nú samt dáldið viðburðaríkur. En ég tók nú samt stórt skref þegar ég tók að mér formennsku í Samtökum leigjenda. Ég hef alltaf haft sterkar skoðanir og ligg ekki á þeim svona heima við en ég hef samt hingað til einbeitt mér

NÚ ER ÉG ORÐIN FIMMTÍU ÁRA, HEF ALIÐ UPP ÞRJÚ BÖRN, MESTMEGNIS Á LEIGUMARKAÐI.

Magga Stína

Áslaug hefur haldið mörgum boltum á lofti í ár.

Bára segir litla iðrun Miðflokksmanna einskis virði.

Magga Stína segir sína kynslóð hafa unnið skaða með græðgi og frekju.

að því að æpa frekar á útvarpið en að tjá mig á opinberum vettvangi. Í þessu tilviki með Samtök leigjenda leiddi eitt af öðru. Einhvern veginn varð það allt í einu rétt skref að taka að fara út í það að stíga fram sem leigjandi og lýsa aðstæðum, hætta að æpa á blessað útvarpið og beita öðrum aðferðum. Nú er ég orðin fimmtíu ára, hef alið upp þrjú börn, mestmegnis á leigumarkaði og ég get svo svarið að ég hef sitthvað um þau mál að segja.

Með marga bolta á lofti

En hjá þér, Áslaug?

Áslaug: Ég held það standi upp úr hjá mér að hafa náð að halda mörgum boltum á lofti. Að vera alþingismaður, sinna því að vera ritari Sjálfstæðisflokksins þar sem ég ferðast um landið, auk þess að þurfa að sinna miklum alþjóðastörfum á vegum þingsins sem formaður utanríkismálanefndar. Þegar ég lít til baka og á það hvernig verkefnin gengu upp og hvað þau áttu vel saman þá finnst mér það góð tilfinning.

Við fjölluðum í Fréttablaðinu um streitu nýverið. Ertu meðvituð um álagið sem fylgir verkefnum þínum?

Áslaug: Já. Ég hef lent á vegg, en ég hef líka ástríðu fyrir því sem ég er að gera og verkefnin sem ég sinni vil ég að séu stór hluti af mínu lífi. Ég reyni að gleyma því ekki að hugsa um sjálfa mig, ég veit að það er mikilvægt, þá er ég stolt af þeim málum sem ég hef lagt fram í þinginu.

Þú lagðir fram frumvarp um breytingu á lögum um háskóla sem gæti þýtt mög breytta möguleika fyrir iðnnema.

Áslaug: Þetta er lítil breyting á lögum en samt svo stór. Ég vona að hugsun fólks breytist. Það að fara í iðnnám á ekki að loka neinum leiðum fyrir ungt fólk.

Áherslan hefur verið of mikið á bóknám. Mér finnst það ástæðulaust og mig langar til að jafna þessar áherslur. Stúdentshúfan á alls ekki að vera upphaf alls.

Sýna enga iðrun

Og Bára, stóð Klaustursmálið upp úr?

Bára: Klaustursmálið er auðvitað búið að vera stórmál. En það sem stóð hins vegar upp úr í mínu lífi er að ég tók þátt í ferðalagi um Evrópu í rútu sem var kölluð The Event Bus. Þar voru einstaklingar sem lifa við fátækt að benda á misræmi á milli bóta og tekjuviðmiða. Ekkert Evrópuland gefur einstaklingum það sem þeir þurfa að lágmarki til að lifa af.

Ef við gerum það búum við til aðstæður þar sem öryrkjar hafa miklu meiri möguleika til að bæta lífsgæði sín. Mér tókst að taka þátt í svona starfi í tvær vikur þrátt fyrir veikindin og fékk einnig tækifæri til að ferðast um heiminn. Það er mjög verðmæt reynsla.

Það er svo mikið ennþá í gangi í Klaustursmálinu. Ég hef þá tilfinningu að þingmennirnir haldi áfram. Sú litla iðrun sem þeir sýndu er einskis virði þegar þeir snúa sér svona eins og þeir gera í þessari skrýtnu sókn gegn mér.

Ef þeir ætla í alvörunni að sækja mig til saka fyrir að upplýsa um innihald samtals þeirra í stað þess að taka ábyrgð, þá verða þeir að taka því áliti sem fylgir. Ég reyni bara að standa mig af veikum mætti. En er sem betur fer umkringd vinum og góðu fólki.

Myndir þú gera þetta aftur?

Bára: Já, hiklaust.

En þið? Hefðuð þið tekið þá upp?

Enginn hefði trúað þessu

Magga Stína: Ég veit ekki hvort ég hefði áttað mig á því. Að grípa í símann og taka upp. Ef ég þekki mig rétt, þá hefði mér misboðið eins og öllum öðrum og hefði líklega gengið út. Ég dáist einlæglega að hugrekki Báru og hárréttum viðbrögðum og þrautseigju við að sitja undir þessum viðbjóði.

Bára: Mér fannst erfitt að ganga ekki út. Ég áttaði mig samt á því mjög fljótlega að enginn hefði trúað mér ef ég hefði sagt frá því sem ég varð vitni að og mér fannst svo alvarlegt að þyrfti að greina frá því. Ég hef upplifað það svo oft sem öryrki að það er ekki tekið mark á mér. Það er oft komið fram við okkur af virðingarleysi.

Magga Stína: Já, virðingarleysinu eru engin takmörk sett í viðhorfum þessa fólks allavegana og fullkomlega óhugsandi að það sitji áfram á þingi. Fullkomlega ömurlegt fyrir samstarfsfólk þessara manna að þurfa að mæta þeim á vinnustað. Virðing þingsins er ekki með æskilegasta móti fyrir og hvað þá eftir þetta og aðrir þingmenn líða og munu líða að sjálfsögðu fyrir.

MÉR FANNST ÓMAKLEGT AÐ SNÚA ÞESSARI HEGÐUN AÐ ÞINGINU. SETJA LYKKJU Á AFSÖKUNARBEIÐNINA MEÐ ÞEIM HÆTTI.

Áslaug

Ómakleg gagnrýni á þingið

Áslaug: Mér fannst ómaklegt að snúa þessari hegðun að þinginu. Setja lykkju á afsökunarbeiðnina með þeim hætti. Kúltúrinn á Alþingi er alls ekki svona. Ég á í ótrúlega góðu samstarfi við þingmenn og starfsmenn Alþingis og hef aldrei nokkurn tímann orðið vitni að eða vitað um viðlíka hegðun og þeir urðu uppvísir að.

Það er svo mikilvægt að geta unnið með ólíkum einstaklingum hvar sem þeir standa í pólitík. Og bera virðingu fyrir fólki með fjölbreyttan og ólíkan bakgrunn. Það er nú það sem við erum að reyna að gera í þessari ríkisstjórn og hefur verið áskorun ársins. Að prófa þetta ólíka form ríkisstjórnar, hafa ólíka flokka innanborðs. Skoðanir þjóðarinnar eru mismunandi, og skoðanir þessara flokka. Það er áskorun að gera málamiðlanir en það er líka þarft því við höfum öll sömu markmið. Við viljum öll það sama, betri lífsgæði fyrir alla þótt við höfum mismunandi hugmyndir um leiðir að markmiðunum.

Erum við samt ekki að breytast? Eru gömlu stjórnmálin kannski á leiðinni út?

Magga Stína: Ég vona það sannarlega. Stundum bara þyrmir algerlega yfir mann og vonleysið tekur öll völd því tilfinningin er oft sannarlega sú að mín kynslóð og eldri kynslóðir hafi unnið hrikalegan skaða með græðgisvæðingu og frekju, við sem höfum sofnað á verðinum og unað því að botnlaus gróðahyggja hins vestræna heims er langt komin með að eyðileggja jörðina.

Bára: Ég segi við son minn: Þú og þín kynslóð eigið að láta í ykkur heyra. Þegar þú ert orðinn gamall þá þarftu að búa við afleiðingar þess sem nú er gert.

Áslaug: Mér hefur fundist gott að búa að reynslu eldri þingmanna. Reynsla er dýrmæt. En þeir þurfa líka að setja sig í spor okkar sem yngri erum. Það er ekki alltaf rétta lausnin að gera hlutina eins og þeir voru gerðir áður.

Magga Stína: Já, svo sannarlega. Í heimi þar sem hlutirnir breytast svo hratt getur gamaldags hugsun beinlínis verið hættuleg, sérstaklega í stjórnmálum þar sem stórar ákvarðanir eru teknar í krafti valdsins. Heimurinn á fleygiferð, hinn karllægi valdsmannslegi hugsunarháttur er ekki lengur í boði og það er okkar að fylgja því eftir.

Andinn almennt góður

Bára: Og hugmyndir fólks breytast líka. Þeir sem áður nutu forréttinda gera það ekki lengur og sumir streitast á móti. Mér finnst það oft minna á son minn þegar hann var lítill. Ég var að venja hann af því að borða of mikið sælgæti. Hann var ósáttur í búðarferðum og óskraði af frekju. Og svo aftur og aftur. En svo vandist hann þessu hlutskipti sínu.

Magga Stína: Og það er augljóst hverri siðaðri manneskju að þeir sem geta ekki sætt sig við að fylgja lágmarks siðferðisviðmiðum, þeir eiga ekki að hafa ákvörðunarvald í samfélagi. Þeir eiga að fara að gera eitthvað annað en starfa fyrir þjóðina á Alþingi.

Bára: Já, ég er sammála. Framkoma þeirra hefur áhrif á það hvernig við horfum á þingið og mér finnst það leiðinlegt því þar starfar einnig margt gott fólk af heilindum. Eins og Áslaug. Það er falleg bylgja í gangi í samfélaginu. Fólk er komið með nóg af þessu. Nú er ég knúsuð fjörutíu sinnum á dag ef ég fer út úr húsi. Ég vil miklu frekar einbeita mér að því.

Áslaug: Andinn í samfélaginu er almennt góður þrátt fyrir það sem hefur á undan gengið síðustu vikur. Þeir sem ætla að ala á neikvæðni verða á endanum undir. Það skilar aldrei neinu til lengri tíma. Það er miklu líklegra til farsældar að horfa á björtu hliðarnar og vera opin fyrir breytingunum. Við erum svo lítið samfélag, þó að við séum efst á ýmsum mælikvörðum þá viljum við stefna miklu hærra. Mér finnst þetta einkenna okkur sem þjóð.

Grátið í sósuna

Eruð þið með einhverjar jólahefðir sem þið viljið halda í?

Magga Stína: Ég græt alltaf ofan í sósuna. Til að bragðbæta hana.

Bára: Mér finnst þetta falleg pæling hjá þér, Magga Stína.

Ég á svo frábæra mömmu, ég kem í mat til hennar og hún segist vera að prófa eitthvað í fyrsta skipti en svo er það bara fullkomið. Ég verð í mat hjá henni á jólunum.

Ég er með þrjár fastar hefðir. Í fyrsta lagi þá verð ég að hlusta á lögin Jóla hvað? og Last Christmas. Svo er það auðvitað að setja upp jólatréð. Í þriðja lagi er það að upplifa jólin með mömmu.

Einhvern tímann möguleg, ef við fáum að lifa í margar aldir fyrir tilstilli vísindanna, þá kannski næ ég því að verða jafngóð og mamma að elda.

Gott að gera ekki neitt

Áslaug: Ég er ekki með margar hefðir á jólunum. Ég er mjög afslöppuð gagnvart því að eitthvað þurfi að vera eins ár eftir ár. Mér finnst þetta góður tími til að líta til baka. Velta tilverunni fyrir mér. Horfa fram. Gera ekki neitt. Það er algjörlega vanmetið að gera ekki neitt.

Magga Stína: Það er listgrein að setjast niður og gera ekki neitt.

Ertu góð í því?

Magga Stína: Uhhhh ... Nei, reyndar ekki.

Bára: Ég er svo heppin og óheppin að vera með sjúkdóm sem hamlar mér. Ég er líkamlega neydd til þess að gera lítið og láta streitu ekki hafa of mikil áhrif á mig. Það hefur tekið mig mörg ár að finna jafnvægi.

Hvernig verður árið 2019?

Áslaug: Árið 2019 verður gott, en eins og með alla góða hluti þarf að hafa fyrir þeim, þannig að ég geri alls ekki ráð fyrir að árið verði án áskorana.

Erfiðir tímar vegna veikinda hjálpuðu mér á framabrautinni

Bjarki Már Ólafsson er 24 ára gamall Seltirningur sem hefur mikinn metnað fyrir starfi sínu. Hann var efnilegur knattspyrnumaður en veikindi komu í veg fyrir að hann gæti uppfyllt draum sinn að verða atvinnumaður sem leikmaður. Hann þráði þess í stað að þjálfa leikmenn í hæsta gæðaflokki og er leiðin á þann stað í góðum farvegi.

Hjörvar Ólafsson
hjorvaro@frettabladid.is

Þegar Heimir Hallgrímsson var kynntur til leiks sem aðaþjálfari katarska knattspyrnuliðsins Al Arabi var á sama tíma tilkynnt að með honum í för á þessar framandi slóðir yrði ungur og tiltölulega óþekktur íslenskur þjálfari.

Þessi 24 ára Seltirningur sem verður í þjálfarateymi Heimis heitir Bjarki Már Ólafsson og hefur þrátt fyrir ungan aldur bæði reynt margt í lífinu og komið nafni sínu vel á framfæri í íslenskum þjálfaraheimi.

Þegar hann var tæplega tvítugur gekkst hann undir nauðsynlega hjartaaðgerð, en meðfæddur hjartagalli var farinn að há honum í daglegu lífi. Hjarta hans vann undir töluvert meira álagi en gerist og gengur hjá einstaklingum með eðlilega hjartastarfsemi og leki frá hjartaloku hans orðinn svo mikill að aðgerð var óhjákvæmileg.

Veikindi hans urðu til þess að stefnubreyting varð á knattspyrnuferli hans, en í stað þess að stefna að því að verða knattspyrnumaður í fremstu röð sett Bjarki Már stefnuna á að ná frama í þjálfarabransanum. Það hefur svo sannarlega tekist.

Hann hefur sinnt hinum ýmsu störfum fyrir uppeldisfélag sitt, Gróttu, meðal annars þjálfað yngri flokka hjá félaginu. Hann var svo 22 ára gamall ráðinn yfirþjálfari Gróttu sem er nokkuð sjaldgæft þegar tekið er mið af aldri hans þegar hann tók við starfinu. Þá hefur hann sinnt afreksæfingum hjá félaginu og síðasta eina og hálfa árið verið í þjálfarateymi meistaraflokks karla hjá Seltjarnarnesliðinu sem fór upp úr 2. deild í haust.



Bjarki Már er hér við störf við þjálfun, en hann mun vinna bæði bak við tjöldin og á æfingasvæðinu. MYND/AL ARAABI

Bjarki Már ræðir hér málin við Heimi Hallgrímsson og meðlim í þjálfarateymi Al Arabi. MYND/AL ARABI

Hefur skýr markmið um ferilinn

Í aðdraganda heimsmeistaramótsins í Rússlandi í sumar fékk Heimir svo Bjarka Má til þess að sinna störfum fyrir íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fyrir og á meðan á mótinu stóð. Bjarki Már sinnti leikgreiningu fyrir íslenska liðið og bauðst að fara út á HM og starfa fyrir liðið á þessari sögulegu stund í íslenskri knattspyrnu.

Þegar rætt er við Bjarka Má kemur fljótlega í ljós hvers vegna Heimir ákvað að fá hann til aðstoðar við sig við þjálfun íslenska liðsins og síðar Al Arabi. Hann virðist við fyrstu kynni afar þroskaður og skýr einstaklingur sem veit upp á hár hvert hann vill stefna. Þá er hann vel að sér í knattspyrnufræðunum og með skemmtilega hugmyndafræði þegar kemur að því hvernig nálgast á einstaklinginn og spila knattspyrnu.

„Ég hef ávallt sett mér skýr markmið og tileinkað mér það að leggja hart að mér hvern einasta dag til að færa mig nær þeim. Fyrir fimm árum varð það ljóst að ég yrði að breyta um vettvang innan knattspyrnunnar úr því að spila sjálfur í að þjálfa vegna hjartavandræða minna. Ég hafði mikinn metnað sem leikmaður og stefndi í atvinnumennsku. Þegar ég byrjaði að þjálfa vissi ég það strax að mig langaði að starfa erlendis í umhverfi sem myndi efla mig enn frekar og þroska mig sem þjálfara. Ég stefndi leynt og ljóst að því og nú hef ég fengið slíkt tækifæri sem ég er afskaplega þakklátur fyrir og það er bara algjör draumur. Jafnframt er ég meðvitaður um það að halda áfram að afla mér þekkingar og reynslu til að færa mig nær næstu markmiðum," segir hann þegar Fréttablaðið hringir í hann til Katar rúmri viku eftir að hann er fluttur til Doha.

„Það er erfitt að lýsa katörsku samfélagi, en hlutirnir gerast mjög hratt hérna og það er nokkuð yfirþyrmandi hversu stórt allt er hérna. Æfingaaðstaður liðsins eru á allt öðru stigi hvað gæði varðar en það sem ég hef áður séð. Ég hef heimsótt félög í hæsta gæðaflokki bæði á Norðurlöndum og í Evrópu. Aðstæðurnar þar standast engan samanburð við það sem er til staðar hér. Komast raunar ekki í hálfkvisti við þetta. Það segir sína sögu að á næstu vikum munu franska stórliðið PSG og þýska stórveldið Bayern München æfa hér. Þá flykkjast landslið víða að til að nýta sér aðstöðuna í æfingu og keppni á þessum tíma árs. Svo maður getur fylgst með aðferðum færustu þjálfara heims og lært af þeim," segir hann um fyrstu kynni sín af Katar.

> FYRIR FIMM ÁRUM VARÐ ÞAÐ LJÓST AÐ ÉG YRÐI AÐ BREYTA UM VETTVANG INNAN KNATTSPYRNUNNAR ÚR ÞVÍ AÐ SPILA SJÁLFUR Í ÞAÐ AÐ ÞJÁLFA VEGNA HJARTAVANDRÆÐA MINNA.

Það er ekki algengt að svo ungur þjálfari fái tækifæri til þess að þjálfa í atvinnumannaumhverfi. Bjarki Már segist eiga uppeldisfélaginu margt að þakka fyrir skjótan frama sinn í þjálfaraheiminum.

Uppeldisfélagið á stóran þátt

„Grótta tók vel á mínum málum þegar í ljós kom að ég þyrfti að leggja skóna á hilluna vegna veikinda. Þeir buðu mér verkefni og sáu um að móta mig sem þjálfara. Þeir treystu mér fljótlega fyrir ábyrgðarfullum verkefnum og ég var fremur snöggur að vinna mig upp metorðastigann hjá félaginu. Það að hafa þjálfað krakka á öllum aldri hefur þróað og þroskað hugmyndafræðina. Vegna þess að ég hef þjálfað leikmenn á öllum aldurs- og getustigum horfi ég á það sem getur gerst og hægt er að laga. Að sama skapi hugsa ég lengra fram í tímann," segir hann um fyrstu árin í þjálfun.

„Fljótlega var mér treyst fyrir því að taka við sem yfirþjálfari knattspyrnudeildar Gróttu. Við Magnús Örn Helgason smíðuðum „Gróttuleiðina", stefnu fyrir yngriflokkastarf félagsins sem á að vera meistaraflokkum félagsins til heilla. Þar er lögð áhersla á það meðal annars að sinna hverjum og einum einstaklingi eins vel og nokkur kostur er og finna verkefni við hæfi fyrir hann. Markmið stefnunnar var að hugsa til lengri tíma hvað varðar langtímamarkmið iðkenda Gróttu. Mér finnst hafa tekist vel til með að fylgja þessari stefnu og ungir leikmenn hafa fengið tækifæri til þess að vaxa og þroskast og gegna stórum hlutverkum í meistaraflokkum félagsins með góðum árangri. Það var mér ómetanlegt að fá að vera yfirþjálfari 22 ára gamall og öðlast þá reynslu sem því starfi fylgir. Þá stend ég í þakkarskuld við Óskar Hrafn Þorvaldsson og Halldór Árnason sem tóku mig inn í þjálfarateymi meistaraflokks karla. Þeir hjálpuðu mér mikið og ég lærði fjölmargt af þeim. Ég væri ekki í Katar að þjálfa hjá atvinnumannaliði og á þeirri vegferð sem ég er á í dag ef ég hefði ekki fengið þau tækifæri sem Grótta veitti mér," segir Bjarki Már um ár sín á Seltjarnarnesinu.

Á meðan Bjarki Már starfaði hjá Gróttu fór hann í athyglisvert verkefni á aðrar framandi slóðir fyrir

VERSLANIR ICEWEAR

REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 38 · LAUGAVEGUR 89-91 **OUTLET**
FÁKAFEN 9 **OUTLET** · **KÓPAVOGUR** SMÁRALIND · **AKUREYRI** HAFNARSTRÆTI 106 · **VÍK** AUSTURVEGUR 20 · **VESTMANNAEYJAR** BÁSASKERSBRYGGJA 2

ÉG HAFÐI MIKINN METNAÐ SEM LEIKMAÐUR OG STEFNDI Á ATVINNUMENNSKU. ÞEGAR ÉG BYRJAÐI AÐ ÞJÁLFA VISSI ÉG STRAX AÐ MIG LANGAÐI AÐ STARFA ERLENDIS.

íslenskt samfélag. Hann starfaði í Kólumbíu við þjálfun í fátækrahverfinu Ciudad Bolivar í Bógóta og í kjölfarið flutti hann til Svíþjóðar. Hann langaði að komast inn í akademíuumhverfi og átti þess kost á sænskri grundu.

Fékk tilboð að utan um þjálfun

„Árið 2014 var Magni Fannberg, sem er núna yfirmaður akademíunnar hjá norska liðinu Brann, að starfa fyrir sænska liðið Brommapojkarna. Hann hafði lesið sögu mína í grein sem birtist í fjölmiðlum í kringum jólin 2013, eftir að Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þáverandi fræðslustjóri KSÍ og þjálfari ÍBV, hafði deilt samskiptum okkar á samfélagsmiðlum og vakið athygli á því að ég þurfti að hætta að leika fótbolta vegna veikinda langt fyrir aldur fram. Siggi Raggi hjálpaði mér mikið að taka skrefið yfir í þjálfun með því að bjóða mér hlutverk í leikgreiningu hjá ÍBV. Það var jafnframt í fyrsta skipti sem ég kynntist því sviði fótboltans.

Í framhaldinu bauð Magni mér að heimsækja sig til Stokkhólms til að kynnast starfinu þar. Ég skrópaði í útskriftarferð Verzló og varði viku heima hjá Magna og fylgdist með æfingum og leikjum hjá félaginu. Þá kynntist ég atvinnuþjálfaralífinu fyrir alvöru og stefnan varð enn skýrari. Ári seinna, þegar Þorlákur Árnason var yfirmaður akademíunnar hjá sama liði, fékk ég að þjálfa á nokkrum æfingum og þegar ég loks flutti til Stokkhólms árið 2016 átti ég í viðræðum við AIK um að starfa í akademíunni þar.

Ég hafði farið í umfangsmikla hjartaaðgerð rúmum mánuði áður en ég fór til Svíþjóðar og ég þurfti lengri tíma til þess að jafna mig eftir þá aðgerð. Í ljósi þeirra aðstæðna varð ég að gefa frá mér það starf sem mér stóð til boða í Stokkhólmi og halda heim til Íslands," segir hann.

Hjartaaðgerðin þroskaði mig

„Hjartavandamálin og aðgerðin sem á eftir fylgdi reyndu verulega á en tímabilið eftir aðgerðina hefur reynst mér mjög lærdómsríkt og þroskandi. Fyrir hjartaaðgerðina var lekinn í hjartalokunum svo mikill að hjartað vann undir miklu álagi. Ég viðurkenni það fúslega að ég var eðlilega þó nokkuð stressaður og kvíðinn í aðdraganda aðgerðarinnar. Þetta er mikið inngrip í líkamsstarfsemina og mánuðirnir fyrir aðgerð voru erfiðir. Ég á sem betur fer gott fólk að sem hjálpaði mér í yfir þennan hjalla. Aðgerðin gekk eins og best varð á kosið og ég finn ekkert fyrir einkennum hvorki í leik né starfi núna sem er frábær tilfinning," segir þessi geðþekki piltur um erfiða tíma í sínu lífi.

„Þó svo að aðgerðin hafi gengið vel var mér kippt út úr daglegu lífi. Það tók þó nokkurn tíma að komast aftur í eðlilega rútínu og að jafna mig eftir aðgerðina. Ég ætlaði mér að byrja að starfa mánuði þar á eftir í nýju landi. Það reyndist eftir á að hyggja aðeins of bratt. Eftir að hafa verið kvíðinn og stressaður fyrir aðgerðina tók við þungt og erfitt tímabil. Það tók tíma að vinna sig út úr því," segir hann enn fremur um tímann í kringum aðgerðina. Hann segir að hann hafi hins vegar jafnað sig að fullu bæði líkamlega og andlega nokkrum mánuðum seinna.

Heimir Hallgrímsson hefur mikla trú á Bjarka Má og lagði ríka áherslu á að fá hann í teymið í Katar. MYND/AL ARABI

Heimir vildi taka mig með sér

Eftir heimsmeistaramótið hætti Heimir störfum sem þjálfari íslenska liðsins og fór að leita að nýju starfi í þeim bransa. Það var fljótlega ljóst að hann hefði hug á því að taka Bjarka Má með sér í það starf sem hann tæki að sér. Heimir var meðal annars í viðræðum við kanadíska liðið Vancouver Whitecaps og til stóð að Bjarki Már fylgdi honum þangað. Á endanum fékk Heimir ekki það starf og tók svo við Al Arabi með Bjarka Má sér til aðstoðar.

„Þetta er ofboðslega spennandi, allt hér er mjög nýtt og ég þekkti ekkert til hér áður en ég kom. Vitneskjan var ekki mikil áður en ég frétti af því að ég væri að fara til Katar, en ég sé það samt strax að aðstaðan og aðbúnaðurinn er í algjörum sérklassa. Fyrstu dagarnir hafa farið í það að kynnast leikmönnum og taka stöðuna á leikmannahópnum sem er til staðar hjá félaginu. Það er margir mjög frambærilegir leikmenn í þessu liði sem og í deildinni hérna, þar á meðal Xavi Hernandez og Wesley Sneijder. Það er verið að undirbúa landslið Katar undir að vera klárir í að vera gestgjafar heimsmeistaramótsins árið 2022. Það er vel hlúð að ungum leikmönnum í Katar og þeir fá góða leiðsögn og þjálfun frá unga aldri," segir hann um hvernig katörsk knattspyrna kemur honum fyrir sjónir.

„Fótboltakúltúrinn er nokkuð sterkur, og stuðningsmenn liðanna virðast fylgjast vel með. Það mæta margir og það er góð stemming þegar vel gengur. Það er okkar verkefni að bæta árangur liðsins og auka stemmingu í kringum klúbbinn sem á sér glæsta sögu. Við fórum á toppslag deildarinnar um daginn og það var vel mætt og góð stemming. Spennandi að sjá hver þróunin verður. Síðustu tvö

Heimir Hallgrímsson handsalar samning sinn við Al Arabi. MYND/AL ARABI

árin hefur margt breyst og jákvæð skref tekin og ég held að það séu jákvæðir tímar fram undan hérna," segir Bjarki Már.

„Við erum með flott þjálfarateymi, aðstoðarþjálfarinn er spænskur reynslubolti sem hefur meðal annars starfað í belgísku úrvalsdeildinni. Hann hefur þar að auki þjálfað í La Masia, akademíunni hjá Barcelona. Markmannsþjálfarinn er Belgi og fitnessþjálfarinn Spánverji. Þetta eru miklir fagmenn sem deila reynslu sinni með manni og hjálpa manni að verða betri þjálfari. Í heildina er þetta mjög öflugt starfslið og það er virkilega vel að öllu staðið," segir hann um samstarfsmenn sína.

„Mitt hlutverk verður leikgreining og undirbúningur fyrir leiki. Ég mun sjá um að leikgreina mótherja okkar og koma að undirbúningi leikja liðsins út frá okkar uppleggi og leikfræði. Svo verð ég inni á öllum æfingum og tek virkan þátt í þjálfun liðsins. Ég hef ekki langa eða mikla reynslu af þjálfun, hvað þá á þessu getustigi og það er gulls ígildi að fá svona veigamikið hlutverki í leikgreiningu og þjálfun liðsins. Ég er afar þakklátur Heimi fyrir það traust sem hann ber til mín," segir hann.

„Ég flutti einn hingað út og kærastan mín varð eftir heima. Hún stefnir hins vegar á að koma hingað eftir nokkrar vikur. Þá hafa vinir og ættingjar pantað gistingu hér í stríðum straumum og það er nánast fullbókað hjá mér næstu mánuðina. Þabbi er fyrsti gestur en hann mun verja jólum og áramótum hérna hjá mér. Ég hef því ekki áhyggjur af því að ég muni missa tengslin við fólkið heima á meðan ég verð hérna," segir Bjarki Már að endingu um komandi tíma.

Fagmannleg og góð vinnubrögð Bjarka Más vöktu verðskuldaða athygli á þeim vettvangi sem hann starfaði á og samhliða hélt hann úti bloggsíðu sem vakti athygli. Öðrum hvorum megin við síðustu áramót fangaði hann athygli Heimis sem var þá þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu sem var á leið í sitt stærsta verkefni í sögunni. Þó svo að samstarf Bjarka Más og Heimis hafi byrjað í ársbyrjun á þessu ári á það sér þó lengri aðdraganda.

Lærði mikið í Rússlandi

„Ég hef fylgst með Heimi síðan hann var að þjálfa ÍBV og svo hjá KSÍ. Lars Lagerbäck kemur svo til skjalanna og ég sé að það eru spennandi tímar fram undan. Ég hætti sjálfur að spila knattspyrnu haustið 2013 og vantaði vinnu sumarið 2014 og var spenntur fyrir starfi íslenska karlalandsliðsins á þeim tíma. Ég var ráðinn sem vallarstarfsmaður á Laugardalsvelli sumarið 2014 og átti þess kost að fylgjast með störfum Heimis, Lars og Freys Alexandssonar með landsliðum KSÍ. Þar fékk ég smjörþefinn af topp-þjálfurum. Það að vera nálægt þeim var mjög hvetjandi og skerpti sýn mína hvað þjálfun varðar," segir hann um fyrstu kynni sín af Heimi. „Ég var svo vallarstarfsmaður þegar Pep Guardiola kom hingað með Manchester City til þess að spila æfingarleik. Ég átti samskipti við þá og það var mjög gefandi.

Við Heimir eigum báðir ættir að rekja til Vestmannaeyja, hann innfæddur Eyjamaður líkt og pabbi minn.

Árið 2017 fór ég til Danmerkur sem var liður í þjálfaramenntun minni þegar ég var að sækja mér UEFA A-gráðuna. Heimir var kennari á því námskeiði. Ég flutti leikgreiningarverkefni þar og Heimir var hrifinn af vinnunni hjá hópnum mínum.

Seinna í náminu fékk ég Ólaf Helga Kristjánsson sem yfirleiðbeinanda minn og af honum lærði ég mikið. Ég er ævinlega þakklátur fyrir það tækifæri sem KSÍ gaf mér við að veita mér aðgöngu að náminu til UEFA A-gráðunnar þetta ungum að árum.

Ég útskrifaðist snemma árs 2018 og í vor ákvað ég að heyra í Heimi og óskaði eftir því að fá fund með honum til þess að fá ráðleggingar um störf mín og næstu skref á þjálfaraferlinum. Þar nefnir Heimir að ég komi inn í leikgreiningarteymið hjá íslenska karlalandsliðinu. Liðið er þarna á leiðinni á heimsmeistaramótið og ég varð samstundis rosalega spenntur," segir hann.

„Ég fékk lítið verkefni til að byrja með þar sem ég fékk að fylgjast með Davíð Snorra, Arnari Bill og Frey sem mynduðu á þessum tíma leikgreiningarteymið í kringum íslenska liðið. Ég fékk svo að leikgreina Noreg fyrir vináttulandsleik við þá í aðdraganda heimsmeistaramótsins. Ég var meðvitaður um að þarna bauðst stórt tækifæri til að sýna hvað í mér bjó. Og ég var staðráðinn í að nýta mér það til fulls. Á þessari stundu kristallaðist það í huga mér að nýta tækifærið á vettvangi þjálfunar þar sem draumar mínir sem leikmanns brustu. Ég lagði mikla vinnu og metnað í verkefnið. Mér gekk vel að kynna vinnuna fyrir þjálfarateyminu og þeir ákváðu að bjóða mér í framhaldinu að kynna greininguna fyrir leikmönnum íslenska landsliðsins.

Mér bauðst síðan að fara til Rússlands og kynnast því hvernig liðið starfaði þar. Það var geggjuð reynsla og eitthvað sem ég mun búa að alla ævi.

Ég naut hverrar mínútu og þetta var fyrst og fremst ofboðslega skemmtilegur tími. Ég var bara eins og svampur að soga að mér þekkingu. Þetta var eitthvað sem ég mun aldrei gleyma og verð alltaf þakklátur fyrir," segir Bjarki Már um tíma sinn í Rússlandi.

„Þetta var jafnframt stórt stökk sem opnaði enn fleiri möguleika. Um haustið fékk Freyr Alexandersson mig til að sinna sams konar vinnu fyrir kvennalandsliðið í undankeppni HM," segir hann um upphaf starfa sinna sem leikgreinandi hjá KSÍ.

„Síðasta ár hefur verið ævintýri líkast. Hlutirnir hafa þróast hratt og ég hef aflað mér aukinnar reynslu og þekkingar á nýju sviði."

ÞETTA ER OFBOÐSLEGA SPENNANDI, ALLT HÉRNA ER MJÖG NÝTT OG ÉG ÞEKKTI EKKERT TIL ÁÐUR EN ÉG KOM. ÉG SÁ ÞAÐ HINS VEGAR STRAX AÐ AÐSTÆÐUR HÉR ERU Í ALGJÖRUM SÉRKLASSA.

GÆÐATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI

DANSKUR NORMANNSÞINUR - STÓR OG FALLEG JÓLATRÉ

ATHUGIÐ EINGÖNGU Í KVIKK, DALVEGI

EITT VERÐ ALLAR STÆRÐIR
150-220 CM
3.490 STK

Þú greiðir inni í versluninni og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun afhendingarmiða.

netgíró

Kvikk
ON THE GO

Gildir á meðan birgðir endast

„Ég stefni á það að kaupa mér íbúð. Það kostar mikla vinnu en ég er bjartsýnn, segir Bartosz sem er 29 ára gamall og er frá Póllandi. „Það er of dýrt að búa á leigumarkaði á Íslandi. Á móti eru launin hærri hér en heima. Það er ekki ólíkt jólahald í Póllandi og á Íslandi. Við bökum brauð og höldum upp á jólin á aðfangadag og jóladag eins og hér. Þetta er fjölskylduhátið, segir Bartosz og segir þó ekki jafnmikla áherslu á gjafir og honum sýnist vera hér á landi.

Fólkið sem kemur með jólin til þín

Ljósmyndir
Sigtryggur Ari Jóhannsson
Anton Brink Hansen

Blaðamaður
Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
Kristjana@frettabladid.is

Starfsfólk ORA hefur í nógu að snúast enda linnir eftirspurn landsmanna lítið eftir grænum baunum. Í Costco starfar fólk með ólíkan og fjölbreyttan bakgrunn og það sama má segja um IKEA en þar er vinsæll jólamatur reiddur fram og smákökudeig selst í tonnatali.

„Ég hef unnið hér í þrjátíu og sex ár," segir Valgeir Ellertsson. „Það er stundum mikið að gera. Ég er kominn hingað um sjö leytið og farinn klukkan fjögur. Ég ætla bara að vera heima hjá mér um jólin. Ég fæ mér alveg grænar baunir með jólamatnum. En stundum ekki. Ég bý einn í Hafnarfirði. Ég er með gervijólatré. Mér finnst gott að hanga bara og slaka á um jólin."

ÞAÐ ER HELST VEÐRIÐ OG MYRKRIÐ SEM ER STUNDUM ERFITT EN MÉR FINNST GOTT AÐ VERA HÉR.

Liridona Shala er frá Kósovó og hefur unnið hjá fyrirtækinu í sex ár. „Það er helst veðrið og myrkrið sem er stundum erfitt en mér finnst gott að vera hér, ég er farin að tala smá íslensku."

nettó

Hér koma bókajólin!

Úlfar og kokkarnir á Frökkunum
3.349 kr.



Aron - Sagan mín
4.409 kr.

Fíasól gefst aldrei upp
3.249 kr.



Vísindabók Villa - Truflaðar tilraunir
3.704 kr.

Hvítabirnir á Íslandi
4.879 kr.



Sölvasaga Daníelssonar
4.409 kr.



Brúðan
4.269 kr.

Siggi sítróna
3.249 kr.

PAX - Níðstöngin
2.639 kr.



Bieber og Botnrassa í Bretlandi
3.249 kr.

Tilboðin gilda 22. - 23. desember

Karim er frá Úganda, einu fátækasta ríki heims, en fluttist hingað til lands fyrir tíu árum með íslenskri kærustu sinni. Þau eru núna skilin en hann býr áfram hér á landi vegna barna sinna. Hann var í leit að geitakjöti til að elda á jólunum fyrir börnin sín. Rétt sem svipar til íslenskrar kjötsúpu en geitakjötið í aðalhlutverki. „Börnin mín elska að borða þennan rétt en það er því miður erfitt að finna geitakjöt á Íslandi. Ég er ekkert að leita að ástinni. Ástin finnur mig. Ég er miklu frekar að leita að jafnvægi í lífinu og er sáttur. Jólin snúast líka um það, að finna fyrir sátt. Það er stundum skrýtið að sjá hér hvað fólki finnst það þurfa mikið. Þegar allt sem það þarf er innra með því.“

ÁSTIN FINNUR MIG. ÉG ER MIKLU FREKAR AÐ LEITA AÐ JAFNVÆGI Í LÍFINU OG ER SÁTTUR.

„Ég hef verið hér í tvö ár. Mér finnst gott að vera hér, IKEA er góður vinnustaður og viðskiptavinirnir kurteisir. Það er mikið að gera fyrir jólin en það finnst mér ekki leiðinlegt. Mér finnst gaman að vinna.“ Minh Tam Nguyen, 19 ára.

„Ég býð í Breiðholti. Ég kom til Íslands fyrir fimm árum og hef unnið hjá IKEA í tvö ár. Það er brjálað að gera hér á kvöldin og um helgar. Mér finnst það svo gaman. Ég verð með frænku minni og við höfum svínakjöt, stundum lambakjöt. Með rauðkáli, ég elska rauðkál. Við blöndum saman hefðum, íslenskum og víetnömskum. Ég elska veturinn og snjóinn. Í Víetnam sér maður ekki snjó og mér finnst gaman að leika mér í honum,“ segir Tien Dat Hoang sem kallar sig Viktor á Íslandi og er frá Víetnam. Hann er tuttugu og fimm ára gamall og starfar í eldhúsi IKEA.

„Mér finnst betra að hafa jákvæða afstöðu til lífsins. Það er val.“ Vivianne er fædd í Kenýa en hefur búið á Íslandi í meira en tíu ár. Hún er þekkt fyrir glaðlyndi sitt. Á dögunum stöðvaðist afgreiðslukerfi Costco og þá gekk Vivianne um og bauð viðskiptavinum kaffi og kökur.

Dubryanka er frá Króatíu, unnusti hennar spilar fótbolta hér á landi. Brátt flytja þau til Akureyrar og hún segist hlakka til. Hefur heyrt að þar séu sumrin hlýrri og veturnir bjartari en snjóþungir.

Guðsþjónustur

LAUGARDAGUR 22. DESEMBER 2018

Upplifði kraft guðs

Séra Dís Gylfadóttir upplifði sín fyrstu jól sem prestur í fyrra þegar hún messaði yfir tvö hundruð manns í miðnæturmessu í Lindakirkju. Hún segir jólaguðspjallið eiga vel við í dag enda boði það nýja von. →2

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Helgihald í Breiðholtskirkju

Aðfangadagur 24. des.
Aftansöngur kl. 18
- Prestur sr. Magnús Björn Björnsson
- Organisti Örn Magnússon
- Kór Breiðholtskirkju syngur
- Sönghópur kirkjukrakkanna syngur undir stjórn Bjargar Pétursdóttur

Jóladagur 25. des.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14
- Prestur sr. Magnús Björn Björnsson
- Organisti Örn Magnússon
- Kór Breiðholtskirkju syngur

Annar jóladagur 26. des.
Jólaguðsþjónusta á ensku kl. 14
Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju
- Prestur innflytjenda sr.Toshiki Toma

Gamlársdagur 31. des.
Aftansöngur kl. 18
- Prestur sr. Magnús Björn Björnsson
- Organisti Örn Magnússon
- Kór Breiðholtskirkju syngur

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

„Ég slasaðist alvarlega í bílslysi þegar ég var 19 ára. Ég varð blind til helmings á báðum augum. Þá var beðið fyrir mér og sjónsvið mitt opnaðist. Við það sannfærðist ég um að guð væri raunverulegur og hjá mér kviknaði lifandi trú," segir séra Dís Gylfadóttir, prestur í Lindakirkju. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Dís útskrifaðist úr guðfræði fyrir fjórum árum en fékk úthlutað brauði í Lindakirkju í nóvember í fyrra. Hún er því að upplifa sín önnur jól sem prestur. „Aðventan í kirkjunni er ótrúlega skemmtilegur tími. Hér er mikið um að vera, við fáum skóla- og leikskólaheimsóknir og héldum vel heppnaða aðventuhátíð til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar. Þann daginn voru þúsund manns í kirkjunni yfir daginn."

Á aðfangadag sjálfan eru þrjár messur í Lindakirkju sem um 1.200 manns sækja. Klukkan 16 er fjölskyldumessa, aftansöngur klukkan 18 og miðnæturmessa klukkan 23.30. Prestarnir þrír í kirkjunni skipta verkum á milli sín og í fyrra messaði Dís í miðnæturmessunni og í sveitamessu á annan í jólum. „Miðnæturmessan var yndisleg, allir svo slakir enda búið að opna alla pakkana og borða góðan mat," segir Dís sem kunni því vel að standa fyrir framan nokkur hundruð manns um miðnæturbil. „Ég er ekki mikið fyrir athygli en mér líður afar vel í þessum aðstæðum enda finnst mér ég vera að sinna því sem mér var ætlað."

En hvað með jólaguðspjallið, á það við í dag? „Já, það á alltaf við. Það segir frá því þegar frelsarinn fæddist og kom með nýja von. Við getum alltaf fundið von í trúnni og guðspjöllunum."

Lifandi trú

Dís hefur lengi verið staðföst í sinni trú enda hefur hún sjálf fengið að upplifa kraft guðs. „Ég slasaðist alvarlega í bílslysi þegar ég var 19 ára. Ég varð blind til helmings á báðum augum. Þá var beðið fyrir mér og sjónsvið mitt opnaðist. Við það sannfærðist ég um að guð væri raunverulegur og hjá mér kviknaði lifandi trú."

Hún ákvað þó ekki þá að fara í guðfræði heldur byrjaði að læra þroskaþjálfun. „Ég fann mig ekki í náminu og bað þá guð að opna augu mín fyrir hans vilja. Á þeim tíma kom prestur fatlaðra í tíma til okkar. Eftir tímann sátum við og spjölluðum og ég ákvað í kjölfarið að breyta um stefnu og fara í guðfræði. Þar fann ég mig um leið og í fyrsta sinn í langan tíma langaði mig að vita allt sem stóð í skólabókunum," lýsir Dís.

„Ég hef fengið að upplifa kraft guðs og er sannfærð um að hann sé til og elski mig og okkur öll. Að hann vilji okkur aðeins það besta og að við getum leitað til hans í öllum aðstæðum," segir Dís.

Hlustar á útvarpsmessuna

Í ár messar séra Dís í Lindakirkju klukkan 11 á jóladag og á gamlársdag klukkan 17. Á aðfangadag verður hún því í faðmi fjölskyldu sinnar og hlustar á messuna í útvarpinu. „Ég ólst upp við þann sið að hlusta á messuna í útvarpinu yfir borðhaldinu," segir Dís en hún og maður hennar eiga bæði börn saman og stjúpbörn og því jólin ekki eins frá ári til árs. „Stundum er hér fullt hús en önnur jól erum við aðeins þrjú saman, en alltaf er þetta yndislegur tími."

Ein hefð er þó ávallt í hávegum höfð og það er matseðillinn. „Við borðum alltaf humarsúpu í forrétt, hamborgarhrygg í aðalrétt og jólaís í eftirrétt, og þetta er bara borðað einu sinni á ári," segir Dís glettin og óskar landsmönnum gleðilegra jóla.

Jól og áramót í Hallgrímskirkju

24. desember.
Aðfangadagur jóla
Aftansöngur kl. 18.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Helga Vilborg Sigurjónsdóttir.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.
Margrét Helga Kristjánsdóttir leikur á flautu.
Björn Steinar Sólbergsson leikur á undan athöfn.

24. desember.
Aðfangadagur jóla
Miðnæturguðsþjónusta á jólanótt kl 23.30
Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.
Schola cantorum syngur.
Einsöngvarar eru Guðmundur Vignir Karlsson og Hildigunnur Einarsdóttir.
Daði Kolbeinsson leikur á óbó.
Sif Margrét Tulinius leikur á fiðlu.
Stjórnandi og organisti er Hörður Áskelsson.
Hörður Áskelsson leikur jólatónlist á undan athöfn.

25. desember. Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.
Einsöngvari er Ásta Marý Stefánsdóttir.

26. desember. Annar í jólum
Vonarlestrar og söngvar kl. 14.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Stjórnandi og organisti er Hörður Áskelsson.
Lesarar úr hópi kórfélaga og messuþjóna.

30. desember
Vonarlestrar og söngvar kl. 11.00
Kór Menntaskólans í Hamrahlíð
Stjórnandi: Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Messa á ensku kl. 14.00
Hátíðarhljómar við áramót kl. 17.00

31. desember. Gamlársdagur
Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.00
Aftansöngur kl. 18.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson

1. janúar. Nýársdagur
Hátíðarmessa kl. 14.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur. Messuþjónar aðstoða.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Organisti er Hörður Áskelsson.

Allir velkomnir
www.hallgrimskirkja.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653 | Veffang: frettabladid.is

Fólk

Helgin

Herdís Vattnes, verslunarstjóri hjá Betra baki, segir sængurfatnað einstaklega hlýlega jólagjöf og fátt betra en að sofna á jólanótt með nýja sæng. MYND/EYÞÓR

Draumur á jólanótt

Dásamlegur nætursvefn er tryggður á jólanótt með rúmfötum, kodda eða sæng frá Betra baki. Undurgott er að stíga fram úr í hlýjan náttslopp og heilsuinniskó á jóladagsmorgun, vitandi að jólasælan er rétt að byrja. →2

Mozart
við kertaljós

Dómkirkjunni
í kvöld kl. 21.00

Camerarctica

Miðaverð 3000/2000
TIX.IS eða við inngangin

ENZYMEDICA®
Njóttu þín
um
hátíðarnar!

Undri inniskórnir eru hin fullkomna jólagjöf sem hentar öllum. MYND/EYÞÓR

Að velja sér nýtt rúm er ekki daglegt brauð og hjá Betra baki er lögð áhersla á að fólk njóti ánægjulegrar upplifunar við val á rúmi.

Hjá Betra baki fást gullfalleg teppi, dúnmjúk lök og annar sængurfatnaður, dásamleg jólailmkerti frá Ralph Lauren og önnur skemmtileg smávara sem hentar einstaklega vel í jólapakkann.

Nú er fáanleg splunkuný og glæsileg lína af ilmkertum frá Ralph Lauren.

Hjá Betra baki fást dýrindis gormadýnur og Tempur-dýnur í öllum verðflokkum, stillanleg og venjuleg rúm, og úrval rúmgafla sem hægt er að velja í stíl við heimilið.

Sængurfatnaður er einstaklega hlýleg jólagjöf og fátt betra en að sofna á jólanótt með nýja sæng. Maður finnur mikinn mun og sanna sælu," segir Herdís Vattnes, verslunarstjóri í Betra baki. Þar er stemningin einkar jólaleg nú síðustu dagana fyrir jól, enda verið að velja notalegan varning í jólapakkana fyrir náðugustu stundir heimilislífsins.

„Eitt af því sem margir velja til jólagjafa eru silkimjúk bómullarteygjulök frá Bella Donna en þau eru blönduð með aloe vera-geli sem gerir lökin einstaklega mjúk viðkomu. Þessi lök eru algjört undur og hreinasti lúxus. Búið er að forþvo lökin sem er mikill kostur fyrir jólin því þá er hægt að setja þau beint á rúmin. Þá lofa rúmfötin okkar dásamlegri slökun og nætursvefni. Auk þess að vera falleg eru þau straufrí, úr silki og egypskri bómull frá Boss, Calvin Klein, Kenzo og Elegante," segir Herdís og náttslopparnir frá Boss og Calvin Klein hafa verið mjög vinsælir.

Þriðjungur ævinnar í rúminu

Betra bak hefur löngum verið rómað fyrir undursamleg rúm en mörgum kemur á óvart að þar fæst einnig breið lína húsgagna og hvers kyns húsbúnaður fyrir heimilið.

„Við erum með gullfalleg teppi, jólailmkerti frá Ralph Lauren, æðislega hægindastóla, t.d. frá Timeout, og yndislega mjúk rúmteppi. Nýlega bættist við dásamleg lína frá Veru Home úr hör, svo sem rúmföt, kósíbuxur og léttir sloppar úr hör, sem passa vel í jólapakkann," segir Herdís og rétt tæpir á úrvalinu.

„Hjá okkur fást einnig dýrindis gormadýnur og Tempur-dýnur í öllum verðflokkum, stillanleg og venjuleg rúm, og úrval rúmgafla sem hægt er að velja í stíl við heimilið. Hjá okkur fást einnig dýnur frá SERTA. Svo vorum við að bæta við rúmum frá sænska framleiðandanum Scapa, sem býr yfir áratuga langri þekkingu á hráefnum, handverki og þægindum. Rúmin frá Scapa ættu að fegra öll heimili. Allt sendum við svo heim og gerum tilbúið," segir Herdís glöð í bragði.

Hún segir æ fleiri átta sig á því að þeir verji einum þriðja ævi sinnar í rúminu og að gott rúm skilar sér ávallt í bættri heilsu og betri svefni. „Að velja sér nýtt rúm er þó ekki daglegt brauð og við leggjum áherslu á að fólk njóti ánægjulegrar upplifunar við val á rúmi," segir Herdís sem leiðbeinir viðskiptavinum við að finna dýnur sem henta líkama þeirra best þegar kemur að styrkleika og mýkt.

„Fyrir jólin er vinsælt hjá pörum að velja sér veglegri hluti í sameiginlega og rómantíska jólagjöf, og t.d. hafa mörg hjón komið og keypt sér nýtt rúm fyrir jólin," segir Herdís.

Fullkomin gjöf

Um síðustu jól slógu heilsuinniskórnir Undri í gegn og seldust upp fyrir hátíðarnar. „Undri er hin fullkomna jólagjöf sem hentar öllum. Nú er hægt að velja um fimm nýja og fallega liti, gráan, beige, bleikan, bláan og rauðan og skórnir fást í stærðum 35-47," segir Herdís.

Skórnir draga úr spennu, örva blóðflæði og veita örvun frá mjöðmum upp í höfuð með fimm svæða innleggi sem þrýstir undir ilina og líkir eftir kínversku nuddi í gegnum fimm taugapunkta á ilinni. „Undri er íslensk hönnun með nuddinnleggi frá virtum, þýskum framleiðanda. Við völdum nafnið á skóna, útlitið og efnið, sem er merinóull, og unnum að hönnun þeirra í samstarfi við stoðtækjafræðing svo að vellíðan og slökun yrði alger," segir Herdís.

Þar sem starfsfólk Betra baks veit ekkert betra en að gleðja aðra á þessum árstíma fá þeir sem kaupa tvö eða fleiri pör af Undra inniskónum að gjöf bókina Hugsanir hafa vængi. Höfundur er Konráð Adolphsson sem stofnaði Dale Carnegie á Íslandi. „Það er vel við hæfi, enda ekkert betra en að hjúfra sig upp í góðu rúmi með góða bók í hönd," segir Herdís brosandi.

„Svo erum við að prófa okkur áfram með vistvæn ullarundirföt frá kanadíska merkinu Kombi, sem er unnið úr 100% Merino ull og fæst bæði fyrir herra og dömur."

Mjúku og notalegu slopparnir frá BOSS eru vinsælir til jólagjafa.

Tempur-koddarnir sívinsælu

Sívinsæl jólagjöf úr Betra baki er Tempur-koddi sem lagar sig að hita og þyngd þess sem á honum hvílir. „Tempur aðlagast öxlum og hálsi og heldur hryggsúlunni í beinni línu með óskertu blóðflæði. Þeir sem einu sinni eignast Tempur-kodda vilja ekki annað enda fæst ekki jafn góður stuðningur í neinum öðrum koddum," segir Herdís.

Sængurnar í Betra baki eru líka vinsælar til jólagjafa. Sú sem flestir velja er hitajöfnunarsængin Temprakon og sæng úr 100 prósent gæsadúni.

„Temprakon nýtur verðskuldaðra vinsælda enda heldur hún alltaf réttu hitastigi og er aldrei of heit né of köld en þó úr 90 prósent dún ef verða skyldi mjög kalt. Gæsadúnsængin er lauflétt, umvefjandi og hlý, og maður upplifir einstaka vellíðan og þægindi með nýrri og vandaðri sæng á þreyttum kroppnum," segir Herdís.

Betra bak er opið til kl. 20 í kvöld og til kl. 23 á Þorláksmessu. Þar er þjónustan fyrsta flokks og tekið hlýlega á móti viðskiptavinum í jólalegri versluninni.

Betra bak er í Faxafeni 5 í Reykjavík og á Akureyri og Ísafirði. Sími 5 888 477. Sjá nánar á betrabak.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS Laugavegur 37 Hólmaslóð 2 / Grandi

WWW.FARMERSMARKET.IS

Safnar gamaldags jólakertum

Skrautleg og skemmtileg jólakerti setja mikinn svip á heimili Stefaníu Ársælsdóttur og Jóns Högna Stefánssonar nú þegar jólin eru á næsta leiti. Dóttir þeirra, Ingunn Anna Jónsdóttir, safnar gömlum jólakertum og hefur safnið stöðugt farið stækkandi.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Ingunn Anna og fallegu jólakertin. Sennilega eru fáir sem eiga jafnmörg jólakerti og hún.

Stefanía segir að Ingunn Anna hafi eignast sitt fyrsta jólakerti fyrir fjórum árum og upp frá því hafi hún byrjað að safna slíkum kertum. „Amma hennar, Ágústa Högnadóttir, á jólakertasafn og gaf henni jólasveinakerti þegar Ingunn Anna var tíu ára til að taka með sér á litlu jólin í skólanum. Henni fannst kertið svo fallegt að hún kveikti ekki á því heldur tók það með sér aftur heim. Ingunn Anna hafði áhuga á að eignast fleiri kerti í þessum stíl og smám saman hefur jólakertasafnið stækkað," segir Stefanía brosandi en fjölskyldan er búsett í Vestmannaeyjum.

Kerti í poka á hurðarhúninum

Jólakertin sem um ræðir samanstanda aðallega af jólasveinum og jólatrjám. Kerti af þessu tagi voru vinsæl hér á árum áður en þau eru ekki lengur á hverju strái. „Við höfum keypt þó nokkur á nytjamörkuðum og á sölusíðum á netinu en eftir að það spurðist út hér í Eyjum að Ingunn Anna væri að safna jólakertum hefur hún fengið fjölmörg að gjöf, jafnvel frá ókunnugu fólki. Sumir hafa skilið eftir poka með kertum á hurðarhúninum hjá okkur," segir Stefanía glöð í bragði og bætir við að sér finnist það mjög heimilislegt. „Þessi jólakertasöfnun er líka orðin hálfgert áhugamál hjá allir fjölskyldunni," segir hún.

Fékk jólakertasafn að gjöf

Eftir jólin í fyrra var Ingunn Anna svo heppin að Viktor Hjartarson, Vestmanneyingur sem hefur safnað jólakertum um árabil, gaf henni safnið sitt sem telur um hundrað kerti. „Viktor vissi að þau væru vel geymd hjá henni," segir Stefanía en áður höfðu jólakertin verið til sýnis í Safnheimum í Vestmannaeyjum.

Fyrir stuttu ákvað Stefanía síðan til gamans að auglýsa eftir jólakertum fyrir dóttur sína á Facebook. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og fóru langt fram úr hennar björtustu vonum. „Ingunn Anna á nú von á um fjörutíu kertum í pósti fyrir jólin. Það var ótrúlega skemmtilegt hvað fólk tók vel í að gefa henni jólakerti sem það á í fórum sínum. Margir eiga jólakerti frá því í barnæsku en vilja endilega bæta því í safnið hennar," segir Stefanía, ánægð með þessar góðu undirtektir. Hún segir að þegar öll kertin hafi skilað sér muni Ingunn Anna eiga hvorki meira né minna en 270 jólakerti.

Skreytti snemma í ár

Í ár fóru jólakertin snemma upp, eða í lok nóvember en Stefanía segir að vanalega séu þau ekki tekin fram fyrr en í byrjun desember. „Við gerðum undantekningu þetta árið þar sem haldið var upp á afmælið hennar Ingunnar Önnu fyrr en oft áður. Hún á afmæli þann 30. nóvember og hana langaði að sýna vinum sínum kertasafnið í afmælisveislunni sinni. Það vakti mikla lukku meðal krakkanna," segir Stefanía en eftir jólin verður svo hverju og einu kerti pakkað vandlega inn í pappír og bóluplast svo það verði ekki fyrir neinu hnjaski og komið fyrir í plastkössum inni í geymslu. Um næstu jól fá þau svo nýjan stað þar sem þau eiga eflaust eftir að njóta sín vel.

„Maðurinn minn, Jón Högni, er að smíða hillur undir jólakertasafnið. Við erum í raun ekki mikið fyrir að skreyta en kertin setja fallegan og jólalegan svip á heimilið," segir Stefanía að lokum.

Jón og Guðrún úr ungmennastarfi Hallgrímskirkju afhentu þeim Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, og Ástu Bryndísi Schram, stjórnarformanni Kristniboðssambandsins, styrkina úr Líknarsjóði.

Átta milljónir til hjálparstarfs

Úthlutað var úr Líknarsjóði Hallgrímssafnaðar við messu í Hallgrímskirkju sunnudaginn 16. desember. Safnað er til góðra málefna í sunnudagsmessum í Hallgrímskirkju og einnig í árdegismessum á miðvikudögum. Kirkjugestir lögðu samtals fram um 1,5 milljónir króna í samskotum við messur á árinu.

Sóknarnefnd ákvað að verja fimm milljónum króna úr Líknarsjóði til Hjálparstarfs kirkjunnar. Þar til viðbótar kemur ríflega ein milljón úr messusamskotum þannig að í hlut Hjálparstarfsins komu rösklega 6 milljónir króna á árinu. Þá var samþykktur 1,5 milljóna króna styrkur til hjálparstarfs Sambands íslenskra kristniboðsfélaga að viðbættum messusamskotum.

Jón Björnsson og Guðrún Laufey Ólafsdóttir úr ungmennastarfi Hallgrímskirkju kynntu þá ákvörðun sóknarnefndar að helga framlögin úr Líknarsjóði að þessu sinni sérstaklega verkefnum í þágu barna og unglinga. Ætlunin er að tengja þau Hallgrímssöfnuði með fræðslu og kynningu.

Fækkaðu sígarettunum smám saman – um eina í einu

Að draga smám saman úr reykingum getur verið þín leið að varanlegu reykleysi.

Hann hefur verið til staðar í áravís – vaninn sem þú eiginlega veist vel að er einn af þessum verulega slæmu og skaðlegu. Samt sem áður kveikir þú í sígarettu aftur og aftur þegar löngunin lætur á sér kræla. Jafnvel þótt þú vitir sennilega vel að það væri betra að sleppa því.

Hjá þeim sem eru háðir nikótíni geta reykingar nánast verið athöfn sem fólk framkvæmir án umhugsunar oft á dag – til dæmis í tengslum við ilm af nýlöguðu morgunkaffi, í hádegishléinu með vinnufélögunum, í síðdegishléinu eða í lok máltíða. Ákveðnar aðstæður geta átt þátt í að vekja ómótstæðilega reykingalöngun og algjörlega ósjálfrátt kveikir þú í sígarettu – vegna þess að þú ert vön/vanur að gera það.

Þegar reykingar eru orðnar svona rótgróinn vani getur virst algjörlega óyfirstíganlegt að hætta dag einn alveg að reykja.

Orvæntu ekki. Það er nefnilega ekki ómögulegt að takast að hætta að reykja jafnvel þótt ógerlegt virðist að rjúfa vanann.

Ef þú átt erfitt með að kveðja sígaretturnar fyrir fullt og allt getur þú í staðinn skorið niður og dregið smám saman úr reykingum. Kosturinn við það er að fráhvarfseinkenni verða smám saman vægari og hægt og rólega nærðu tökum á reykingalönguninni.

Fækkaðu um eina sígarettu í einu. Það er ekki auðvelt viðfangsefni en með réttri stefnu og viðhorfi getur þú áreiðanlega náð varanlegu reykleysi. Reykbindindi krefst viljastyrks, hvatningar, stuðnings og leiðsagnar.

Þegar kosið er að draga smám saman úr reykingum er gott að skrá hjá sér við hvaða aðstæður er auðveldast að sleppa sígarettum. Það gæti einnig verið skynsamlegt að forðast aðstæður sem kalla venjulega á reykingar eins og að fara með vinnufélögum

Þegar reykingar eru orðnar að rótgrónum vana getur virst algjörlega óyfirstíganlegt að hætta dag einn alveg að reykja. Þá er gott að skipta út sígarettum fyrir nikótíntyggjó eða nikótínmunnsogstöflu því fljótt mun þér finnast eðlilegt að fá þér eitt stykki tyggigúmmí eða munnsogstöflu í stað þess að kveikja í sígarettu.

út í hádegishléinu til að reykja sígarettu eins og venja er eftir máltíðir.

Byrjaðu á að skipta út sígarettum, sem þú átt auðveldast með að sleppa, fyrir nikótíntyggigúmmí eða nikótínmunnsogstöflu. Haltu þér fast við þetta val þannig að það sé ávallt við sömu aðstæður daglega sem þú sleppir sígarettunni og notar nikótínuppbót í staðinn. Þér mun nefnilega fljótt finnast eðlilegt að fá þér eitt stykki tyggigúmmí eða munnsogstöflu í staðinn fyrir að kveikja í sígarettu.

Þegar þú ert kominn vel á veg með að draga úr reykingum getur þér samt sem áður stundum fundist löngunin yfirþyrmandi. Þá skaltu hafa í huga að hver einasta sígaretta sem þú skiptir út fyrir tyggigúmmí eða munnsogstöflu er sigur! Nú getur þú á þínum eigin hraða haldið áfram að skipta út fleiri af daglegu sígarettunum. Mundu að það er ávallt hægt að sækja sér hjálp til að rjúfa endanlega vanann. Það er einmitt það sem þú átt að stefna að að verða alveg reyklaus.

Þú getur einnig glaðst yfir að vísindalegar rannsóknir hafa sýnt fram á að líkurnar á að ná varanlegu reykleysi eru jafn miklar hvort sem dregið er úr reykingum smám saman áður en hætt er endanlega að reykja eða hætt er að reykja alveg samstundis.

Þessi grein er kostuð af Artasan. Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Nánari upplýsingar um lyfið á sérlyfjaskrá.is. Nánar á nicotinell.is.

Væri ekki gott að vera laus við sígaretturnar á nýju ári og drepa endanlega í um áramótin?

Jólin koma hjá Jóló Starr

Ríkjandi dragdrottning Íslands, Gógó Starr, hefur í mörg horn að líta á aðventunni heiman sem heima en Gógó og Bjarni Óskarsson unnusti hans halda nú jól saman í fyrsta sinn.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Í stofunni á fallegu og rómantísku heimili Gógó Starr og Bjarna Óskarssonar er búið að skreyta allt hátt og lágt. Hvítt jólatré stendur í horninu og á borðinu er diskur með heimagerðu konfekti með frumsömdum fyllingum. Gógó hefur eins og aðrir verið upptekinn á jólaföstunni en lætur sig þó ekki muna um að skreyta og skapa bæði konfekt og kökur fyrir jólin. „Fjölskyldan mín er að koma frá Akureyri til að eyða jólunum í Reykjavík og ég er sjúklega spenntur fyrir því," segir hann og bætir við: „Aðventan er náttúrlega útötuð í skemmtilegum sjóum og alls konar uppátækjum og svo er ég í eldhúsinu að elda og baka og gera allt ótrúlega flott. Það er eins og trúlofunin hafi leyst úr læðingi einhverja heimilisgyðju, domestic goddess," segir Gógó og vísar þar til þess að Bjarni bar upp bónorðið á þriggja ára afmælissýningu dragsýningahópsins Dragsúgs á Gauknum. Gógó er ríkjandi dragdrottning Íslands og starfar að mestu leyti sem slík auk þess að vera annar stofnandi Dragsúgs svo staðurinn var viðeigandi. „Þetta eru fyrstu jólin okkar sem trúlofað par og fyrstu jólin okkar saman. Ég er mest að gera konfekt enda lifi ég fyrir súkkulaði. Ég var að gera tilraunir með bragðtegundir, þarf að hafa einhvern lakkrís en svo prófaði ég brownie-fyllingu og eggjapúns meðal annars. Þegar kemur að kökum enda ég yfirleitt á því að gera bara lakkrístoppa aftur og aftur því ég borða þá alltaf jafnóðum. Lakkrís er minn helsti veikleiki fyrir utan súkkulaði náttúrulega."

Verkefni dragdrottningar á jólaföstu eru fjölbreytt. „Ég kem fram í slatta af jólaboðum og þess háttar, jólahlaðborðum þar sem ég er ýmist í kynnishlutverki eða kem með skemmtiatriði, og svo eru gæsanir og steggjanir og svo framvegis. Skemmtilegast finnst mér að heimsækja félagsmiðstöðvar en það hefur færst í aukana upp á síðkastið að ég sé pantaður þangað. Þar eru yngstu aðdáendurnir sem hafa kannski ekki endilega séð mig í persónu þar sem þau eru ekki með aldur til að fara inn á klúbbana þar sem ég kem fram en fylgjast með mér á samfélagsmiðlum, Instagram og Snapchat. Og maður sér hvað þetta hefur mikla merkingu fyrir þau og hvað þeim finnst þetta gaman. Mér finnst mjög mikilvægt að færa dragið til þeirra og leyfa þeim að finna glamúrinn." Gógó segist tóna niður ákveðna eiginleika dragsins í þessum heimsóknum. „Dragið á vissulega sínar rætur í dálítið dónalegum húmor en það er alveg hægt að sleppa honum og það sem krakkarnir dýrka er sjálfstraustið, glamúrinn, hárið og fötin og lífsviðhorfið," segir hann og bætir við. „Drag er svo miklu meira en dónalegur brandari frá kalli í kjól, heldur sýnir það svo vel að það er hægt að vera langt fyrir utan normið og hvað það er gaman þar."

Gógó Starr kemur fram á Gauknum á jólasýningu burlesquehópsins Dömur og herra þar sem hann er eini herrann. Þessi mynd var tekin á jólasýningunni í fyrra en þá brá Gógó sér í hlutverk erkiengils. MYND/KASPARS BEKERIS

Í kvöld milli klukkan átta og tíu stendur Gógó fyrir viðburði á Lofti hosteli sem aldrei þessu vant er opinn öllum aldurshópum. „Við ætlum að horfa saman á RuPauls DragRace sem fyrir þá sem ekki þekkja er raunveruleikaþáttur þar sem dragdrottningar keppa til sigurs. Þar verð ég með atriði og svo verður pubquiz og mjög flottir vinningar. Ég hef gert þetta nokkrum sinnum af því að það er miklu skemmtilegra að horfa á svona þætti í hóp og það er alltaf brjálað stuð." Eftir jól, 27. desember, verður svo opið kvöld hjá Dragsúgi, svokallað draglab þar sem Gógó verður kynnir og kvöldið eftir, föstudagskvöldið 28. desember, kemur hann fram á Gauknum í jólasýningu með burlesquehópnum sínum Dömur og herra. „Það verður þvílíkt skemmtilegt, við erum alls konar fólk með alls konar líkama sem leyfum okkur að elska okkur sjálf og gera alls konar grín í leiðinni. Við vorum með jólasýningu í fyrra og það komust færri að en vildu. Ég mun mögulega gera eitthvað þar sem tengist smjöri og smokkum, bíðið spennt!" segir Gógó og hlær.

Laugardaginn 29. desember er svo komið að næsta þætti af DragRace en Gógó er mikill aðdáandi þáttanna, hefur hitt RuPaul tvisvar og segir hann almennilegan og áhugasaman. „Í bæði skiptin var það í kringum RuPauls Dragcon, stærstu dragráðstefnu í heimi. Við stóðum ótrúlega aftarlega í röð til að hitta hann og bjuggumst bara við að fá að taka rétt í höndina á honum en hann talaði við okkur í smástund og var mjög áhugasamur um íslenskt drag. Í seinna skiptið sagði ég: mig langar að vera í Drag Race og hann sagði: Mig langar að hafa þig í Drag Race! Svo nú er bara verið að vinna í því að gera það að veruleika," segir Jóló Starr og heldur áfram við jólaundirbúninginn.

Jólagyðjan Jóló Starr er laus úr læðingi með tilheyrandi skreytiþörf og konfektgerðartryllingi með frumsömdum fyllingum. MYND/LOVÍSA SIGURJÓNSDÓTTIR

Bónorðið var borið upp á þriggja ára afmæli Dragsúgs og kom Gógó alveg í opna skjöldu. MYND/ODDNÝ SVAVA STEINARSDÓTTIR

Nánari upplýsingar um samhorfið á RuPauls Drag Race má finna á Facebook undir All Stars 4 with Gógó Starr. Miðasala á Dömur og herra Jólaburlesque er á tix.is.

SMART JÓLAFÖT,
FYRIR SMART KONUR
Stærðir 38-52
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Stærðir 38-58
FLOTT JÓLAFÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
Verslunin Belladonna

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

Starfsfólk Intellecta óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar.
Með kærri þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Krefjandi störf á heitu svæði

Nýting **jarðhita** á Reykjanesi er áskorun fyrir metnaðarfullt fólk.

STAÐARVERKFRÆÐINGUR

Við leitum að öflugum staðarverkfræðingi til að leiða byggingu jarðvarmavirkjana á Reykjanesi. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.

Starfið felur í sér:
- Ábyrgð á nýframkvæmdum við jarðvarmavirkjanir.
- Að leiða og sjá um verkskipulagningu, kostnaðaráætlanir og rýni útboðsgagna.
- Að leiða og stýra framkvæmdum af hálfu verkkaupa. Jafnframt bera ábyrgð á framkvæmd verks, öryggis- og umhverfismálum, gæðaeftirliti, kostnaðareftirliti og breytingastjórnun.
- Að undirbúa verkefni til reksturs.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði verkfræði, MPM gráða eða sambærileg menntun er kostur.
- Yfirgripsmikil þekking á verklegum framkvæmdum.
- Að minnsta kosti 10 ára reynsla af stórum framkvæmdum.
- Þekking og reynsla af öryggis- og umhverfismálum.
- Þekking á orkuiðnaði er kostur.
- Afburða góð samskiptafærni, sjálfstæði í starfi, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

Nánari upplýsingar veitir Þór Gíslason, thg@hsorka.is

JARÐFRÆÐINGUR Á AUÐLINDASVIÐI

Við leitum að öflugum starfsmanni til að styrkja auðlindasvið okkar. Auðlindasviðið ber ábyrgð á nýtingu auðlinda sem fyrirtækinu hefur verið treyst fyrir.

Starfið felur í sér:
- Vinnslueftirlit.
- Ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd borframkvæmda.
- Samskipti við ráðgjafa, verktaka og aðra jarðhitasérfræðinga innan- og utanlands.

Við viljum gjarnan heyra í þér ef þú:
- Hefur mikinn metnað, frumkvæði og getur unnið sjálfstætt.
- Ert tilbúin(n) til að takast á við krefjandi verkefni.
- Ert með jarðfræðimenntun.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Vala Matthíasdóttir, kvm@hsorka.is

Við hvetjum þig til að sækja um á hsorka.is
Störfin henta jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2018

HS Orka hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í yfir 40 ár og ætlar sér enn stærri hluti í orkuframleiðslu á umhverfisvænan hátt samfélaginu til hagsbóta. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur 60 manna hópur sérfræðinga með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Fyrirtækið á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverið í Svartsengi og Reykjanesvirkjun, sem eru grundvöllur Auðlindagarðs þar sem markmiðið er að öllum straumum sé breytt í verðmætar auðlindir.

HS ORKA

Valka

valka.is

VILTU GANGA TIL LIÐS VIÐ FYRIRTÆKI Í SÓKN?

STARFSMENN Í SMÍÐI OG SAMSETNINGU

Starfssvið:

Leitað er að öflugum einstaklingum í smíði og samsetningu tækjabúnaðar á framleiðslusviði fyrirtækisins auk þátttöku í uppsetningu búnaðar innanlands og erlendis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélsmíði eða sambærileg iðnmenntun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkæði og metnaður
- Nákvæm vinnubrögð og góðir skipulagshæfileikar
- Þekking á vélum og tækjum er æskileg
- Reynsla af smíði á ryðfríu stáli er kostur

Valka er ört vaxand hátæknifyrirtæki sem þróar, hannar og framleiðir vél- og hugbúnað fyrir fiskvinnslu.

Hjá **Völku** eru margbreytileg störf í boði þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Leitað er að öflugum einstaklingi í hópinn okkar sem er nákvæmur í vinnubrögðum með frumkvæði og metnað.

Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um.

Kría hönnunarstofa www.kria.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Róbert Hafsteinsson, framleiðslustjóri í síma 898-6090.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember nk.
Umsóknir skal senda á robert@valka.is. Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá.

Tannlæknastofa

Aðstoðarmaður tannlæknis óskast til starfa á tannlæknastofunni Vegmúla 2.
Um er að ræða hlutastarf. Vinnutíminn er til kl. 17 virka daga. Þarf að geta hafið störf í janúar 2019.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á vegmuli2@gmail.com fyrir 27. desember.

ÍSTEKA

Quality Assurance Manager

Job responsibilities: Assures consistent handling of in-house quality procedures, standards and specifications in accordance with the principles of GMP (cGMP). Evaluates and drives change and improvement in the productions performance and quality. Updates Master Files and maintains contacts with Medicinal Agencies and Customers throughout the world. Assures that EHS and Animal Welfare commitments of the company are kept.

Education/background/qualities: At least a Masters degree or comparable, in a field of science. Experience in quality systems such as GMP/GLP, ISO or other. Technical and numerical skills. Communication and teamwork skills. Natural problem-solving abilities and personal confidence. Excellent use of English and preferrably Icelandic.

Start of employment is negotiable.

Send your application, CV and other relative documentation to isteka@isteka.com **before January 15th 2019.**

Further information on the position are available from Arnþór Guðlaugsson, MD, arnthor@isteka.com and Hörður Kristjánsson, CDO, hordur@isteka.com.

Ísteka's field of work is in biologics and diagnostic kits for international markets. The company holds a GMP certificate and is registered with official medicinal agencies in countries all over the world, among others with the FDA in USA. Ísteka has repeatedly been on the list of Iceland's top 2% strongest companies.

UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA HJÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

FRAMKVÆMDA- OG TÆKNISVIÐS, REYKJAVÍK

Rekstur fasteigna, framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands óskar eftir að ráða umsjónarmann fasteigna í 100% starf. Starfið fellur undir rekstrarstjóra fasteigna Háskóla Íslands.

Við ráðningu verður tekið mið af samsetningu hópsins sem viðkomandi verður hluti af. Rekstur fasteigna sér um daglegan rekstur bygginga Háskóla Íslands. Um er að ræða ákveðið vinnutímaskipulag og er meðal annars unnið á kvöld- og helgarvöktum.

STARFSSVIÐ:

- Dagleg umsjón með byggingum
- Umsjón og eftirlit með hússtjórnarkerfum og öryggismálum
- Eftirlit með ræstingu
- Aðstoð í kennslustofum og öðrum rýmum
- Tilfallandi viðhald í byggingum
- Flutningar innan og á milli bygginga
- Önnur tilfallandi verkefni

Sótt skal um starfið á vefsíðu Háskóla Íslands undir laus störf.

Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Laufey Sigurðardóttir rekstrarstjóri fasteigna sími 525 4686 og Björn A. Magnússon, deildarstjóri hjá rekstri fasteigna í síma 525 4365 eða 860 1169.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUM:

- Gerð er krafa um handlagni, iðnmenntun er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Skilyrði er að viðkomandi hafi bílpróf
- Reynsla af notkun öryggis- og hússtjórnarkerfa er kostur

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Gert er ráð fyrir að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.

Vakin er athygli á málstefnu Háskóla Íslands.

Umsóknarfrestur er til 7. janúar 2019

HÁSKÓLI ÍSLANDS

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli
- Leiðbeinandi á tómstundaheimilið Krakkakot
- Umsjónarkennari

Hofsstaðaskóli
- Matráður

Urriðaholtsskóli
- Leikskólakennarar eða annað uppeldis menntað starfsfólk

Leikskólinn Bæjarból
- Deildarstjóri

Leikskólinn Hæðarból
- Leikskólakennari eða annar uppeldis-menntaður starfsmaður

Leikskólinn Sunnuhvoll
- Leikskólakennari eða starfsmaður með aðra menntun sem nýtist í starfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

capacent.is

SMÍÐAVERK ehf.

Íslensk smíðaverks snilli

Smíðaverk ehf óskar eftir

Húsasmiðum

Viðkomendur þurfa að vera með víðtæka reynslu og geta unnið sjálfstætt.

Smíðaverk ehf var stofnað 2001 og hefur unnið að fjölbreyttum verkum allt frá viðhalds og þjónustaverkefnum upp í nýbyggingar.

Umsóknir óskast sendar á hilmar@smidaverk.is

Grunnskólafulltrúi á fræðslusviði

Reykjanesbær auglýsir starf grunnskólafulltrúa laust til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, framsækna skólasýn og er tilbúinn að taka þátt í mótun menntunar til framtíðar í Reykjanesbæ. Fræðslusvið annast stjórnsýslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála í bæjarfélaginu.

Starfssvið grunnskólafulltrúa

- Ráðgjöf, umsjón og eftirlit með faglegum og rekstrarlegum þáttum í grunnskólastarfi
- Tengsl við aðrar stofnanir, skýrslugerð og stjórnsýsla sem tengist málaflokknum
- Veita ráðgjöf og stuðla að þróun, nýsköpun og stefnumörkun varðandi grunnskólamál
- Umsjón með skipulagi endur- og símenntunar og stuðningur við starfsþróun í samráði við skólastjórnendur
- Eftirlit með gerð starfsáætlana, skólanámskráa og sjálfsmatsskýrslna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfileikar
- Þekking og færni í áætlanagerð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt góðri skipulagshæfni
- Þekking og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun

Ráðið er í stöðuna frá og með 1. febrúar 2019. **Umsóknarfrestur er til og með 3. janúar 2019.** Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Umsóknum er skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar, Stjórnsýsla: Laus störf. Umsókn fylgi starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs, helgi.arnarson@reykjanesbaer.is

ÍSTEKA

Starf á rannsóknarstofu

Starfssvið: Mælingar, skýrsluskrif, hæfnisprófanir á tækjum, þrif og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur: Reynsla af rannsóknarstofu vinnu æskileg. Góð skrif- / málfærni í íslensku og ensku, samskiptahæfileikar, nákvæmni, sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki og reglusemi.

Menntunarkröfur: Æskilegt að viðkomandi hafi háskólamenntun á sviði raunvísinda og/eða reynslu af vinnu á rannsóknarstofu.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á bryndis@isteka.com

Umsóknarfrestur er til 4.1.2019.

Hjá Ísteka ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA. Ísteka er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.

Þú finnur draumastarfið á job.is

Móttaka

Eik fasteignafélag auglýsir eftir framúrskarandi einstaklingi til að sinna móttöku í Turninum Smáratorgi 3. Nauðsynlegt er að viðkomandi sé samviskusamur og hafi jákvætt viðmót.

Umsóknarfrestur
2. janúar 2019

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/11863

Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka fyrir fyrirtæki í húsinu.
- Tímabókanir hjá hárgreiðslu- og snyrtistofu.
- Móttaka gesta í húsið.
- Umsjón pósts og útgáfa aðgangskorta.
- Ýmis tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegum störfum.
- Snyrtimennska og metnaður fyrir aðlaðandi vinnuumhverfi.
- Þjónustulund, jákvætt viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

EIK FASTEIGNAFÉLAG

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplega 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 440 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland. Auk þess er félagið með 4 skráða skuldabréfaflokka.

KVEIKIR ÞETTA STARF Í ÞÉR?

Óskum eftir starfsmanni á lager

Við leitum að áhugasömum einstaklingi með mikla skipulagshæfni til að slást í hópinn! Starfið felur í sér umsjón með lager, móttöku á vörusendingum og afgreiðslu pantana.

Tekið er á móti umsóknum á netfangið **jonthor@rafport.is.** Umsóknum skal fylgja upplýsingar um nám og starfsferil. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Rafport / Auðbrekka 9-11 / 200 Kópavogur
Sími 580 1900 / www.rafport.is / rafport@rafport.is

Rafport

ARTASAN

Artasan er sérhæft fyrirtæki á sviði markaðssetningar á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og öðrum heilsuvörum.

Gildi Artasan eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2018 · 2018 Framúrskarandi fyrirtæki · Jafnlaunaúttekt PwC

Sölufulltrúi

Artasan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf sölufulltrúa. Viðkomandi mun bera ábyrgð á sölu og kynningu á vörum fyrirtækisins ásamt samskiptum við viðskiptavini.

Helstu verkefni

- Sala á vörum fyrirtækisins til viðskiptavina
- Framstillingar og kynningar á vörum
- Skipulagning söluferða í samráði við markaðsstjóra
- Fylgist með eftirspurn og vöruþróun á markaði
- Að efla og viðhalda tengslum við viðskiptavini

Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum er æskileg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og lausnarmiðað viðhorf
- Góð almenn tölvukunnátta
- Ökuréttindi

Einungis er tekið við umsóknum í gegnum heimasíðu Artasan www.artasan.is og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrá fylgja með. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Artasan í síma 824 9220 og Pétur Veigar Pétursson í síma 897 1626.

Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2019.

Forsætisráðuneytið

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á nýrri skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu.

Skrifstofan verður sett á fót samhliða flutningi jafnréttismála til forsætisráðuneytisins, sbr. forsetaúrskurð nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands sem öðlast gildi 1. janúar 2019.

Helstu verkefni skrifstofunnar verða:

- Framfylgd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, meðal annars framkvæmd og eftirlit með innleiðingu jafnlaunavottunar hjá stofnunum og fyrirtækjum.
- Framfylgd þingsályktunar um Jafnréttissjóð Íslands.
- Stefnumótun á sviði jafnréttismála, meðal annars með tilliti til áframhaldandi lagaþróunar og útvíkkun jafnréttishugtaksins svo sem með tilliti til trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og fyrirhugaðrar lagasetningar um kynrænt sjálfræði
- Samhæfing við framkvæmd jafnréttismála milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands
- Þátttaka í alþjóðastarfi á sviði jafnréttismála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar og þekking á jafnréttismálum er æskileg
- Hæfni og reynsla í að leiða stefnumótun, samráð og undirbúning verkefna
- Forystu-, samskipta- og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Sr. Sigurður Jónsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari ásamt Kristnýju Rós Gústafsdóttur djákna. Sungnir Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kór Áskirkju syngur. Organisti Bjartur Logi Guðnason.

Föstudagur 28. des.
Jólaguðsþjónusta á Dalbraut 27 kl. 14.
Gamlárskvöld, 31. des.
Aftansöngur kl. 18.
Séra Ása Laufey Sæmundsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Sungnir Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kór Áskirkju syngur. Organisti Bjartur Logi Guðnason.

Föstudagur 4. jan. 2019
Guðsþjónusta í Norðurbrún 1 kl. 14.
Sunnudagur 6. jan.
Messa kl. 11.

Gleðileg jól! Farsælt komandi ár!
Þökkum árið sem er að líða.
Sóknarprestur, sóknarnefnd og starfsfólk Áskirkju.

HELGIHALD Í DÓMKIRKJUNNI

Aðfangadagur jóla 24. des.
15.00 Dönsk messa Séra Ragnheiður Jónsdóttir, Bergþór Pálsson syngur.
18.00 Aftansöngur Séra Elínborg Sturludóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.
23.30 Miðnæturguðþjónusta Þá verða lesnir og sungnir níu lestrar og sálmar í Dómkirkjunni. Guðsþjónustan á sér fyrirmynd í guðsþjónustu sem fram hefur farið í Kings College í Cambridge á Bretlandi óslitið frá 1918 og hefur þessari guðsþjónustu verið útvarpað á BBC frá 1928. Í níu stuttum ritningarlestrum úr 1. Mósebók, spámannaritunum og guðspjöllunum, er rakin saga mannkyns allt frá syndafallinu, lesin fyrirheitin um Messías og sögð sagan af fæðingu Jesú. Á milli lestra syngur söfnuðurinn jólasálma.

Jóladagur 25. des.
11.00 Hátíðarmessa Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, sr. Sveinn Valgeirsson og séra Elínborg þjóna fyrir altari.
20.20 Bach tónleikar Ólafs Elíassonar

Annar dagur jóla 26. des.
11:00 Messa Sr. Sveinn Valgeirsson.

Sunnudagur milli jóla og nýárs 30. des.
11.00 Messa Sr. Elínborg Sturludóttir.

Gamlársdagur 31. des.
18.00 Aftansöngur Sr. Sveinn Valgeirsson prédikar og Sr. Elínborg Sturludóttir þjónar fyrir altari.

Nýársdagur 1. jan.
11.00 Hátíðarmessa Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og dómkirkjuprestar þjóna fyrir altari.
20.20 Bach tónleikar Ólafs Elíssonar.

Dómkórinn syngur og Kári Þormar, dómorganisti leikur á orgelið við guðþjónusturnar. Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.

Hátíðardagskrá Árbæjarkirkju um jólin

Aðfangadagskvöld
24. desember
Aftansöngur kl. 18.00
Hátíðarguðsþjónusta kl. 18.00.
Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónar fyrir altari og prédikar. Bergþór Pálsson syngur. Matthía B. Nardaeu óbóleikari. Kór Árbæjarkirkju leiðir hátíðarsöng undir stjórn kórstjórans og organistans Krisztinu K. Szklenár.

Náttsöngur kl. 23.00
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar. Rósalind Gísladóttur einsöngur. Sólrún Gunnarsdóttir fiðla. Kór Árbæjarkirkju leiðir hátíðarsöng undir stjórn kórstjórans og organistans Krisztinu K. Szklenár.

Jóladagur
25. desember
Hátíðarguðsþjónusta kl.14.00
sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónar fyrir altari og prédikar. Margrét Einarsdóttir syngur einsöng.

Annar dagur jóla
26. desember
Jólaguðsþjónusta við kertaljós í Árbæjarkirkju Árbæjarsafni kl. 11.00
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar. Kirkjukórinn leiðir hátíðarsöng undir stjórn kórstjórans og organistans Krisztinu K. Szklenár.

Gamlársdagur
31. desember
Hátíðarguðsþjónusta kl. 17.00
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar. Kór Árbæjarkirkju leiðir hátíðarsöng. Organisti Péter Maté.

Nýársdagur
1. janúar 2019
Guðsþjónusta kl. 14.00
Sr. Þór Haukssonar þjónar fyrir altari og prédikar. Kirkjukórinn leiðir hátíðarsöng. Organisti Guðmundur Ómar.

NESKIRKJA

Aðfangadagur
24. desember
16.00 Jólastund barnanna
Barnakórar Neskirkju syngja, helgileikur og jólasaga.
18.00 Aftansöngur – Hátíðartón
Kór Neskirkju syngur, einsöngur Fjölnir Ólafsson.
23.30 Nóttin var sú ágæt ein: Söngvar á jólanótt
Háskólakórinn syngur.

Jóladagur
25. desember
14.00 Hátíðarmessa
Kór Neskirkju og Drengjakór Reykjavíkur syngja.

Annar í jólum
26. desember
11.00 Jólaskemmtun barnastarfsins
Helgistund fyrir alla fjölskylduna í kirkjunni og jólaball í safnaðarheimilinu. Góðir gestir líta við.

Gamlársdagur
31. desember
18.00 Aftansöngur – Hátíðartón
Kór Neskirkju syngur.

Nýársdagur
1. janúar 2019
14.00 Hátíðarmessa
Kór Neskirkju syngur.

Prestar Neskirkju, sr. Skúli S. Ólafsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir þjóna í öllum athöfnum. Organisti er Steingrímur Þórhallsson.

Syngja sundur og saman

Ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar, Sigrún Hjálmtýsdóttir eða Diddú eins og flestir þekkja hana, syngur við messu í Grafarvogskirkju á gamlársdag klukkan sex. Á aðfangadagskvöld ætlar hún að njóta þess að hlusta á aftansöng frá Dómkirkjunni í útvarpinu.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Aðventan hefur verið einkar annasöm hjá Diddú og hún hlakkar til að njóta jólanna í faðmi fjölskyldunnar á fallegu heimili sínu í Mosfellsdalnum. „Ég hef það fyrir hefð að hvíla mig yfir sjálfa jólahátíðina eftir allan sönginn á aðventunni. Jólin eru heilög í mínum huga," segir Diddú brosandi í jólaskapi.

Á aðfangadag er hún meira og minna að snúast í eldhúsinu en hún á von á góðum gestum. „Við verðum sjö saman á aðfangadagskvöld en ég á von á dætrum mínum, tengdasyni, barnabarni og tengdamóður minni í mat. Eins og hjá mörgum eru ýmsar þarfir sem þarf að uppfylla. Við hjónin höfum alltaf haft rjúpur í jólamatinn en eftir að tengdamamma varð ein hefur hún verið hjá okkur á jólum og hún fær sinn hamborgarhrygg, eins og hún er vön. Ein dóttirin er vegan og fær sína hnetusteik en allir fá sama meðlætið," segir Diddú en hún er vel kunn fyrir að vera lista-kokkur.

Sungið saman í áratugi

Mörg undanfarin ár hefur Diddú sungið við messu á jóladag í Mosfellskirkju en í ár verður breyting þar á. „Ég mun syngja á tónleikum í Eldborg í Hörpu á annan í jólum og er því aðeins að spara mig. Þar mun ég stíga á svið með vini mínum, Agli Ólafssyni, sem heldur hátíðartónleika. Það er dálítið óvanalegt að vera með svona stóra tónleika á annan í jólum og það verður gaman að fá að taka þátt í því," segir Diddú glaðlega en þau Egill hafa þekkst í áratugi.

„Já, við höfum þekkst frá því við vorum unglingar. Við Egill sungum fyrst saman þegar ég var nítján ára og þeir strákarnir í Spilverki þjóðanna voru þá rétt rúmlega tvítugir. Við Egill höfum sungið sundur og saman allar götur síðan," segir Diddú og hlær sínum smitandi hlátri.

Söng í kjallara kirkjunnar

Á gamlársdag fá gestir Grafarvogskirkju að njóta hennar fögru raddar en þá syngur Diddú í messu klukkan sex. „Ég hef ekki tölu á hversu oft ég hef sungið á þessum merkisdegi í Grafarvogskirkju. Ég byrjaði að syngja þar áður en stóra kirkjan sjálf var vígð og athafnirnar fóru fram niðri í kjallara – það er orðið svo langt síðan," segir hún.

Diddú ætlar að syngja Ave Maríur, eins og hún segir sjálf, og fleiri hátíðleg lög og vonast til að fá sem flesta í messuna. „Það er svo gaman að syngja falleg lög sem tengjast kirkjunni og þessari árstíð. Við erum að kveðja árið sem er að líða með þakklæti í huga."

Þegar Diddú er spurð hvort hún sé trúuð svarar hún því játandi. „Já, ég er það. Mér líður alltaf afskaplega vel í kirkju og er svo lánsöm að fá að starfa mikið í kirkjum."

Undanfarnar vikur hefur Diddú sungið á fjölda tónleika, bæði hér suðvestanlands og einnig norðan heiða. „Ég söng á mínum árlegu tónleikum í Mosfellskirkju og hef einnig sungið með ýmsum söngvurum og kórum. Ég fór norður á Akureyri á dögunum og söng á fimm tónleikum með Friðriki Ómari og fleiri frábærum söngvurum í menningarhúsinu Hofi. Ég dreifi mér eins og ég get, svo allir fái nokkra tóna frá mér," segir Diddú með bros á vör.

Diddú segir gaman að syngja falleg lög sem tengjast kirkjunni og þessari árstíð og kveðja árið sem er að líða með þakklæti í huga. MYND/SIGTRYGGUR ARI

AÐVENTA OG JÓL Í LANGHOLTSKIRKJU

Þorláksmessa - fjölskyldustund kl. 11
Fjölskyldustund í aðdraganda jóla. Gradualekór Langholtskirkju tekur lagið fyrir kirkjugesti. Léttur hádegisverður í safnaðarheimili eftir samveruna. Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir þjónar. Organisti er Magnús Ragnarsson.

Aðfangadagur - aftansöngur jóla kl. 18
Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir þjónar. Organisti Magnús Ragnarsson. Kór Langholtskirkju syngur ásamt eldri félögum. Kristín Sveinsdóttir syngur einsöng.

Jóladagur - söngvar og lestrar jólanna kl. 14
Komdu og syngdu með okkur alla uppáhalds jólasálmana. Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir þjónar. Organisti Magnús Ragnarsson. Kór Langholtskirkju leiðir safnaðarsöng.

Annan í jólum - fjölskyldumessa kl. 14
Sr. Jóhanna Gísladóttir þjónar. Barnakórarnir Graduale Liberi og Graduale Futuri undir stjórn Sunnu Karenar Einarsdóttur og Rósu Jóhannesdóttur flytja helgileik og taka lagið fyrir kirkjugesti. Organisti er Magnús Ragnarsson.

Gamlársdagur - aftansöngur kl. 18
Sr. Jóhanna Gísladóttir þjónar. Organisti Magnús Ragnarsson. Kór Langholtskirkju syngur ásamt eldri félögum. Ólafur Freyr Birkisson syngur einsöng. Messunni verður útvarpað á Rás 1.

Allar nánari upplýsingar um starf og helgihald í kirkjunni er að finna á heimasíðu kirkjunnar www.langholtskirkja.is. Sóknarnefnd, starfsfólk og sjálfboðaliðar Langholtskirkju biðja öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.

HVERAGERÐIS-PRESTAKALL
JÓL OG ÁRAMÓT 2018

Helgistund í Kotstrandarkirkju
Kotstrandarkirkja
24. des. – Aðfangadagur kl. 13:00
Unnur Birna og Dagný Halla Bassadætur leika hugljúfa jólatónlist. Friðarloginn tendraður. Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir stundina.

Aftansöngur
Hveragerðiskirkja
24. des. – Aðfangadagur kl. 18:00
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna syngur við undirleik Örlygs Atla Guðmundssonar organista. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.

Hátíðarguðsþjónusta
Kotstrandarkirkju
25. des. – Jóladagur kl. 14:00
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna syngur við undirleik Örlygs Atla Guðmundssonar organista. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.

Aftansöngur
Hveragerðiskirkja
31. des. – Gamlársdagur kl. 17:00
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna syngur við undirleik Örlygs Atla Guðmundssonar organista. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.

LINDAKIRKJA

Aðfangadagur
16:00 Jólastund fjölskyldunnar
Barnakór Lindakirkju og Unglingagospelkór Lindakirkju syngja undir stjórn Áslaugar Helgu Hálfdánardóttur. Pianóleikur: Matthías Baldursson. Helgileikur, jólasagan og fl.
18:00 Aftansöngur
Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Steinar Matthías Kristinsson leikur á trompet. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.
23:30 Miðnæturmessa
Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Steinar Matthías Kristinsson leikur á trompet. Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.

Jóladagur
11:00 Hátíðarguðsþjónusta
Söngkonurnar Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Erla Björg Káradóttir sópran og Jóhanna Héðinsdóttir mezzósópran syngja. Antonía Hevesí leikur á flygilinn. Sr. Dís Gylfadóttir þjónar.

Annar í jólum
11:00 Sveitamessa
Jólasálmarnir með alþýðlegum blæ. Kór Lindakirkju syngur. Óskar Einarsson stjórnar bæði kór og hljómsveit. Sérstakur gestur er Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

30. desember - sunnudagur
11:00 Jólaball sunnudagaskólans
Óvæntir gestir kíkja í heimsókn.

Gamlársdagur
17:00 Hátíðarguðsþjónusta
Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Sérstakur gestur er söngkonan og fiðluleikarinn Gréta Salóme. Sr. Dís Gylfadóttir þjónar.

JÓL Í HJALLAKIRKJU

Þorláksmessa kl. 11.00
4. í aðventu – Þorláksmessustund í kirkjunni
Á Þorláksmessu bjóðum við upp á kakó og kósý. Markús og Heiðbjört syngja jólalög og taka vel á móti gestum og gangandi. Sr. Karen Lind leiðir stundina og Lára Bryndís organisti spilar ljúfa jólatónlist.

Aðfangadagur kl. 18.00
Aftansöngur á aðfangadag
Prestar sr. Sunna Dóra Möller og sr. Bolli Pétur Bollason. Kór Hjallakirkju syngur undir stjórn Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista. Hátíðasöngvar Sr. Bjarna.

Jóladagur kl. 14.00
Jólasöngvar og kertaljós
Jóladagshelgistund með ljúfum söngvum í kirkjunn. Prestur sr. Sunna Dóra Möller. Kór Hjallakirkju syngir undir stjórn Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista.

30. desember kl. 14.00
Messa eldri borgara
Sameiginleg messa eldri borgara í samstarfi við Digraneskirkju. Kór eldri borgara syngur undir stjórn Kristjáns Hrannars Pálssonar. Kaffi og meðlæti í safnaðarheimili að messu lokinni. Prestur sr. Karen Lind Ólafsdóttir.

Gamlársdagur kl. 17.00
Aftansöngur
Prestar sr. Karen Lind Ólafsdóttir og sr. Páll Ágúst Ólafsson. Kór Hjallakirkju syngur undir stjórn Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna.

Ath. ekki er messað á nýársdag og sunnudaginn 6. janúar. Barnastarf Hjallakirkju hefst að nýju fimmtudaginn 10. Janúar.

GEFÐU GÓÐAR STUNDIR

GJÖF SEM SKEMMTIR

Það er auðvelt að gefa réttu gjöfina þegar úrvalið er nær óendanlegur fjöldi viðburða.

Gjafakortin fást á midi.is

midi.is

„Þetta er ástríðustarf hvernig sem á það er litið," segir Sigurður Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Við þurfum að hlusta á þessa sögu

Sigurður Sigurjónsson leikur í Einræðisherra Chaplins sem er jólaleikrit Þjóðleikhússins. Segir einræðistilburði vera áberandi víða.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Í hlutverki einræðisherrans Hynkels. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON.

Leikgerð Nikolajs Cederholms af kvikmyndinni Einræðisherrann eftir Chaplin er jólaleikrit Þjóðleikhússins, frumsýnt 29. desember. Sigurður Sigurjónsson fer bæði með hlutverk rakarans hrekklausa og einræðisherrans Hynkels en þeir eru tvífarar.

Sigurður segist hafa verið eins og svo margir aðrir aðdáandi Chaplins frá fyrstu tíð. „Við erum margir leikararnir sem erum alltaf að reyna að nálgast hann. Hann hefur verið fyrirmynd okkar enda hafði hann ótal form á valdi sínu. Var leikari, leikstjóri, handritshöfundur, tónskáld og dansari."

Spurður hvenær hann hafi fyrst séð Einræðisherrann segir Sigurður: „Ég sá hana sem unglingur en þá áttaði ég mig ekkert á henni enda er hún ekki dæmigerð Chaplin-mynd. Allar myndir hans hafa boðskap og undirtón en þarna er sagan myrk. Þetta er að mörgu leyti erfið mynd því þar er verið að fjalla um ástandið í heiminum eins og það var árið 1939. Stríð er skollið á og heimurinn er að fara á hvolf og Chaplin skopast að því, sem er gríðarlega djarft.

Þetta verk á enn fullt erindi því einræðistilburðir eru áberandi mjög víða í heiminum í dag. Við þurfum að hlusta á þessa sögu. Í lok bíómyndarinnar er fræg ræða og í leikritinu er búið að staðfæra hana og þar kemur fram kjarni sögunnar og boðskapur leikgerðarinnar."

Þetta er jólasýning, er sérstök stemning á slíkum sýningum?

„Ég þekki það að vera í jólasýningu. Það er alltaf stemning að leika um jól og þá er extra hátíðarbragur. Hins vegar er þetta álag fyrir alla þá sem koma að sýningunni. Jólin mín fara í sýninguna og það verður bara að hafa það. Starfið er svo skemmtilegt að ég sætti mig alveg við það. Mínir nánustu vita líka að hverju þeir ganga, ég er ansi mikið stikkfrí þessi jólin."

> ÉG HEF FENGIÐ ÓTAL TÆKIFÆRI OG VONANDI HEF ÉG NÝTT ÞAU SUM ÞOKKALEGA. ÞETTA HEFUR VERIÐ FRÁBÆRT LÍF.

Fengið ótal tækifæri

Þú hefur leikið í áratugi, á sviði, í sjónvarpi og kvikmyndum. Ganga hlutverk stundum nærri þér?

„Nei, frá fyrstu tíð hef ég forðast að taka þau inn á mig því það er vísasta leiðin til að brenna út. Hlutverk ganga hins vegar stundum nærri manni líkamlega, sérstaklega þegar maður er farinn að eldast."

Hvernig er að eldast í leikhúsi?

„Eðlilega fækkar hlutverkunum með aldrinum og maður er ekki eins fær um gera eins mikið og þegar maður var tvítugur. Þess vegna þarf að passa upp á eldri leikara og að þeir fái eitthvað að gera. Ég hef átt því láni að fagna að vera í góðu líkamlegu og andlegu formi en núna þarf ég að hafa meira fyrir hlutunum. Bara tæknilegur hlutur eins og það að læra rulluna sína er erfiðara en fyrir 30 árum."

Ákvaðstu ungur að verða leikari?

„Hjá mér var þetta algjör tilviljun. Ég hefði auðveldlega getað farið í iðnaðarstarf eins og flestir vinir mínir gerðu. Ég þótti sýna einhverja leikaratilburði í skóla og í skátunum. Þetta var ekki nokkuð sem ég hafði áttað mig á sjálfur en einhverjir urðu til að benda mér á það. Ég byrjaði sautján ára í Leiklistarskólanum og rúmlega tvítugur var ég nýútskrifaður leikari. Ég hef verið leikari síðan og ekki unnið aðra vinnu. Þegar ég lít til baka finnst mér þetta óskiljanlegt. Ég hef fengið ótal tækifæri og vonandi hef ég nýtt þau sum þokkalega. Þetta hefur verið frábært líf."

Alltaf að gera sitt besta

Hvaða viðhorf hefurðu til gagnrýni og gagnrýnenda?

„Ég hef fengið mjög góða gagnrýni og líka mjög slæma. Ég held að við leikarar séum almennt þokkalega brynjaðir gagnvart vondri gagnrýni. Stundum getur maður jafnvel verið svolítið sammála og kinkað kolli. Mín reynsla öll þessi ár er sú að við erum alltaf að reyna að gera okkar besta. Mér finnst mjög ósanngjarnt þegar leikhúsfólk er sakað um að hafa ekki verið að gera sitt besta. Okkur tekst hins vegar ekki alltaf jafn vel upp."

Hefurðu átt þér draumahlutverk?

„Margir leikarar brenna fyrir að leika þetta og hitt hlutverkið. Ég er bara ekki þannig. En kannski get ég bara leyft mér að segja þetta því ég hef fengið svo mörg draumahlutverk.

Þetta er ástríðustarf hvernig sem á það er litið. Það er fyrst og fremst ástríðan sem heldur okkur leikurum inni í leikhúsinu, ekki eru það launin sem eru ekki há. Við finnum mjög greinilega fyrir áhuga fólks á leikhúsi. Fólk vill leikhús."

nettó

Lesum saman um jólin!



Krýsuvík
4.409 kr.

Auðna
4.094 kr.

Ungfrú Ísland
4.549 kr.

Stóra fótboltabókin með Gumma Ben
3.779 kr.



Dagbók Kidda klaufa
3.049 kr.

Steindi í orlofi
3.779 kr.



Sextíu kíló af sólskini
4.549 kr.



Stúlkan hjá brúnni
4.479 kr.

Útkall - Þrekvirki í Djúpinu
4.269 kr.



Slím
959 kr.

Tilboðin gilda 22. - 23. desember

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

22. DESEMBER 2018 LAUGARDAGUR

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Jóna Guðlaugsdóttir

lést þann 7. desember sl. á Landakoti. Að ósk hinnar látnu fór útför hennar fram í kyrrþey.

Gunnar Örn Kristjánsson **Birna H. Rafnsdóttir**
Hafþór Kristjánsson **Sólveig Björk Jakobsdóttir**
börn og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ATHÖFN ÚTFARAÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Snorradóttir

frá Syðri-Bægisá, Öxnadal, húsfreyja í Stóra-Dunhaga, Hörgárdal,

er látin. Útförin verður auglýst síðar.

Þórlaug Arnsteinsdóttir **Jóhann Þór Halldórsson**
Sigrún Arnsteinsdóttir **Jóhannes Axelsson**
Árni Arnsteinsson **Borghildur Freysdóttir**
Hulda Steinunn Arnsteinsd.
G. Ingibjörg Arnsteinsd. **Þórður Ragnar Þórðarson**
Unnur Arnsteinsdóttir **Friðrik Sæmundur Sigfússon**
Heiðrún Arnsteinsdóttir **Friðjón Ásgeir Daníelsson**
og fjölskyldur.

Elsku maðurinn minn,

Dr. Valgarður Egilsson

læknir og rithöfundur,
Hólatorgi 4, 101 Reykjavík,

sem lést á heimili okkar 17. desember, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 28. desember kl. 15.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Katrín Fjeldsted

Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir og frænka,

Erla Sigrún Viggósdóttir

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudagin 20. desember.

Bragi Valgeirsson
Sandra Björk Bragadóttir
Brynhildur Íris Bragadóttir
Anna Eir Bragadóttir
Viggo Mortensen **Bergþóra Þórðardóttir**
Gerða Jenný Viggosdóttir **Halldór Garðarsson**
Magni Þór Mortensen **Hrefna Arnardóttir**
Auður, Elín, Baldur Örn, Kári Hrafn.

Ástkæra, yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Hrefna Svava Guðmundsdóttir

lést á dvalarheimilinu Grund mánudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, þann 3. janúar 2019 kl. 15.00.

Kolbrún Sveinsdóttir
Erla Sveinsdóttir **Pétur J. Eiríksson**
G. Ágúst Pétursson **Sesselja Auður Eyjólfsdóttir**
Ingibjörg Pétursdóttir **Hartwig Müller**
Pétur Pétursson **Dóra Kristín Björnsdóttir**
Guðrún Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórður J.Ó. Kristófersson

úrsmiður,
Ljárskógum 14, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 17. desember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 15.

Hulda Sigurbjörnsdóttir
Emilía Helga Þórðardóttir **Jón Jósef Bjarnason**
Matthías Þórðarson **Rakel Daðadóttir**
Þórdís Huld Þórðardóttir **Alex Montazeri**
Jóhanna Sigurbjörg Huldudóttir **Jóhann Pálsson**
Skúli Eyfeld Harðarson **Bryndís Hauksdóttir**
afa- og langafabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þóra Erla Hallgrímsdóttir

Akraseli 13,

lést á Líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 19. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 4. janúar klukkan 13.

Edda Björnsdóttir **Halldór Jón Sigurðsson**
Þórunn Árnadóttir **Ívar Ásgeirsson**
Árni Þór Árnason **Mimmo Illvonen Árnason**
Jenný Árnadóttir **Jay Manganello**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur faðir okkar,

Óttarr Möller

forstjóri,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 19. desember.

Emilía Björg Möller
Kristín Elísabet Möller
Erla Möller
Auður Margrét Möller

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

Ingvars Ástmarssonar

sem lést sunnudaginn 14. október og var jarðsunginn miðvikudaginn 31. október síðastliðinn.
Hugheilar jóla- og hátíðarkveðjur og heillaríkt komandi ár.

Jóna Guðfinnsdóttir
Ástmar Ingvarsson **Íris Wigelund Pétursdóttir**
Ragnar Ingvarsson **Agnes Björnsdóttir**
Arnar Ingvarsson **Salbjörg Ólafsdóttir**
og barnabörn.

Okkar yndislegi, heittelskaði sonur, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,

Eyþór Máni Stefánsson

Strandvegi 2, 210 Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 15. desember. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 28. desember klukkan 13.00.

Stefán Pálmason **Hjördís Ýr Bessadóttir**
Þórður Halldór Stefánsson
Bessi Skírnisson **Eiríksína Þorsteinsdóttir**
Pálmi Þór Stefánsson **Guðrún Björg Víkingsdóttir**
Stefán Pálmason **Hallbjörg Eyþórsdóttir**
Hjördís Sigurbjörnsdóttir

Ástkær bróðir okkar og frændi,

Jóhann Gísli Árnason

bifvélavirki,
Vatnsveituvegi, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 15. desember. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Ársæll Árnason
Garðar Árnason
Árni Páll, Margrét og Ársæll
Þóra, Guðný og Árný

BÆTTU HAMINGJU
VIÐ JÓLABAKSTURINN
TIL HAM!NGJU
HAM!NGJU
HESLIHNETUR
HAKKAÐAR
Diced Hazelnuts
100 g
HAM!NGJU
MÖNDLUR
HAKKAÐAR
Diced Almonds
100 g
tilhamingju.is

Allt fyrir innbakaðar nautalundir

Wellington

198
kr. 270 g

Wewalka Smjördeig
270 g

4.598
kr. kg

Nautalund
Þýskaland, frosin

5.995
kr. kg

ÍN Nautalund
Ísland

798
kr. 400 g

FK Wellington Duxelle
Fylling, 400 g

498
kr. 100 g

Ítölsk Hráskinka
100 g

9.049
ca. 2,6 kg*

***(= 3.480 kr/kg)**

Alls fyrir ca. 2,6 kg
WELLINGTON

* Nautalund þýsk 1,6 kg	**7.357 kr.**
Duxelle fylling 400 g	**798 kr.**
Smjördeig 2x270 g	**396 kr.**
Ítölsk þurrskinka 100 g	**498 kr.**

Verð gildir til og með **24. desember** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opnunartími

fram að jólum

22. des.	**10:00-21:00**	Laugardagur
23. des.	**10:00-21:00**	Sunnudagur
24. des.	**10:00-14:00**	Aðfangadagur

Gleðileg jól

JÓLAVÍNBERIN
Beint frá S-Afríku

879
kr. kg

Vínber Græn og rauð
Ný uppskera frá S-Afríku

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



LAUSNARORÐ Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í jólareitunum er raðað rétt saman birtist það sem þarf til að koma krökkunum á lappir á þessum tíma árs. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „Jólakrossgáta“.

LÁRÉTT

1 Greiðir götu Gísla, Eiríks og Helga í höfuðstaðnum (16)
13 Öll háhýsi útfyrir bæjarmörkin? Það eru ákveðnar framfarir (10)
14 Tekst að bjarga hilminum úr bobbanum (10)
15 Roskin rækta holt sem ber ávöxt (9)
16 Hitti fullfrjálsan öreiga (10)
17 Skemma hluta og rimlakassar eru fyrir skepnur (8)
18 Byggingin geymir allt það sem bacalao-framleiðsla krefst (9)
19 Áttu vinsæla messulistann? (10)
20 Reið vænir höfund um ólögmæta eintölu deilna (8)
23 Dagstjarna fjórðu plánetunnar er hvikul (9)
24 Barnið segir óvin sinn gleypa tin (7)
25 Við flýjum stríð í nokkrum lotum (8)
28 Innleiðing skjalabýtta leiðir til afnotabreytinga (11)
34 Frá, súr, búin! (8)
37 Sá tvo á perunni eftir ofát á perum? (9)
38 Tel þetta dag hinna léttvægu dóma augnabliksins (10)
39 Viðskipti færast annað án farskipa (8)
41 Munu þau átta sig á tjaldinu í grenndinni? (9)
42 Setja klæðningu á krukkuna og pokann á möttlinum (10)
44 Fannfergi ruglar frosk og ljón (9)
45 Kýs að farða sig þegar hann er búinn að færa klerk úr hempunni, annað væri rugl (8)
50 Þessir tappar verja þrumuskotin (9)
52 Held ég bæti alla daga með slíkum söng (9)
53 Hef dregið beiðni mína saman á eitt blað, autt (8)
54 Sækja má góðan svörð í móaflóann (10)
55 Ferðafélagi minn segir einu gilda hvernig ferðum okkar er háttað (9)
59 Hefur heldur skánað eftir að þú þekktir kvæði sem spurt var um (8)
60 Segja titring spila inn í vesöld heimsins (10)
64 Þessi er enn allur í drasli, en ekki kemur fram hver hann er (10)
65 Hrærir þá Óðinn uns finir angar spretta úr jarðstöngli og sækja jurtinni næringu (8)
69 Fyrrum áttu Gyðingar jörð í Egyptalandi - það var mikil kostajörð (9)
70 Enn finnst stöpull, nokkru aftar en hinir (10)
71 Átti von á mótbárum frekar en þessu viðbragði sem ekkert var (8)
72 Kerra full af nautakjöti – dregin af nauti! (7)
73 Galaði út af eldum á botnþiljunum (8)
74 Að tala of mikið við ruglaða taxaskarfa getur leitt til allskonar mistaka (10)

LÓÐRÉTT

1 Lúskra á toppmanni í viðskiptalífinu (11)
2 Hef áhyggjur af ungum aldri þessa liðs, einkum barnanna (11)
3 Guðrún kann þá list að rista galdrastafi (11)
4 Átu stráka sem beittu línu (11)
5 Ánægjulegt að vera samvistum við grínara (10)
6 Tónn hans ruglaði mig svo að ég heyrði „barrdæld (8)
7 Flyt kagga korns á klár sem klárar sig af tveimur (10)
8 Rífðu agúrku og saxaðu aðra, blandaðu þessu saman og það er klárt (10)
9 Æ, ég tek þorpið fram yfir auðnina (9)
10 Gleypti hlaðborð með stelli og gestum og öllu (9)
11 Orð skulu standa, segir sú sem ekki talar af sér (7)
12 Það kom frostskemmd í nautgripakjötið, svo við borðum fugla í staðinn (7)
21 Sprettgangandi fær sér snúning og bakkelsi (9)
22 Grípið geim, víddina heim! (8)
26 Móbyrgi – þar sem tyrfið mál á sér sitt hólf (7)
27 Skyldi dúnn vera þungur? (7)
29 Sá brandgæs leika Sál konung (8)
30 Endur eru ekki fiðurfé, þvert á móti (9)
31 Grímur frá Kömpum ræktar þessi blóm (11)
32 Auður Arnar er hálft kíló á þessari vog (7)
33 Fyrsta flokks krúna er einkenni ákveðinna fremdardýra (6)
35 Við skulum tala um bjarg. Þar fór fram predikun. (9)
36 Þetta mý við Mývatn er víst alveg eðal-mý (9)
40 Fila sund í fornum skrám (7)
43 Sá sem á svæðið er ansi agressífur (8)
46 Margir villast á innbyrðis átökum óværu og stríði Sturlunga við Ásbirninga (11)
47 Fæ hálskrampa meðan þetta er að sjóða (7)
48 Bogaputti, er það frotte eða brimsúgur? (7)
49 Þeir óvirða örlítil afkvæmi afkvæma sinna (7)
51 Flakk sagnorða milli alþjóðlegra ævintýra (10)
55 Finn fullnægju í góðu spjalli og eftirrétti (7)
56 Geri pot jafn vinsælt og rugl-gamalt sport (7)
57 Kemur óáfengur bjór róti á huga fólks? (7)
58 Af fljótandi gjaldmiðli Íslands frá ´76 - ´81 (7)
61 Kreppa fer illa í þann risa sem við ergjum (6)
62 Um hró sem hann limlesti víst fyrir guð (6)
63 Lætur sig dreyma um tíu tíma bíómyndir (6)
66 Elska ruglaða menn og margdæmda (5)
67 Þessi höfði þurrkaðist út (5)
68 Viðbúnaður fyrir illa menn (5)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og í þetta sinn fær vinningshafi eintak af **Þrír dagar og eitt líf** eftir **Pierre Lemaitre** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hjördís Hjartardóttir, Reykjavík.**

FORLAGIÐ

Lausnarorð síðustu viku var

KERFISFRÆÐINGUR

H	O	R	T	U	G	U	M		Á		H		S		Þ	R	A	U	T					
E			Ú		E		Ú	T	B	L	Á	S	T	U	R		Ð		Í					
L	Í	F	R	Æ	N	U	M		Y		T		R		E	I	R	U	M					
G			I		G		I	D	R	Á	T	T	I	N	N		E		A					
A	P	A	S	K	I	N	N		G		A		K		G		I		L					
F			T		N		Á		A	R	M	B	I	N	D	A	N	N	A					
E	R	K	I	E	N	G	L	A	R		Á		N		R		A		U					
L		E				E	F	T	I	R	L	A	U	N	A	Á	R	I	N					
L		R		H		T		H		I		F		E		L			U					
I	L	L	M	Á	L	U	G	U		T		T		T	E	F	L	U	M					
		A		L		L		G	O	S	G	U	F	A		A		F						
S	A	U	Ð	S	L	E	G	A		T		R		F	I	M	A	S	T					
		G		U		Y		Ð		A	F	Á	T	I		E		A						
D	R	A	U	M	A	S	T	A	R	F			Á	S	B	Y	R	G	I					
E			M		F	I	R	N	A	S	T	E	R	K		J		I						
Á	L	I	T	U	R		I		N		A		V	I	T	A	E	L	D					
	L		Ó		Á	F	L	O	G	I	N		O		R		L		U					
R	I	F	L	A	S		L		L		T		T	V	I	S	T	I	G					
	N		U		A	K	U	R	E	Y	R	A	R			L		U		A				
S	N	U	Ð	U	R		R		S		A		A	F	L	A	Ð	I	R					

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

ALLT Í JÓLAMATINN Í NETTÓ

Hamborgarhryggur
Kjötsel
1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.665 KR/KG
-28%

-30%

Úrbeinað hangilæri
Kjötsel
2.764 KR/KG
ÁÐUR: 3.949 KR/KG

-50%

Sænsk skinka
Kjötsel
998 KR/KG
ÁÐUR: 1.995 KR/KG

-20%

Humar án skeljar
800 gr
3.998 KR/PK
ÁÐUR: 4.998 KR/PK

Skelbrotinn humar
1 kg
3.271 KR/KG
ÁÐUR: 4.089 KR/KG

-30%

Hátíðarlæri
Kjarnafæði
2.589 KR/KG
ÁÐUR: 3.698 KR/KG

FRÁBÆRT VERÐ!

Heill kalkúnn
Franskur
1.198 KR/KG

Rauð epli
229 KR/KG
ÁÐUR: 458 KR/KG

-50%

-15%

Kalkúnabringur
Erlendar
1.897 KR/KG
ÁÐUR: 2.599 KR/KG

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 22. - 24. desember 2018
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

332

Lísaloppa og Róbert voru að skreyta jólatréð og skemmtu sér konunglega við það. Hlóðu á það öllu því fallega sem þau langaði til „Þetta finnst mér nú allt of skreytt jólatré," sagði Kata. „Ég meina, hvað eru eiginlega margar rauðar kúlur á þessu tré? eða kerti?" Konráð byrjaði að telja og varð að viðurkenna að þær væru ansi margar kúlurnar og kertin. „Að ekki sé minnst á brosandi stjörnurnar," bætti Kata við.

„Svona, svona," sagði Lísaloppa. „Hvar er jólaandinn Kata mín? Þú þarft ekki alltaf að hafa allt á hornum þér. Reyndu frekar að njóta jólanna." Kata horfði smástund þögul á tréð. „Já kannski, en þið verðið að viðurkenna að þið vitið ekkert hvað þið eruð búin að setja margar rauðar kúlur á tréð." Það urðu þau að viðurkenna. Þær voru jú orðnar ansi margar.

Getur þú talið allar rauðu jólakúlurnar, kertin og brosandi stjörnurnar?

Listaverkið

Hún **Laufey Lilja Leifsdóttir** sendi blaðinu þessa jólamynd af flottum karli úr bláum snjó.

„Ég var mjög hissa og vissi ekki hvað var að gerast," segir Þórdís um viðbrögð sín við að vera valin Jólastjarna ársins 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fílar djass, klassíska tónlist, hip hop og rapp

Hin þrettán ára gamla Þórdís Karlsdóttir hefur slegið í gegn sem jólastjarna 2018 á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar.

Þórdís Karlsdóttir sem ber titilinn Jólastjarna ársins 2018 lifir sig inn í sönginn og gerir lögin að sínum. Hún hefur komið fram á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Hörpu tvo síðustu daga og syngur á tvennum tónleikum í dag. Svarið við fyrstu spurningunni kemur ekki á óvart.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Auðvitað syngja – og vera með vinkonum mínum sem eru allar ólíkar hver annarri.

Hvernig var þér innanbrjósts þegar þú varst valin Jólastjarna 2018? Ég var mjög hissa og vissi ekki hvað var að gerast þegar fólkið sem sér um keppnina kom í skólann minn. En ég var ánægð og auðvitað er þetta mikill heiður. Fólkið er líka svo skemmtilegt.

Fór mikill tími í æfingar? Já, æfingarnar voru langar en dagarnir voru fáir sem við notuðum til æfinga. Þetta er samt allt rosa gaman og varð léttara eftir að jólafríið byrjaði í skólanum.

Ert þú í kór eða öðru tónlistarstarfi? Ég er að læra söng í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar og syng þar oft og æfi mig heima. Svo er ég líka í hljómsveitinni Readi. Við spilum og syngjum alls konar lög, það nýjasta á listanum er Crazy.

ÉG ER AÐ LÆRA SÖNG Í TÓNLISTARSKÓLA MOSFELLSBÆJAR OG SYNG ÞAR OFT OG ÆFI MIG HEIMA. SVO ER ÉG LÍKA Í HLJÓMSVEITINNI READI.

Hefur þú sungið einsöng opinberlega áður? Já, ég hef sungið í sýningu í Borgarleikhúsinu og í heimsóknum á elliheimili.

En aldrei í Hörpu fyrr? Jú, einu sinni. Þá söng ég einsöng með Stórsveit Mosfellsbæjar.

Hvernig tónlist fílar þú mest? Bara alla tónlist. Mest djass, en líka klassíska tónlist, hip hop og rapp.

Áttu þér uppáhalds söngvara? Já, ég elska að hlusta á blússöngkonuna Arethu Franklin.

Hvað finnst þér best við jólin? Það sama og flestum, matur og pakkar og svo auðvitað samveran með fjölskyldunni, tala saman og svo líka að sofa út. Bara þessi grundvallaratriði.

Pioneer

HLJÓMTÆKJASTÆÐA - HM26

30W (15W + 15W RMS) (8Ω) / Class D Magnari / 2-Way Bass-Reflex Hátalarar / Bass Enhancer (P.BASS) / CD-Audio, CD-R/-RW (MP3) / USB Tengi (MP3) / AM/FM Útvarp m. 30 stöðva minni / Innbyggt Blueooth 4.1 / Bluetooth Auto Connect

kr. 44.900,-

Pioneer

Hljómtækjastæða.

X-SMC02D-W

kr. 33.500,-

Pioneer

Stereo magnarar. Verð frá:

kr. 36.900,-

OPIÐ TIL 21
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Jól
ORMSSON

WMF
NÝ VARA HJÁ ORMSSON

kr. 9.900,-

KAFFIVÉL BUENO

vrn. WM412250011
1000W kaffivél með glerkönnu.

Pioneer

Hi-Res heyrnartól BT

SE-MS7BT

kr. 18.900,-

BRAUN

310s Rakvél **kr. 8.990,-**
300s Rakvél **kr. 7.990,-**
ST510 Skeggsnyrtir **kr. 9.990,-**

GOTT ÚRVAL HÁRSNYRTITÆKJA FYRIR KARLA OG KONUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Tefal

Jamie Oliver

POTTAR OG PÖNNUR Í GÓÐU ÚRVALI

muse

Lýsir tíma í loftið

MUSE Útvarpsvekjari

M-189PMR

kr. 7.490,-

de BUYER

CHOC EXTREME
Gæðapönnur í 20 / 24 / 28 og 32cm

UNOLD

60 klakar á klst.

ÚRVALS KLAKAVÉL FYRIR HÁTÍÐARNAR.
Stendur undir stóru veislunum.

kr. 39.900,-

Nintendo
SWITCH

kr. 56.900,-

Úrval NINTENDO leikja

UNOLD
Sous Vide
Hægeldunartæki
58905

Jólaverð **kr. 9.900,-**

Á meðan birgðir endast

staub en France

Gott úrval af einstökum vörum

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-19
Laugardagur 22. des. kl. 11-21
Þorláksmessa 23. des. kl. 13-21
Aðfangadagur 24. des. kl. 10-12

ormsson

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Hæg breytileg átt og skýjað með köflum eða bjartviðri. Skýjað vestan til á landinu undir kvöld og stöku él. Hiti víða kringum frostmark en frost allt að 8 stig inn til landsins, einkum norðan til. Hlýjast suðaustan til.

Heimurinn

Kaupmannah. 3°	Oslo -4°	Stokkhólmur -2°	Gautaborg 0°	Helsinki -7°	Þórshöfn 7°	Nuuk 0°
London 11°	Amsterdam 9°	Paris 12°	Berlin 7°	Madrid 8°	Brussel 11°	Róm 15°
Boston 10°	New York 8°	Orlando 7°	Moskva -3°	Singapúr 26°	Tókýó 10°	Sydney 18°

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
4° ↗7	5° ↗8	3° ↖11	6° ↖6	4° ↗4

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↗10	3° ↗13	-2° ↑5	4° ↗8	2° ↗9

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
0° ↗12	2° ↗16	-2° ↗5	3° ↗11	1° ↗12

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-1° ↗4	2° →10	-0° ↑3	2° ↗6	2° ↗7

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-0° ↘4	2° ↗5	0° ↙4	3° ↙3	2° ↗5

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI
BRAGÐAST BETUR
GODIVA
SALTED CARAMEL
GODIVA
72% COCOA
GODIVA
MILK CHOCOLATE
GODIVA
BLOOD ORANGE
GODIVA
MASTERPIECES
GANACHE HEART WITH
BELGIAN DARK CHOCOLATE
GODIVA
MASTERPIECES
CARAMEL LION WITH
BELGIAN MILK CHOCOLATE
GODIVA
Belgium 1926

GÓÐAR GJAFIR, GLEÐILEG JÓL!

VITRA Wooden Doll
TILBOÐSVERÐ: 9.900.-
Verð áður: 12.900.-



VITRA Hang-It-All
TILBOÐSVERÐ: 29.760.-
Verð áður: 36.900.-



VITRA Elephant (S)
TILBOÐSVERÐ: 10.823.-
Verð áður: 13.420.-



VITRA Rotary Tray
TILBOÐSVERÐ: 4.990.-
Verð áður: 6.364.-

VITRA High Tray
TILBOÐSVERÐ: 4.995.-
Verð áður: 6.360.-

VITRA Toolbox
TILBOÐSVERÐ: 3.826.-
Verð áður: 4.748.-



30% AFSLÁTTUR

Hnattlíkön úr gleri
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 7.699.-
Verð áður frá: 10.999.-

30% AFSLÁTTUR

Frozen Borðspil - Snákaspilið / Lúdó
TILBOÐSVERÐ: 1.049.- (stk.)
Verð áður: 1.499.- (stk.)

30% AFSLÁTTUR

Borðspil Pop Up Prinsessu / Frozen
TILBOÐSVERÐ: 2.799.- (stk.)
Verð áður: 3.999.- (stk.)

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

Framúrskarandi fyrirtæki



Undir sumarhimni
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.999.-



Hinir útvöldu
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 8.999.-

Úlfar og kokkarnir á Frökkunum
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.449.-

Íslendingasögur (5 bindi)
TILBOÐSVERÐ: 29.999.-
Verð áður: 37.999.-



Ljóðasafn
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 6.999.-



Gorgías
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-

Einar Jónsson myndhöggvari
TILBOÐSVERÐ: 7.999.-
Verð áður: 9.999.-



Hjarta Íslands
TILBOÐSVERÐ: 8.999.-
Verð áður: 12.999.-



Just Kids
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 7.499.-



The Bucket List: Wild
TILBOÐSVERÐ: 4.479.-
Verð áður: 5.599.-

ALLAR ERLENDAR MATREIÐSLUBÆKUR

20% AFSLÁTTUR



This is Home
TILBOÐSVERÐ: 5.799.-
Verð áður: 5.999.-

Hindsight
TILBOÐSVERÐ: 4.399.-
Verð áður: 5.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 23. desember eða meðan birgðir endast. Gildistími VITRA-tilboða er til og með 24. desmber. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Sjá má að konur sækja í vísdóm Austen til að fá svör við erfiðum spurningum, segir Alda. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Djúp viska Jane Austen

Alda Björk Valdimarsdóttir hefur skrifað bók um það hvernig ímynd bresku skáldkonunnar lifir áfram. Konur í sögum Austen sjálfstæðar og sterkar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Í bókinni Jane Austen og ferð lesandans fjallar Alda Björk Valdimarsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, um það hvernig ímynd Jane Austen lifir áfram innan ástarsagna, skvísusagna og sjálfshjálparbóka samtímans. Bókin er unnin upp úr doktorsritgerð Öldu sem hún varði árið 2014.

„Bókin fjallar um endurritanir á Jane Austen út frá þessum þremur nálgunarleiðum. Það varð risastór sprenging eftir að BBC-þáttaröðin af Pride and Prejudice var sýnd árið 1995, og kannski ber Colin Firth vissa ábyrgð á því en þættirnir gerðu hann að stórstjörnu. Um svipað leyti voru gerðar kvikmyndir eftir öllum bókum Austen svo að líklega lá eitthvað í loftinu. Síðan koma endurritanirnar. Ég er aðallega að skoða þrjár greinar; ástarsöguna, skvísusöguna og sjálfshjálparbækur. Austen-iðnaðurinn einskorðast ekki við þær, því að skrifaðar hafa verið glæpasögur, hrollvekjur, erótískar sögur, kokkabækur og svo mætti lengi telja. Þetta er risastór iðnaður."

Í leit að einfaldari heimi

Þegar Alda er spurð hvað heilli nútímakonur svo mjög við bækur Jane Austen segir hún: „Þetta er ein af stóru spurningunum sem ég glími við í bókinni. Ég skoða þetta út frá konum, kvenhlutverkum og konum í neyslusamfélagi. Oft og tíðum sjá þær um heimili og börn en eru einnig að huga að eigin frama. Við þetta bætist að í samfélaginu er mikil útlitsdýrkun sem skapar gríðarlegt álag. Hraðinn í samfélaginu er líka mikill. Í skvísusögunum er ákveðin angist ríkjandi hjá kvenhetjunum og þessi kvíði er einnig áberandi í sjálfshjálparbókunum. Það má velta því fyrir sér hvort konur sem sækja í þessar bækur séu um leið að leita í heim sem er aðeins einfaldari en sá sem þær lifa í. Konur í sögum Jane Austen hafa ekki mikil réttindi en eru samt sterkar og sjálfstæðar. Hugsanlega eru nútímakonur að sækja í þær sem fyrirmyndir og heillast um leið af fantasíunni um einfalt samfélag. Það er ákveðin blekking vegna þess að þetta var alls ekki gott samfélag fyrir konur."

Heill iðnaður hefur sprottið upp í kringum heim Jane Austen.

Skvísusögur og hefðarhöfundur

Dagbók Bridget Jones hefur verið skilgreind sem fyrsta skvísusagan en þar er Alda með aðra kenningu. „Mín kenning er sú að Northanger Abbey eftir Jane Austen sé fyrsta skvísusaga sem skrifuð hefur verið og í bókinni skoða ég tengslin milli þessara tveggja skáldsagna. Ég skoða líka bækur eftir Sophie Kinsella, en þessir tveir höfundar eru að mínu mati arftakar Austen, þótt sögur þeirra séu augljósar afþreyingarsögur meðan Jane Austen er kanónuhöfundur. Sögur Fielding og Kinsella eru kómískar frásagnir, sagðar frá sjónarhóli konunnar. Munurinn er sá að enn sem komið er eru skvísusögur hrein afþreying meðan Jane Austen er hefðarhöfundur og sögur hennar flóknari."

Andleg næring og hugljómun

Svo eru það allar sjálfshjálparbækurnar en þar er litið til meðferðarfulltrúans Jane Austen sem er í þessum bókum gjarnan í hlutverki sálfræðings eða leiðbeinanda. Sjá má að konur sækja í vísdóm Austen til að fá svör við erfiðum spurningum varðandi líf sitt og þá aðallega ástalíf en einnig hversdagslegri vandmál. Viska Jane Austen er svo djúp að hún verður í sumum af þessum ritum að vitringi, gúrú eða fær jafnvel stöðu dýrlings. Þannig verður hún og skáldsögur hennar að trúarlegu viðfangsefni og lesendur sækja sér andlega næringu, leiðsögn og hugljómun í verk hennar.

Bók Öldu er ríkulega myndskreytt. „Það fór heilmikill tími í að velja myndir í bókina og skrifa myndatexta, en það eru rúmlega 100 litmyndir í bókinni. Hún á líka að vera prentgripur sem gaman er að fletta og skoða," segir Alda. „Það var sérstaklega ánægjulegt að vinna þessa bók á íslensku vegna þess að svona stórar fræðilegar bækur eru yfirleitt ekki gefnar út í enskumælandi löndum", segir hún að lokum.

Frábær dagskrá í Jólaþorpinu 22. og 23. des.
Sjá nánar á

FJÖRÐUR
Opnunartími verslana í Firði
Lau. 22. des. 11-22
Þorláksmessa 11-23
Aðfangadag til 13

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

GEFÐU GLEÐISTUND UM JÓLIN

Gjafakort í Þjóðleikhúsið er ávísun á upplifun og ævintýri

Það er einfalt að ganga frá kaupunum á **leikhusid.is** eða í síma **551 1200**

Þjóðleikhúsið · Hverfisgata 19 · 101 Reykjavík · s. 551 1200 · leikhusid.is

Charles Dickens, einn merkasti skáldsagnahöfundur allra tíma.

Glæstar vonir á íslensku

Í könnun sem Miðstöð íslenskra bókmennta lét gera fyrir stuttu kemur fram að 79 prósentum landsmanna finnst mikilvægt að þýða erlendar bækur á íslensku. Miðstöðin hefur á þessu ári úthlutað tuttugu milljónum til þýðinga á íslensku. Nýlega var tilkynnt um styrki í seinni úthlutun ársins og þar eru mörg ánægjuleg tíðindi.

Íslenskir lesendur eiga von á þýðingum á frábærum verkum. Þar skal fyrst nefna íslenska þýðingu Jóns St. Kristjánssonar á Great Expectations eftir Charles Dickens, en hér er á ferð ein frægasta skáldsaga hans sem hefur margoft verið kvikmynduð og gerð að sjónvarpsþáttum. Von er á þýðingu Þórdísar Bachmann á Fahrenheit 451 eftir Ray Bradbury. Halla Kjartansdóttir þýðir Lacci eftir Domenico Starnone og Sólveig Sif Hreiðarsdóttir Where the World Ends eftir Geraldine MacCaughrean. Smásögur heimsins IV – Afríka koma út og þar eru margir þýðendur. Utopia for Realists eftir Rutger Bregman kemur í þýðingu Jóns Baldvins Hannibalssonar. Warriors, into the Wild eftir Erin Hunter er í þýðingu Urðar Snædal og valin ljóð W.B. Yeats í þýðingu Sölva Björns Sigurðssonar. Einnig safn ljóða eftir Simon Armitage, Lavinia Greenlaw og Paul Muldoon í þýðingu Sigurbjargar Þrastardóttur, Magnúsar Sigurðssonar og Sjón.

Meðal barna- og ungmennabóka sem hlutu styrki eru The Wizards of Once eftir Cressida Cowell sem Jón St. Kristjánsson þýðir. Einnig The Polar Bear eftir Jenni Desmond í þýðingu Maríu S. Gunnarsdóttur og Mein Lotta-Leben eftir Alice Pantermüller í þýðingu Herdísar M. Hübner. – **kb**

Bruninn í Alexandríu

BÆKUR

Bókasafn föður míns

★★★★½

Höfundur: Ragnar Helgi Ólafsson
Útgefandi: Bjartur
Blaðsíður: 200

„Þó þeir hafi jafnvel ekki bjargað nema einni góðri bók frá glötun, hafa þeir unnið svo þarft verk að orðstír þeirra deyr ekki.“

(Bókasafn föður míns bls. 63, tilvitnun í bókina Bækur og bókamenn).

Við sem elskum bækur, sofnum með þær undir koddanum, fyllum allar hillur og borð af bókum og finnst eiginlega ekki vera heimili ef það sést í bókalausan vegg eigum mörg hver erfitt með að horfast í augu við að við séum að lifa efstu daga bókarinnar. Þetta verður Ragnar Helgi Ólafsson, bókahönnuður og lesandi, sonur bókaútgefanda og sonarsonur bókasafnara, með bókaástríðu í blóðinu sem hann á þó í flóknu sambandi við, áþreifanlega var við þegar hann horfist í augu við nánast óyfirstíganlegt verkefni: að fara í gegnum bókasafn látins föður síns, velja bækur, hafna bókum og henda bókum (mig svíður í augun og fingurna þegar ég skrifa þessi tvö orð saman), reyna að koma bókunum sem hann sjálfur hefur hafnað en ekki hent í skjól einhvers staðar fyrir og komast að því að það skjól er ekki lengur til, enginn vill gamla bók, ekki einu sinni hann sjálfur. Meðfram þessu óyfirstíganlega verkefni vinnur hann úr minningum um föður sinn um leið og hann flettir gegnum bækurnar í safninu, fléttar saman persónulegri reynslu og lífinu, samfélaginu og heiminum sem bækurnar bera í sér og yfir hvoru tveggja er tregi, atburðarásin er komin af stað, dómur hefur verið upp kveðinn og það er ekkert að gera nema horfa á eitthvað sem skiptir svo óendanlega miklu máli fjara út, nema kannski að reyna að fanga það á einhvern hátt.

